


**Berlusconi** sjaldan eins umdeildur
stjórnmál 26






spottið 18




# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarútgáfa
12. mars 2011
59. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




## Afdrifarík hjólaferð

*Lára Stefánsdóttir segir frá örlögum systur sinnar sem hélt út í vorið á nýju hjóli.*

**fólk** 24

## Næsta stóra verkefni

*Þriðja hvert heimili hefur orðið fyrir barðinu á atvinnuleysi frá hruni.*

**þjóðmál** 16

## Stóra Britsave-málið

*Hallgrímur Helgason segir sögu breska netbankans sem gerði Íslendinga ríka, reiða og brjálaða.*



**saga** 28

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Matur | Allt | Allt atvinna






**HAMFARIR** Gífurlegt tjón varð víða í norðurhluta Japans vegna skjálftans og flóðbylgjunnar sem fylgdi í kjölfarið. Flóðbylgjan sópaði bílum og braki eftir götunum í þessu íbúðarhverfi í borginni Natori og reif hús af grunninum. Eldur braust út og hús og brak standa í björtu báli. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Hamfarir skekja Japan

**Óttast að á annað þúsund manns hafi farist í einum öflugasta jarðskjálfta sögunnar og flóðbylgjunni sem reið yfir Japan í gær. Hættuástand í kjarnorkuveri. Tuga þúsunda saknað. Íslendingar í landinu óhultir.**

**JAPAN** „Maður verður býsna lítill í sér þegar maður stendur frammi fyrir svona kröftum,“ sagði Stefán Lárus Stefánsson, sendiherra Íslands í Japan, í samtali við Fréttablaðið eftir að gríðaröflugur jarðskjálfti reið yfir landið.

Talið er að á annað þúsund manns hafi látið lífið í jarðskjálftanum og ógnarmikilli flóðbylgju sem fylgdi honum. Flóðið eirði engu þar sem það var sem öflugast, í borginni Sendai og nágrenni hennar. Tuga þúsunda er enn saknað.

Hætta skapaðist við kjarnorkuver um 300 kílómetra norður af Tókýó, þar sem yfirvöld, í samstarfi við bandaríska herliðið í landinu, kepptust við að halda kjarnakljúfi gangandi. Mikið reið á að halda kælikerfi kjarnakljúfsins starfandi til að koma í veg fyrir mengunarslys.

> Háhýsin sveifluðust eins og þau væru úr gúmmíi
>
> ÁRNI KRISTJÁNSSON
> NEMI Í TÓKÝÓ

Alls voru 55 Íslendingar í Japan þegar skjálftinn reið yfir, samkvæmt lista utanríkisráðuneytisins. Þegar blaðið fór í prentun var búið að hafa samband við flesta og var enginn þeirra í hættu.

Skjálftinn var 8,9 stig á Richterkvarða og átti upptök sín skammt út af austurströnd landsins. Vísindamenn segja að þetta sé sjöundi öflugasti jarðskjálfti sögunnar og var hann nærri 8.000 sinnum kröftugri en sá sem skók Christchurch í Nýja Sjálandi á dögunum.

Fjölmargir eftirskjálftar riðu yfir landið í nótt, sá öflugasti var 6,5 á Richterkvarða.

**- þj, þeb, gb, óká** **/ sjá síður 4, 6 & 8.**










## SPURNING DAGSINS



*Yesmine, geturðu ekki gert þér mat úr þessum verðlaunum?*

„Auðvitað, maður verður að gera gott úr því sem maður hefur."

Matreiðslubók Yesmine Olson hreppti bronsverðlaun í flokki indverskrar matseldar í stærstu matreiðslubókakeppni veraldar í París.

Kauphöllin ætlar að taka hlutabréf Össurar aftur til viðskipta eftir afskráningu:

# Þurfa ekki samþykki félagsins

**VIÐSKIPTI** „Gjaldeyrishöftin setja okkur í þessa stöðu. Okkur fannst ekki hægt að gera annað. Þetta var það eina sem við gátum gert í því umhverfi sem við búum við," segir Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar.

Vika er liðin síðan samþykkt var á aðalfundi stoðtækjaframleiðandans Össurar að taka félagið af hlutabréfamarkaði hér. Þau eru jafnframt skráð á markað í Kaupmannahöfn. Síðasti viðskiptadagur bréfanna er föstudagurinn 25. mars næstkomandi. Kauphöllin tilkynnti hins vegar í gær að þrátt fyrir þetta verði hlutabréf félagsins tekin aftur til viðskipta eftir helgina og muni fjárfestar geta bæði keypt og selt hlutabréf Össurar með sama hætti og áður í íslenskum krónum.



PÁLL HARÐARSON

Kauphöllin beitir fyrir sig samevrópsku regluverki um kauphallir sem innleitt var hér árið 2007 og heimilar að taka verðbréf til viðskipta án samþykkis útgefanda hafi verðbréfin verið tekin til viðskipta á öðrum verðbréfamarkaði innan evrópska efnahagssvæðisins. Ekki liggur fyrir hvort félagið verði áfram í úrvalsvísitölunni.

„Það er grundvallarréttur hluthafa að geta bæði keypt og selt hlutabréfin. Við vorum í þeirri stöðu að hefði kauphöllin ekki tekið bréfin á ný til viðskipta hefðu íslenskir hluthafar aðeins getað selt bréfin," segir Páll. **- jab**

Kaup á Capacent sögð lögleg:

## Óveðsettar eignir seldar

**VIÐSKIPTI** Kröfu skiptastjóra í þrotabúi GH1, áður Capacent, um að Capacent láti af hendi eignir með innsetningu var vísað frá Héraðsdómi Reykjavíkur 21. febrúar síðastliðinn.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í tilkynningu frá Capacent. Þar segir að við kaup á rekstri fyrirtækisins í haust hafi aðeins óveðsettar eignir verið keyptar. Í þrotabúinu hafi setið eftir veðsettar eignir. Löglega var staðið að kaupum á rekstrinum, samkvæmt niðurstöðu sýslumanns. **- jab**

Áætlun um haftaafnám bíður:

## Birtingu frestað um tvær vikur

**EFNAHAGSMÁL** Birtingu á áætlun um afnám gjaldeyrishafta hefur verið frestað um hálfan mánuð. Til stóð að kynna áætlunina í gær.

„Undanfarið hefur sérstakur stýrihópur, sem í eiga sæti efnahags- og viðskiptaráðherra, fjármálaráðherra, seðlabankastjóri og forstjóri Fjármálaeftirlitsins, haft forystu um mótun áætlunar um afnám gjaldeyrishafta," segir í tilkynningu efnahags- og viðskiptaráðuneytisins. „Enn er nokkur vinna framundan til þess að stýrihópurinn geti lokið tillögugerð sinni til ríkisstjórnarinnar. Það er því óhjákvæmilegt að fresta afgreiðslu áætlunarinnar."

Taka á afstöðu til áætlunarinnar í ríkisstjórn 25. mars og kynna hana samdægurs. **- óká**

Ósamið í makríldeilunni:

## Jákvæðum fundi lokið

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Fundur Íslands, Noregs, Færeyja og Evrópusambandsins (ESB) í makríldeilunni, sem stóð frá miðvikudegi til föstudags, var jákvæður en fyrri fundir að sögn Tómasar H. Heiðar, aðalsamningamanns Íslands.



TÓMAS H. HEIÐAR

Ekki náðust samningar um lok deilunnar, en Íslendingar áréttuðu þar að útgangspunkturinn væri núverandi hlutdeild Íslands í makrílveiðunum, á bilinu 16 til 17 prósent, en Tómas segir að samninganefnd Íslands hafi jafnframt gefið til kynna „aukinn sveigjanleika til að fallast á lægri hlutdeild" af heildarafla gegn aðgangi að lögsögu ESB og Noregs.

„Við væntum þess að ESB og Noregur muni í framhaldinu stíga skref til móts við okkur," segir Tómas. **- þj**

# Gunnar í Krossinum verður yfirheyrður

**Mál kvennanna sem ásaka Gunnar Þorsteinsson um kynferðisbrot er nú orðið formleg kæra. Skýrslutökur eru komnar langt á veg. Gunnar kallar málið ærumeiðingar. Mestu máli skiptir að hann viðurkenni brotin, segir ein kvennanna.**

**LÖGREGLUMÁL** Mál kvennanna sjö sem saka Gunnar Þorsteinsson, forstöðumann Krossins, um kynferðisbrot hefur nú verið lagt fram sem lögformleg kæra. Skýrslutökum hjá lögreglu er nær lokið, en búið er að tala við fimm konur. Gunnar verður kallaður í skýrslutöku í kjölfarið, en hann neitar öllum sökum.

Gunnar segist vera með málin í skoðun en ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvernig brugðist verði við.

„Það verður bara að koma í ljós í fyllingu tímans," segir hann. „Þetta eru alvarlegar ærumeiðingar sem hér um ræðir."

Gunnar hefur stigið til hliðar sem forstöðumaður Krossins og segist nú vera óbreyttur safnaðarmeðlimur. Hann átti fund með Ástu Knútsdóttur og tveimur öðrum einstaklingum fyrir hálfum mánuði. Fólkið, sem Ásta og Gunnar þekkja bæði, hafði hlustað á frásagnir kvennanna í húsnæði Drekaslóða áður en fundurinn fór fram. Gunnar segir fundinn ekki hafa gengið vel.

„Þar var mikil óbilgirni. Ég hef ekki talað við konurnar sjálfar um þessi mál, sem ég hefði viljað gera," segir hann. „Allan tímann hef ég beðið um að fá að hitta þær."

Ólöf Dóra Bartels Jónsdóttir, ein kvennanna sem hefur kært Gunnar, segir þessi ummæli hans fráleit. Hann hafi aldrei óskað eftir fundi með neinni kvennanna.

„Einu skilaboðin sem ég hef fengið frá honum var köld kveðja í gegnum Facebook. Hún var ekki þess eðlis að hann væri að kalla eftir fundi," segir Ólöf Dóra. Hún er afar ánægð með aðkomu lögreglu og segir konurnar allar mjög ánægðar með þann farveg sem málið er komið í.

„En það sem skiptir mestu máli er að hann viðurkenni það sem hann gerði," segir Ólöf. Hún skrifaði atburðina í dagbók sína árið 1986 þegar hún segir Gunnar hafa beitt sig áreiti af ýmsum toga, bæði líkamlega og með óviðeigandi ummælum.

Í vitnisburði hennar kemur fram að munnlegt áreiti af hálfu Gunnars hafi byrjað þegar hún var 15 ára. Hann byrjaði að leita á hana líkamlega þegar hún var 19 ára. Séu vitnisburðir kvennanna sjö teknir saman spannar tímabilið um tuttugu ár, eða frá því um 1979 til ársins 2000.

Tvær þeirra voru 13 og 14 ára þegar meint brot áttu sér stað.

sunna@frettabladid.is



**GUNNAR ÞORSTEINSSON** Fyrrverandi forstöðumaður Krossins, verður yfirheyrður af lögreglu á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

> Einu skilaboðin sem ég hef fengið frá honum var köld kveðja í gegnum Facebook. Hún var ekki þess eðlis að hann væri að kalla eftir fundi.
>
> **ÓLÖF DÓRA BARTELS JÓNSDÓTTIR**

Ragnar hættur í stjórn LV:

## Gæti haft áhrif á Framtakssjóð

**VIÐSKIPTI** Ragnar Önundarson, varaformaður stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV), sagði af sér í gær.



RAGNAR ÖNUNDARSON

Ragnar var forstjóri greiðslukortafyrirtækisins Kreditkorta, nú Borgunar, sem þátt tók í ólöglegu samráði kortafyrirtækjanna frá 2002 til 2006. Eftir umfjöllun Kastljóssins um málið á fimmtudagskvöld hringdi formaður LV í Ragnar og lýsti því yfir að hann teldi Ragnar eiga að stíga til hliðar. „Ég var sammála því," segir Ragnar. Hann útilokar ekki að brotthvarf hans hafi áhrif á setu hans í stjórn Framtakssjóðsins fyrir hönd LV.

„Umboð mitt er í höndum sjóðsins. Ég mun gera það sem hann óskar," segir Ragnar. **- jab**

Bíræfnir þjófar í Norðurmýri:

## Bílnum stolið strax eftir start

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla handtók tvo bílþjófa á Arnarneshæð í gær með því að aka á stolna bílinn og þvinga þá út af veginum.

Bílnum, Nissan-jeppa, hafði verið stolið í Norðurmýrinni skömmu áður á einkar bíræfinn hátt. Eigandi bílsins hafði verið að gefa öðrum bíl start og var að ganga frá köplunum í skottið þegar bílnum, sem var enn í gangi, var skyndilega ekið á brott.

Lögregla hóf þegar leit að mönnunum og sat fyrir þeim á Arnarneshæðinni. Þrír bílar tóku þátt í aðgerðinni og ók einn þeirra á jeppann til að þvinga hann út af. Mennirnir voru færðir í handjárn og fluttir til yfirheyrslu. **- sh**






# Thor Vilhjálmsson jarðsunginn

Rithöfundurinn Thor Vilhjálmsson var jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík í gær. Thor lést þann 2. mars síðastliðinn, 85 ára að aldri.

Thor var með merkari rithöfundum sinnar kynslóðar, en hann gaf út sína fyrstu bók, Maðurinn er alltaf einn, árið 1950.

Hann hlaut fjölmargar viðurkenningar hér á landi og erlendis á ferlinum. Meðal annars má nefna Bókmenntaverðlaun Norðurlanda árið 1987 fyrir skáldsöguna Grámosinn glóir, en Thor var einnig gerður að heiðursdoktor við Háskóla Íslands á síðasta ári **- þj**



**THOR VAR JARÐSUNGINN FRÁ DÓMKIRKJUNNI Í GÆR** Kistuberar voru þau Guðný Halldórsdóttir, Erlendur Sveinsson, Valgerður Benediktsdóttir, Þorsteinn frá Hamri, Benedikt Pálsson, Gísli Sigurðsson, Jón Norland og Páll Guðmundsson.


Kringlan
Ferming
TÍSKUSÝNING Í DAG KL. 14
Friðrik Dór
kynnir og tekur lagið
Gjafakort
VISA
Gjöf sem hentar öllum!
Mán–mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

HAMFARIR Í JAPAN

# Óttast að yfir þúsund hafi farist

**Jarðskjálfti sem mældist 8,9 stig kostaði að minnsta kosti eitthvað á annað þúsund manns lífið í Japan í gær. Mikil eyðilegging varð af völdum skjálftanna og flóðbylgjunnar sem fylgdi í kjölfarið. Víða kviknuðu eldar og allt mannlíf lamaðist í höfuðborginni Tókýó.**

Sjöundi harðasti jarðskjálfti sögunnar reið yfir Japan í gær og kostaði að minnsta kosti eitthvað á annað þúsund manns lífið. Óttast er að tala látinna muni hækka enn frekar.

Skjálftinn varð klukkan 14.46 að staðartíma, en þá var klukkan 5.46 að nóttu hér á landi. Næsta sólarhringinn á undan höfðu tugir skjálfta orðið á þessu svæði og tugir stórra eftirskjálfta komu auk þess í kjölfar þess stóra.

Strax var varað við flóðbylgju, sem skall í kjölfarið á allri austurströnd Japans og olli víða miklu tjóni á húsum, bifreiðum, bátum og skipum. Verst varð ástandið í borginni Sendai og nágrenni hennar, þar sem aurblandað flóð æddi um allt.

Heil járnbrautarlest hvarf hreinlega í flóðinu og á öðrum stað sökk skip með hundrað farþegum.

Mikill eldur kviknaði í olíuhreinsistöðinni í Chiba og bárust logarnir hundruð metra í loft upp. Þykkan reyk lagði upp af eldinum.

Eldur kviknaði einnig í kjarnorkuveri í Onagawa og kælikerfi bilaði í öðru kjarnorkuveri í Fukushima, þar sem neyðarástandi var lýst yfir og íbúar fluttir á brott í öryggisskyni. Stjórnvöld fullyrtu þó að enginn leki hafi orðið í þessum kjarnorkuverum.

Eldar kviknuðu einnig víða í húsum út frá rafmagni og loguðu fram á nótt.

Mannlíf í höfuðborginni Tókýó lamaðist meira og minna við jarðskjálftann. Lestarsamgöngur stöðvuðust og fólk komst því hvorki til né frá vinnu, hvað þá að sinna öðrum erindum.

Farsímasamband lá sömuleiðis niðri, bæði í höfuðborginni og víða um land. Stórir hlutar landsins urðu einnig rafmagnslausir.

Íbúar Tókýó eru vanir því að vera í fararbroddi tækniframfara og reiða sig mjög bæði á lestarsamgöngur og farsímasamband. Jarðskjálftinn olli því að tugir ef ekki hundruð þúsunda sátu fastir á lestarstöðvum og bjuggu sig undir að dvelja nóttina á kaffihúsum eða hótelum. Sumir létu sig þó hafa það að ganga allt upp í nokkurra klukkustunda leið heim til sín.

„Það hefur aldrei orðið hérna jarðskjálfti af þessu tagi, þannig að allar lestirnar stöðvist,“ sagði Hideharu Tedera, starfsmaður tónleikahússins Yokohama Arena, sem stóð opið til gistingar öllum strandaglópum í Yokohama, einu úthverfa höfuðborgarinnar.

Japanir eru vanir bæði miklum jarðskjálftum og öflugum flóðbylgjum. Árið 1995 varð öflugur jarðskjálfti í Kobe í Japan, sem mældist 6,9 stig og kostaði um sex þúsund manns lífið. Síðan þá hefur mikil vinna verið lögð í að styrkja byggingar, reisa flóðvarnargarða og byggja upp viðvörunarkerfi, sem í gær sannaði ótvírætt gildi sitt. Mannfall hefði vafalaust orðið miklu meira ef þessar ráðstafanir hefðu ekki verið gerðar.

Flóðbylgjan barst út frá Japan yfir allt Kyrrahafið á 800 km hraða á klukkustund allt til vesturstrandar Ameríku þar sem varað hafði verið við flóðahættu.

Þegar fyrstu flóðbylgjurnar komu til Havaí-eyja reyndust þær ekki mjög háar og ollu litlu tjóni. Á vesturströnd Bandaríkjanna varð fólk heldur ekki mikið vart við þegar fyrstu bylgjurnar náðu landi.

Fólk hafði þó allan varann á og hélt sig fjarri ströndinni.

gudsteinn@frettabladid.is

> Það hefur aldrei orðið hérna jarðskjálfti af þessu tagi, þannig að allar lestirnar stöðvist.
>
> **HIDEHARU TEDERA**
> STARFSMAÐUR TÓNLEIKAHÚSS



**OLÍUHREINSISTÖÐ BRENNUR** Mikill eldur braust út í olíuhreinsistöð í borginni Ichihara í Chiba í kjölfar skjálftans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**VEGGUR HRUNDI** Fjöldi bíla eyðilagðist þegar stór veggur hrundi í borginni Mito í Ibaraki. NORDICPHOTOS/AFP



**ALLT Á FLOTI** Flóðbylgjan skall af miklu afli á borginni Kesennuma í Miyagi og olli gríðarlegri eyðileggingu. NORDICPHOTOS/AFP



**ELDAR LOGUÐU** Víða kviknuðu eldar í húsum í gær. Hér má sjá hús brenna í borginni Natori sem einnig varð fyrir miklum flóðum. NORDICPHOTOS/AFP


# Rýmingarsala á málverkum



Gallery Art 2b

Kauptún 3 - Garðabær - s: 533 22 00 - www.art2b.is


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veður-fréttamaður

**BREYTINGAR Á MORGUN** Fínasta útivistarveður á landinu í dag en kalt í veðri. Breytingar á morgun en þá gengur í vaxandi suðvestanátt með úrkomu suðvestan og vestan til og heldur hlýnandi veðri. Það má víða búast við hvassviðri og asahláku á mánudag.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Basel | 14° |
| Berlín | 13° |
| Billund | 7° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 10° |
| Mallorca | 15° |
| New York | XX° |
| Orlando | XX° |
| Ósló | 1° |
| París | 13° |
| San Francisco | XX° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*


Túlipanasýning
Blómaval og íslenskir garðyrkjubændur sýna 40 mismunandi gerðir af túlípönum
Sýning sem enginn má missa af.
40 tegundir af túlípönum
Veldu fallegasta túlípanann og þú gætir unnið veglegt gjafabréf
tilboð
10stk Túlipanar
799kr
TÚLIPANASÝNING
um helgina í Blómavali Skútuvogi
Laukblóm í pottum
Hægt að planta út í garð seinna í vor!
Koma upp og gleðja okkur árum saman!
599kr
Bridal Crown í potti
699kr
Túlipanar í potti
margar tegundir
399kr
Tet a Tet páskaliljur í potti
399kr
Perlulilja í potti
(Muscari)
BRÚÐARVENDIR
SÝNING UM HELGINA Í SKÚTUVOGI
Komdu og veldu draumavöndinn þinn!
Hefst um helgina!
BRÚÐARLEIKUR BLÓMAVALS
KOMDU OG KLÁRAÐU MÁLIÐ...
...OG ÞÚ FÆRÐ
20% AFSLÁTT
AF BRÚÐARVENDINUM OG ÖLLUM BLÓMUM FYRIR BRÚÐKAUPIÐ.
ÞANNIG GÆTIR ÞÚ EINNIG UNNIÐ:
BORGARFERÐ FYRIR TVO AÐ EIGIN VALI MEÐ ICELAND EXPRESS
Iceland Express
100.000 KRÓNA GJAFABRÉF Í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI
Allir blómvendir
Aðeins 1190kr
Blómaval um land allt
Blómaportið
alla föstudaga og laugardaga
KAFFI GARÐUR Skútuvogi
opið laugardag og sunnudag 12:00-16:00
PYLSA OG KÓK
99kr
Ís á 10 kr.
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

HAMFARIR Í JAPAN



**Í PORT AU PRINCE** Íslenska rústabjörgunarsveitin var með þeim fyrstu til Haítí eftir skjálfta þar í janúar í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vakt fram eftir degi hjá rústabjörgunarsveitinni:

# Fjóra tíma að hafa sig til

Í skoðun var fram eftir degi í gær hvort senda ætti íslensku alþjóðabjörgunarveitina til Japans, vegna jarðskjálftanna sem þar urðu í gærmorgun.

Sveitin var sett á svokallað vöktunarstig klukkan átta um morguninn. „Það felur í sér að stjórnendur sveitarinnar fylgjast vel með ástandinu og því hvort japönsk stjórnvöld biðji um aðstoð frá alþjóðasamfélaginu,“ segir í tilkynningu. Um hádegi í gær voru 48 alþjóðarústabjörgunarsveitir á því stigi.

Síðdegis var afráðið að sveitin færi ekki af stað. Hefði komið til þess kom fram í tilkynningunni að það taki sveitina um fjórar klukkustundir að undirbúa sig áður en haldið yrði af stað.

- óká


**Námskeið við svefnleysi**

KMS Kvíðameðferðarstöðin

- Átt þú erfitt með að sofna á kvöldin?
- Vaknar þú um miðjar nætur eða snemma á morgnana og nærð ekki að sofna aftur?
- Finnst þér oft að þú fáir ekki nægilega góðan nætursvefn?
- Ert þú oft þreyttur eða syfjaður á daginn?
- Hefur þú miklar áhyggjur af svefnleysi og afleiðingum þess?

Fimm vikna námskeið við svefnleysi (insomnia) er að hefjast á vegum Helenu Jónsdóttur og Sóleyjar D. Davíðsdóttur sálfræðinga Kvíðameðferðarstöðvarinnar. Námskeiðið er byggt á aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar þar sem veitt er fræðsla um svefn, og þátttakendur aðstoðaðir við að breyta svefnhegðun og hugarfari sem grefur undan svefni. Streitustjórnun og slökun jafnframt kennd.

**Námskeiðið hefst miðvikudaginn 9. febrúar klukkan 16.00**
og fer skráning fram fyrir 7. febrúar hjá Kvíðameðferðarstöðinni í síma 534-0110/822-0043 eða með tölvupósti á kms@kms.is.





**MP Reykjavíkur-skákmótið 2011**

Í Ráðhúsi Reykjavíkur, 9.-16. mars

Fylgstu með stærsta og fjölmennasta Reykjavíkurskákmótinu frá upphafi. Á mótinu keppa um 30 stórmeistarar og eru þar á meðal margir af þekktustu og sterkustu skákmönnum heims. Teflt er í Ráðhúsinu og hefjast skákirnar kl. 16:30.

**Taktu þátt í skemmtilegri getraun á staðnum. Þú gætir unnið gjafakort frá MP banka.**

SKÁKSAMBAND ÍSLANDS STOFNAÐ 1925

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is


# Háhýsin sveifluðust sem væru úr gúmmíi

**Íslendingur í miðbæ Tókýó var í um tvær og hálfa klukkustund að ganga heim til sín eftir risaskjálftann í gær. Fólki var brugðið. Skemmdir eru mismiklar eftir hverfum. Heyra mátti skilti berja hús utan þegar eftirskjálftarnir gengu yfir.**

Smástund leið áður en fólk áttaði sig á því að risajarðskjálftinn í Japan í gær væri stærri en gengur og gerist. Jarðskjálftar eru þar svo tíðir að fæstir kippa sér upp við smáskjálfta.

Árni Kristjánsson, doktorsnemi við Listaháskólann í Tókýó, var staddur á veitingahúsi í miðborginni þegar skjálftinn brast á, laust fyrir klukkan þrjú síðdegis að staðartíma. „Þetta byrjaði eins og þessi venjulegi hristingur, en svo leit fólk hvað á annað inni á veitingastaðnum, þegar rann upp fyrir því að þetta væri eitthvað meira. Eftir fyrstu tíu sekúndurnar var það orðið mjög augljóst að þetta var ekki venjulegur skjálfti.“

Árni hljóp út af veitingastaðnum og út á miðja götu. „Þarna er mjög mikið af mjóum háhýsum, átta til tíu hæðir, allt í kring. Þau sveifluðust um eins og þau væru gerð úr gúmmíi og mikil mildi að glerið skyldi ekki brotna í rúðunum. Maður sá grindurnar bogna. Þetta var alveg svakaleg sjón og fólk greinilega frekar hrætt.“

Vegna þess að lestarkerfið í Tókýó lá niðri eftir stóra skjálftann var ekki hlaupið að því að komast um borgina. Árni segir leigubíla strax hafa verið tekna þannig að hans beið tveggja og hálfrar klukkustundar gangur heim. „Og ég sá sem betur fer svo sem engar sérstakar skemmdir á leiðinni heim,“ segir hann. Þegar heim var komið sá hann að hlutir höfðu fallið úr hillum og færst úr stað. Síðan sá hann í fréttunum að annars staðar hefðu hús hrunið og eldar kviknað í borginni, auk viðvarana vegna flóðbylgjunnar sem gekk á land.

Á leiðinni heim sagðist Árni hins vegar hafa orðið vel var við eftirskjálftana sem riðu yfir, en þeir voru margir á stærð við og stærri en stærstu skjálftar sem verða hér á landi. „Maður finnur þrýstinginn í jörðinni, en þarf að horfa í kring um sig til að sjá hvort skjálfti er í gangi eða ekki. Svo kannski heyrði ég skilti berjast við næsta húsvegg.“ Árni segir eftirskjálfta hafa komið með það bil tuttugu mínútna millibili fyrstu klukkustundirnar eftir stóra skjálftann, sem var 8,9 á Richter.



**ÁRNI KRISTJÁNSSON**

Íslendingar sem búsettir eru í Tókýó settu sig strax í samband hver við annan og sagðist Árni ekki hafa heyrt annað en allir væru heilir á húfi. Ástand væri hins vegar dálítið misjafnt eftir hverfum. Þannig virtist lífið ganga sinn vanagang í hans hverfi, verslanir voru opnar og fólk í búðum. Félagi í suðurhluta borgarinnar sagði honum hins vegar að drífa sig í að kaupa inn, því þar hamstraði fólk allt ætilegt í búðum líkt og það byggi sig undir nokkur harðindi.

olikr@frettabladid.is



**Í TÓKÝÓ** Mölbrotinn varningur í postulínsbúð í Tókýó eftir risajarðskjálftann í gærmorgun. Skemmdir voru afar mismunandi eftir borgarhlutum. NORDICPHOTOS/AFP

Ekki hætt á skemmdir aftur:

# Þór var forðað frá flóðbylgju

Varðskipið Þór, sem er í smíðum hjá ASMAR skipasmíðastöðinni í bænum Conception í Síle, var dregið út á flóann við bæinn til að forða skemmdum vegna mögulegrar flóðbylgju af völdum jarðskjálftans við Japan í gær.

Skipið skemmdist nokkuð í febrúar í fyrra þegar flóðbylgja af völdum skjálfta úti fyrir ströndum Síle reið yfir skipasmíðastöðina.

„Búnaður af skrifstofu starfsmanna hefur verið fluttur um borð í varðskipið og vonast er til að með því að draga skipið út í flóann sleppi það við skemmdir sem hugsanlega gætu orðið ef skipið væri við bryggju,“ segir í tilkynningu Landhelgisgæslunnar. - óká

**JAPAN**

**Hugurinn hjá Japönum**

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sendi Naoto Kan, forsætisráðherra Japans, samúðarkveðjur fyrir hönd íslensku þjóðarinnar vegna hamfaranna. Í tilkynningu kemur fram að þær hamfarir sem orðið hafi í Japan vegna jarðskjálftans séu átakanlegar og hugur Íslendinga sé með japönsku þjóðinni.

## Stærstu jarðskjálftar sögunnar

**Jarðskjálftinn út af norðausturströnd Japans mældist 8,9 stig og er því sjöundi öflugasti skjálfti sem mælst hefur.**




**STÆRSTU SKJÁLFTARNIR**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Valdivía | Síle | 22. maí, 1960 | 9,5 |
| 2 | Alaska | Bandaríkin | 28. mars, 1964 | 9,2 |
| 3 | Súmatra | Indónesía | 26. desember, 2004 | 9,1 |
| 4 | Kamtsjatka | Rússland | 4. nóvember, 1942 | 9,0 |
| 5 | Arica | Síle (þá Perú) | 13. ágúst, 1868 | 9,0 |
| 6 | Cascadla | Kanada/Bandaríkin | 26. janúar, 1700 | 9,0 |
| 7 | Sendal | Japan | 11. mars, 2001 | 8,9 |
| 8 | Maule | Síle | 27. febrúar, 2010 | 8,8 |
| 9 | Esmeraldas | Ekvador | 31. janúar, 1906 | 8,8 |
| 10 | Súmatra | Indónesía | 25. nóvember, 1833 | 8,8 |

Heimild: Jarðskjálftamiðstöð Bandaríkjanna, USGS © GRAPHIC NEWS

# Danske dager

Direkte fra Danmark




**Danskar pylsur**
ekta danskar pylsur

**Pylsubrauð**
hatting frosin pylsubrauð á danska vísu

**French dog dressing**
dressing fyrir pylsubrauð og pylsur

Ekta danskar hotdog pylsur og pylsubrauð



GOTT VERÐ 698 kr/kg

**Svínasíða**
ribbensteg að dönskum sið



GOTT VERÐ 1.598 kr/kg

**Fylltar svínalundir**
með dönskum gráðosti



GOTT VERÐ 998 kr/kg

**Hamborgarhryggur**
að dönskum sið



GOTT VERÐ 2.698 kr/kg

**Nauta entrecote**
að dönskum sið



**Kohberg**
vínarbrauð, snúðar og pekanlengjur

Direkte fra Danmark




GOTT VERÐ 898 kr/stk

**Jaka Bov skinka**

Nyheder på danske dage



**Guf danskt ískrem**
jarðaberja, þarf aðeins að þeyta

Nyheder på danske dage



GOTT VERÐ 399 kr/stk

**Dönsk glassúr kaka**

Nyheder på danske dage

GOTT VERÐ 99 kr/stk




**Danskir gosdrykkir**
beint frá Danmörku




GOTT VERÐ 99 kr/stk

**Tuborg**

Direkte fra Danmark




**3 Stjernet Salami**

Direkte fra Danmark



**Graasten brauðsalöt**
10 tegundir

Direkte fra Danmark



**Sambakossar**
2 tegundir

Nyheder på danske dage




**Den gamle fabrik sultur**
gott á brauðið

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 20. mars á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Land þrýstist upp en ekki til hliðar

**Stóri skjálftinn í Japan í gær er níu hundruð sinnum öflugri en stærstu skjálftar sem verða hér á landi. Þéttbýli gerir áhrif af skjálftum margalt meiri í Japan.**

Risajarðskjálftinn sem varð í gær undan ströndum Japans er allt annars eðlis en skjálftar sem þekkjast hér á landi. Orkan sem leystist úr læðingi í stærsta skjálftanum er um 900 sinnum meiri en þekkist í stærstu skjálftum hér.

„Rætt er um að skjálftinn hafi verið 8,9 að stærð,“ segir Benedikt Halldórsson, sérfræðingur á Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði. „Þegar skjálftar eru komnir í þessa stærð þá eru það orðnir svokallaðir risaskjálftar.“

Benedikt bendir á að orkan sem leysist úr læðingi aukist þrjátíufalt með hverri heilli stærð á Richter-skala. „Það er því níuhundruð sinnum meiri orka í skjálfta upp á 8,9 en í skjálfta upp á 6,9,“ segir hann og bendir á að ekki sé gert ráð fyrir að stærstu skjálftar sem verði hér á landi verði stærri en sjö á Richter. Suðurlandsskjálftinn árið 2008 var 6,3 á Richter.

Þá bendir Benedikt á að hér verða stærstu skjálftarnir á svokölluðum þvergengjum, þar sem land færist til hliðar eftir brotalínu, en skjálftinn undan strönd Japans hafi átt sér stað á svokölluðu sökkbelti. „Þar gengur Kyrrahafsflekinn undir Japan og landið ýtist upp á skilunum.“ Risaskjálftar þar sem einn fleki gengur undir annan standa líka lengur yfir en skjálftar sem hér þekkjast. „Svona skjálfti tekur kannski eina til tvær mínútur, meðan meginhreyfingarnar í skjálftanum hér 2008 tóku fjórar til fimm sekúndur.“



DR. BENEDIKT HALLDÓRSSON

Þeim mun lengri tíma sem skjálftinn tekur þeim mun meira álag verður á mannvirki. Benedikt segir að auk þess séu líkur á tjóni stærðargráðum meiri en hér, einfaldlega sökum mannfjölda. Þó sé öll hönnun húsa í Japan afar vel úr garði gerð.

„Það sem gerir þennan skjálfta einstakan er hversu stór hann er og hversu nálægt hann er gríðarlega þéttbýlu svæði,“ segir Benedikt og bendir á að um 10 þúsund manns hafi verið á aðaláhrifasvæði Suðurlandsskjálftans 2008, en á áhrifasvæði skjálftanna í Japan í gær sú 30 milljónir manna. - óká

### Skjálftamyndandi hreyfing jarðfleka

Á hverju ári verður hálf milljón greinanlegra jarðskjálfta í heiminum. Fimmtunginn verður fólk vart við, en að jafnaði eru ekki nema 18 yfir sjö á Richter.



**Venjulegt/þrýstigengi:** Flekarnir hreyfast lóðrétt, falla annað hvort, eða þrýstast upp á við.

**Þverbrotabelti:** Flekar ganga til á láréttu, eða því sem næst láréttu, misgengi.



**Sökkbelti:** Einn jarðfleki þrýstist undir annan.

**Flekaskil:** Flekar færast í sundur þannig að til verða jarðsigsdalir eða neðansjávarhryggir.

Heimild: Bandaríska jarðskjálftamiðstöðin (USGS)
©GRAPHIC NEWS

Sendiherra Íslands í Japan hafði aldrei upplifað annað eins og í skjálftanum:

# Höfðu samband við Íslendingana

Jarðskjálftinn sem skók Tókýó og stóran hluta Japans í gær var sá stærsti sem Stefán Lárus Stefánsson sendiherra Íslands í landinu hefur fundið. „Maður verður býsna lítill í sér þegar maður stendur frammi fyrir svona kröftum,“ segir hann.

Lárus var staddur í þrílyftu sendiráðshúsi Íslands, en þar hélt í gærkvöldi nokkur hópur fólks kyrru fyrir þar sem samgöngur í Tókýó voru úr skorðum.



STEFÁN LÁRUS STEFÁNSSON

Unnið var að því í sendiráðinu að ná í Íslendinga sem búsettir eru ytra.

Stefán sagði ist ekki vitað hvort Íslendingar kynnu að hafa verið á flóðasvæðum, en flestir væru í Tókýó. „Fólk kemur til landsins og er á einhverju svæði en er ekkert að hafa samband við okkur dagsdaglega,“ segir hann og vísar á borgaraþjónustuna í utanríkisráðuneytinu vilji fólk leita upplýsinga um ættingja eða vini í Japan. - óká

# Flúði úr fjórtán hæða húsi eftir jarðskjálftann

„Ég bý sjálfur í 30 kílómetra fjarlægð frá skólanum svo ekki get ég auðveldlega snúið heim, en ég fann þó skjól yfir höfuðið heima hjá vini mínum eftir að hafa kúldrast á bar og veitingastað í um fjóra klukkutíma,“ segir Vilhelm Smári Ísleifsson háskólanemi í Tókýó.

Vilhelm var í skólanum þegar skjálftinn reið yfir. „Það varð uppi fótur og fit þegar jarðskjálftinn varð og ég yfirgaf bygginguna, sem er fjórtán hæðir, ásamt vinum mínum umsvifalaust.“ Hann segir fólk afar skelkað.



VILHELM SMÁRI ÍSLEIFSSON

# Hringja út í alla nótt

„Ég er í sendiráðinu með sendiherranum og öðrum að hringja út um allt,“ segir Bolli Thoroddsen verkfræðingur. Hann var á fundi í miðborg Tókýó þegar skjálftinn reið yfir og segir borð hafa farið að hristast og hluti falla úr hillum og brotna.



BOLLI THORODDSEN

Unnið var að því allan daginn að ná í Íslendinga í Japan. „Það gengur vel, við vitum ekki til þess að nokkur hafi lent í neinu. En þetta er náttúrulega alveg hræðilegt.“

Þegar Fréttablaðið náði síðast tali af Bolla var komin nótt en hann átti von á því að vaka í sendiráðinu alla nóttina. Enn hefði ekki náðst í alla og hringt yrði áfram í fólk um nóttina. Um átta leytið í gærkvöldi var búið að ná í fimmtíu Íslendinga af þeim fimmtíu og fimm sem voru á lista ráðuneytisins. Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu er ekki talið að Íslendingarnir sem ekki hefur náðst í séu í neinni hættu eða að neitt hafi komið upp á hjá þeim. - þeb

# Sá byggingar sveiflast til og frá í skjálftanum

„Ég var um tíma alveg viss um að ein skólabyggingin myndi annað hvort hrynja eða að glerin myndu brotna,“ segir Villimey Sigurbjörnsdóttir, skiptinemi í Tókýó. Hún var stödd í skólanum þegar skjálftinn reið yfir og fylgdi öðrum nemendum út úr skólanum.

„Ég fann þá fyrir alvöru hvað jörðin hristist mikið og ég stóð bara þarna og fylgdist með byggingunum sveiflast til og frá.“ Hún segir verst hafa verið að símakerfið virkaði ekki og hún gat ekki náð sambandi við eiginmann sinn, sem er einnig í skiptinámi í Tókýó. Hún gat þó sent Facebook-skilaboð til sinna nánustu og látið vita af sér. - þeb



VILLIMEY SIGURBJÖRNSDÓTTIR





# 25%

**Bókið brúðkaupið um helgina og fáið 25% afslátt af brúðarvendinum, skreytingum og öðru fyrir brúðkaupið í Garðheimum.**

# Brúðkaups- og Rósasýning Garðheima er um helgina

## Gríptu rósavönd! 40%

**40% afsláttur í tilefni af rósasýningu**

## Lukkupottar:

**á Rósasýningu:** heppnir rósaunnendur fá gjafabréf fyrir glæsilegum rósavöndum!

**á Brúðkaupssýningu:** fjöldi vinninga fyrir verðandi brúðhjón!

## Dagskrá

### laugardag og sunnudag:

13.00 til 17.00 — SÝNING Á BRÚÐARVÖNDUM
*Þemu brúðkaupssýningarinnar er: eldur-ís-vatn-jörð*

14.30 og 16.00 — SÖNGATRIÐI
*Hanna Guðný syngur lög sem henta við brúðkaup*

15.00 — TÍSKUSÝNING Á BRÚÐARKJÓLUM
*frá Brúðarkjólaleigu Línu og Lilju. Sýningarstúlkurnar bera brúðarvendi hannaða af blómaskreytum Garðheima*

16.00 — DREGIÐ ÚR BRÚÐHJÓNALUKKUPOTTINUM
*Hver hlýtur:*
- *Brúðarsvítuna á Grand?*
- *Brúðarvönd, barmblóm og bílaslaufu?*
- *Glæsileg gjafabréf frá samstarfsaðilum*

**Fullt af hugmyndum að veisluskreytingum og úrvali hluta til leigu fyrir brúðkaup**



Rós ársins 2010
Mystery frá Dalsgarði



Blómaskreytar Garðheima sýna úrval fallegra brúðarvanda fyrir stóra sem smáa

## Við tökum þátt í Brúðkaupssýningu Garðheima

Brúðarkjólaleiga Línu & Lilju · Grand Hótel Reykjavík · aK Film.is · Borð fyrir tvo · Múlakaffi · Sparta · Café Konditori Copenhagen · Seglagerðin Ægir · Haugen-Gruppen ehf · Chevrolet · Bílabúð Benna

GARÐHEIMAR
FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI Í 19ÁR

**GENGIÐ 11.03.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,26 | 116,54 |
| Sterlingspund | 188,95 | 188,49 |
| Evra | 160,83 | 161,28 |
| Dönsk króna | 21,56 | 21,623 |
| Norsk króna | 20,701 | 20,762 |
| Sænsk króna | 18,248 | 18,301 |
| Japanskt jen | 1,401 | 1,4051 |
| SDR | 182,52 | 183,06 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
217,2387

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Helstu ríki heims geta ekki komið sér saman um aðgerðir til að velta Gaddafí einræðisherra af valdastóli:

# Forsætisráðherra Breta vill hertar aðgerðir

**LÍBÍA** Utanríkisráðherrar átta helstu iðnríkja heims ætla að funda á mánudag og þriðjudag um borgarastyrjöldina í Líbíu. Varnarmálaráðherrar Atlantshafsbandalagsins (NATO) náðu ekki samkomulagi um aðgerðir gegn einræðisstjórn Múammars Gaddafís og stuðningsmönnum hans síðla í vikunni.

Varnarmálaráðherrar Breta og Frakka eru þeir einu sem hafa talað fyrir því bæði á fundum aðildarríkja NATO og Evrópusambandsins í vikunni að beita hörku gegn Gaddafí og stuðningsherjum hans. Fulltrúar landanna hafa lagt drög að tillögu sem leggja á fyrir Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna og felur í sér að flugbann verði sett yfir Líbíu. Tillagan hefur ekki hlotið samþykki Rússa, Kínverja, Þjóðverja og Ítala, sem vilja fara hægar í sakirnar, að sögn AFP-fréttastofunnar. Fulltrúar þjóðanna hvetja Gaddafí til að stíga af valdastóli og vilja taka upp viðræður við uppreisnarmenn.

Stjórnarher Gaddafís sótti í sig veðrið þegar líða tók á vikuna og hrakti uppreisnarmenn á brott frá hafnarborginni Ras Lanuf í norðurhluta landsins. Saíf al-Islam Gaddafí, sonur einræðisherrans, sagði í sjónvarpsávarpi í gær stjórnarherinn ekki ætla að gefast upp fyrir uppreisnarmönnum.

„Þetta er okkar land. Við ætlum að deyja hér,“ sagði hann og þvertók fyrir að landar sínir myndu fagna því ef herlið NATO eða annarra bandalagsríkja kæmi til landsins.

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, brást reiður við andstöðu vestrænna ríkja við því að beita hervaldi gegn Gaddafí í ræðu sinni um málið í Brussel í Belgíu í gær. - jab



**STJÓRNARHERMENN** Hermenn Gaddafís við rústir mosku í bænum Zawía, sem þeir náðu á sitt vald í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP








**FISKVEIÐAR** Utanríkisráðherra segir nýja reglugerð ESB styrkja málstað Íslands í sjávarútvegsmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP


LÝÐHEILSUSTÖÐ

## Styrkir úr Forvarnasjóði 2011

Lýðheilsustöð auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Forvarnasjóði

**Tilgangur sjóðsins er að stuðla að forvörnum á sviði áfengis- og vímuvarna og eru styrkir veittir til verkefna eða afmarkaðra rannsókna.**

Áhersla er lögð á að verkefnin séu samstarfsverkefni og að þau tengist börnum og ungu fólki í eða utan skóla. Auk umsókna til áfengis- og vímuvarna er unnt að sækja um styrki fyrir verkefni til heilsueflingar og lýðheilsu.

Velferðarráðherra úthlutar úr sjóðnum að fengnum tillögum áfengis- og vímuvarnaráðs sem metur umsóknirnar í samstarfi við Lýðheilsustöð. Áskilinn er réttur til að senda umsóknir til umfjöllunar fagaðila, óska eftir nánari upplýsingum um verkefni, framkvæmdaaðila og fjármögnun. Einnig áskilja styrkveitendur sér rétt til að ákveða að styrkir verði greiddir út í samræmi við framvindu hvers verkefnis. Sé sótt um styrk til framhaldsverkefna þarf framvinduskýrsla að liggja fyrir.

Mikilvægt er að í umsókninni sé gerð grein fyrir því hvernig verkefnið verður metið og jafnframt að gert sé grein fyrir kynjaáhrifum.

Skilyrði fyrir rannsóknastyrkjum til gagnaöflunar er að Lýðheilsustöð hafi aðgang að ópersónugreinanlegum frumgögnum og nauðsynlegum stoðupplýsingum ári eftir að gagnasöfnun lýkur. Í samvinnu við styrkþega getur Lýðheilsustöð einnig veitt þriðja aðila aðgang að gögnunum.

**Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl 2011** og skal sótt um á eyðublöðum á vef Lýðheilsustöðvar, www.lydheilsustod.is/lydheilsustod/forvarnasjodur.
Styrkir, sem veittir eru á árinu, skulu sóttir fyrir 31.12 2011.

Nánari upplýsingar fást í síma 5 800 900, johann@lydheilsustod.is eða á vef Lýðheilsustöðvar.
Umsóknum skal skilað rafrænt á netfangið johann@lydheilsustod.is


# Breytingin er Íslandi í hag

**Utanríkisráðherra segir reglugerðarbreytingu ESB um staðbundna stjórn fiskveiða setja sterkt fordæmi og styrkja rök Íslands. Útvegsmenn segja nýja reglugerð ekki breyta miklu og afstaða þeirra sé óbreytt.**

**EVRÓPUMÁL** Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, segir að nýleg reglugerðarbreyting á sameiginlegri sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins (ESB) þar sem aðildarríkjum er gert að stýra staðbundnum stofnum innan eigin lögsögu, styrki röksemdir Íslands í aðildarviðræðunum við sambandið.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær, kveður nýtt ákvæði í sjöttu grein reglugerðarinnar, frá janúar síðastliðnum, á um að aðildarríki geti ákvarðað einhliða hámarksafla úr tilteknum stofnum sem eru alfarið nýttir af viðkomandi ríki, í stað þess að tekin sé sameiginleg ákvörðun í ráðherraráðinu eins og átt hefur við hingað til.

„Það er ljóst að þetta er sterkt fordæmi,“ segir Össur í samtali við Fréttablaðið. „Hins vegar vil ég ekki vekja upp of miklar væntingar vegna þessa eins, því að það eru önnur sterk rök fyrir því að rétt væri af ESB að fallast á hugmyndir okkar, sem hafa verið mjög eðlisskyldar þessari nýju reglugerð.“

Össur bætir því við að þessi breyting sé í samræmi við nýja hugsun innan ESB um að umsjón með staðbundnum stofnum sé flutt nær upprunanum.

„Samkvæmt því er valdið flutt til sérfræðinga á staðnum þar sem fiskurinn er og til fyrirtækjanna sem afla úr stofnunum og vinna úr þeim. Þetta er í anda þess sem við höfum haldið fram, að þeir sem hafi alla sína afkomu af auðlind séu best til þess fallnir að sjá um og stýra nytjum á henni.“

> Þetta er engin grundvallarbreyting varðandi það að þær ákvarðanir sem máli skipta um fiskveiðistjórnunina eru áfram hjá Evrópusambandinu.
>
> **FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI LÍÚ

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, segir í samtali við Fréttablaðið að þessi breyting hafi ekki áhrif á afstöðu sambandsins til aðildar Íslands að ESB.

„Þessi breyting nær yfir mjög takmarkaðan fjölda fiskistofna,“ segir Friðrik. Hann vekur athygli á því að reglugerðin nái til stofna þar sem engin vísindaráðgjöf sé til, sem séu ekki stofnar sem einhverju skipti hér við land.

„Þetta er engin grundvallarbreyting varðandi það að þær ákvarðanir sem máli skipta um fiskveiðistjórnunina eru áfram hjá Evrópusambandinu.“

thorgils@frettabladid.is
brjann@frettabladid.is




Bílarnir sem vísað er til í þessari auglýsingu eru: IQ 1.0l, Yaris 1.4 Dísel, Auris HSD og Prius HSD. Útlit bílanna í auglýsingunni getur að einhverju leyti verið frábrugðið útliti þeirra bíla sem vísað er til.





# Jóhanna vill sömu lækkun og forsetinn

**Lagalegur ágreiningur er um launagreiðslur til handhafa forsetavalds milli embættis forseta og Fjársýslu ríkisins. Einn af þremur handhöfum hefur farið fram á að greiðslur til hans lækki í samræmi við launalækkun forseta.**

**STJÓRNSÝSLA** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur óskað formlega eftir því við Fjársýslu ríkisins að laun hennar sem handhafa forsetavalds verði lækkuð sem nemur þeirri launalækkun sem forseti Íslands tók á sig í ársbyrjun 2009.

Gunnar H. Hall fjársýslustjóri staðfestir að einn af þremur handhöfum forsetavalds hafi óskað eftir slíkri launalækkun.

Eins og Fréttablaðið hefur fjallað um fá forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar laun sem handhafar forsetavalds þegar forsetinn er erlendis. Hver um sig fær þriðjung af launum forseta.

Ekki náðist í Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, forseta Alþingis, eða Ingibjörgu Benediktsdóttur, forseta Hæstaréttar, við vinnslu fréttarinnar í gær, og því er óvíst hvort þær munu einnig fara fram á lægri greiðslur.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, óskaði eftir því í lok árs 2008 að laun hans yrðu lækkuð. Þá höfðu laun forsætisráðherra lækkað um fimmtán prósent og óskaði Ólafur eftir sömu lækkun.

Þar sem stjórnarskrá kveður á um að óheimilt sé að lækka laun forseta á miðju kjörtímabili þurfti hann að óska eftir því við Fjársýslu ríkisins að launagreiðslur til hans yrðu lækkaðar.

Þrátt fyrir launalækkun forseta lækkuðu laun handhafa forsetavalds ekki, þrátt fyrir að embætti forseta Íslands hafi í tvígang bent á misræmi í greiðslum til forseta og handhafanna í samskiptum við Fjársýslu ríkisins, sem sér um greiðslurnar fyrir hönd ríkisins.


**LAUN LÆKKUÐ** Fram hefur komið hjá aðstoðarmanni Jóhönnu Sigurðardóttur að hún hafi ekki áttað sig á því að laun hennar sem handhafa forsetavalds hafi ekki lækkað í samræmi við lækkuð laun forseta Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ágreiningur er uppi um hvort miða skuli við útborguð laun forseta eða laun hans eins og kjararáð hefur úrskurðað um þegar greiðslur til handhafa forsetavalds eru reiknaðar.

Embætti forseta Íslands telur eðlilegt að miða við útborguð laun forseta en Fjársýsla ríkisins og starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins telja að miða verði við laun forseta eins og þau hafa verið ákveðin af kjararáði.

Laun forseta Íslands voru um 1,8 milljónir króna á mánuði áður en hann óskaði eftir lækkun, en um 1,5 milljónir frá því lækkunin tók gildi um áramótin 2009.

Forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar hafa hingað til fengið um 20 þúsund krónur fyrir hvern dag sem forsetinn er erlendis. Jóhanna mun samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins fá um 17 þúsund krónur á mánuði eftir að hún óskaði eftir lækkun.

brjann@frettabladid.is




# skattur.is

# Það er **einfalt** að telja fram

## Talið fram á skattur.is

Veflyklar hafa verið sendir til nýrra framteljenda. Veflykill veitir aðgang að þjónustusíðu á **skattur.is** þar sem hægt er að fylla út skattframtalið á einfaldan hátt.

Glatist veflykill má sækja um nýjan á skattur.is og fá hann sendan í vefbanka eða í pósti.

## Framtal á pappír

Pappírsframtöl eru aðeins send þeim sem töldu fram á pappír í fyrra. Hægt er að panta áritað pappírsframtal og sundurliðunarblað á **skattur.is** eða í síma 442-1414 og fá það sent í pósti.

## Aðgengilegar leiðbeiningar

Leiðbeiningar er að finna á skattur.is. Einnig er auðvelt að kalla fram skýringar við einstaka kafla eða reiti í vefframtali.

Prentaðar leiðbeiningar má fá á skattstofum.

## Aðstoð í síma 442-1414

Í mars verður veitt aðstoð í síma 442-1414 alla virka daga frá kl. 9:30 til 15:30.

Dagana 23., 28. og 29. mars verður þjónustan í boði til kl. 19:00.




**Þjónusta við einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu er á Laugavegi 166**

## Skilafrestur er til **23. mars**

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

# VERÐHRUN
## Á VETRARFATNAÐI



**20-40% AFSLÁTTUR***
**AF ÚLPUM OG FLÍSPEYSUM**
**AÐEINS ÞESSA HELGI!**



**30% AFSLÁTTUR**
af öllum snjóþotum og sleðum
**UM HELGINA!**

**2.990,-**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*
**Skíðagleraugu**
Barna.
5872113

**4.990,-**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*
**Skíðahjálmur**
Svartur, EN1077.
5872110-14

**ALLT FYRIR BÍLINN**



**Þurrkublöð**
5023050-65
verð frá
**790,-**



**999,-**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*
**Tjöruhreinsir**
1 ltr.
5022425



**Pylsur og kók**
**Kaffi Garður** Skútuvogi
**Laugardag og sunnudag 12-16**
aðeins **99**kr

Opið til 21:00
í Skútuvogi alla daga
sjá afgreiðslutíma um land allt
á www.husa.is

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# TAX FREE

## AF INNIMÁLNINGU*






12.990,-

**Blöndunartæki**
Eden handlaugartæki
7900020
EMMEVI




4.990kr/m²

NÝTT

**Viðarparket**
Eik Rustic 4 stafa
146907




Líka til í Hnotu

1.190kr/m²

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Plastparket**
Eik 3ja stafa 6mm,
146956

15.690,-

**Salerni**
Cersanit Scandinavia
8077532
cersanit



LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Veggflís**
25x36,5 cm.
Pekín Martil inniflís, til í fjórum litum
8611010

**Gólfflís**
31,6x31,6 cm. Pekín Moka inniflís, til í tveimur litum
8611012



Sama verð

1.990kr/m²

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

1.690kr/m²

EGGER



Líka til í Eik og hvítri Hnotu

**Plastparket**
Hnota 3ja stafa 7mm
146950

Látum verkin tala!

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

***LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR**

TAXFREE og önnur tilboð gilda ekki af vörum merktum " Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar". enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

HÚSASMIÐJAN

**FRÉTTASKÝRING:** Atvinnuleysi á Íslandi **1. hluti**

# Svona er atvinnuleysið

**14.873**
manns atvinnulausir
í lok febrúar 2011












Atvinnuleysi frá maí 2008 – mánaðarlegar tölur

# Úrlausnarefni númer eitt

**Frá efnahagshruninu haustið 2008 hefur þriðja hvert heimili í landinu orðið fyrir barðinu á atvinnuleysi. Þetta er sláandi staðreynd sem að flestra mati undirstrikar hvert næsta stóra verkefni þjóðarinnar er. En hver er staðan og hvað segir sagan okkur?**

Capacent gerði könnun fyrir Samtök atvinnulífsins í byrjun febrúar þar sem kemur fram að atvinnuleysið hefur haft bein áhrif á nærri þriðja hvert heimili í landinu, eða tæp 32 prósent. Er þá litið til allra sem hafa ekki vinnu, hafa flutt af landi brott vegna atvinnuástandsins, farið í skóla vegna þess sama eða vinna hlutastörf. Þetta telja samtökin undirstrika mikilvægi þess að hefja nú þegar nýja atvinnusókn.

Þessi frétt fór hins vegar lágt og margir eru þeirrar skoðunar að atvinnuleysið sem hér hefur búið um sig hafi ekki fengið þá athygli sem vera skyldi. Allir virðast þó á einu máli um að það sé úrlausnarefni númer eitt að uppræta atvinnuleysið. Önnur erfið verkefni hafi hins vegar afvegaleitt menn og tafið þá vinnu fram úr hófi.

### Fordæmalaus staða

Miklar breytingar urðu hér á öllum sviðum við upphaf kreppunnar í október 2008. Atvinnuleysið margfaldaðist á síðasta ársfjórðungi 2008, fór úr 1,3 prósentum í lok september í 4,8 prósent fyrir árslok. Í lok janúar 2009 var atvinnuleysið komið í 6,6 prósent og hafði ekki verið hærra síðan í janúar 1995 þegar það var 6,8 prósent. Það ár var atvinnuleysi mest frá seinni heimsstyrjöld, eða fimm prósent að jafnaði.

Hámarkinu var tímabundið náð þegar meðalatvinnuleysi var 9,1 prósent á landsvísu í febrúar og mars 2009 og var vinnumarkaðurinn í raun í fullkominni upplausn á þessum tíma. Réttu ári seinna, í febrúar og mars 2010, sáust hæstu tölurnar þegar atvinnuleysið náði til vel á sautjánda þúsund manna sem jafngilti 9,3 prósentum. Atvinnuleysið nú stendur í 8,6 prósentum og hækkar fimmta mánuðinn í röð.

Atvinnuástandið hefur frá hruni verið verst á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysisprósentan fór hæst í tæp fimmtán prósent. Ber til þess að líta að atvinnuleysi hefur frekar verið þar landlægt en annars staðar á landinu. Samkvæmt venju hefur ástandið líka verið einna best á Vestfjörðum þar sem atvinnuleysið hefur farið hæst í rúmlega þrjú prósent. Á höfuðborgarsvæðinu hefur atvinnuleysið verið á bilinu átta til tíu prósent frá því í mars 2009.

Til þess ber að líta að atvinnuástand á Íslandi hefur með fáum undantekningum verið afar gott. Þess vegna er það ástand sem hér hefur myndast á rúmlega tveimur árum án fordæma í Íslandssögunni. Reyndar er talið að engin dæmi séu um viðlíka aukningu atvinnuleysis á heimsvísu frá því að byrjað var að halda saman tölum um atvinnuleysi með þeim hætti sem gert er hér og erlendis.

### Hvað segir sagan?

Kannski er erfitt að leggja mælikvarða nútímans á söguna og fullyrða að þjóðin sé núna að takast á við erfiðasta samdráttarskeið, eða kreppu, í Íslandssögunni. Berar prósentutölur eru aðeins einn mælikvarði, en ef þær eru notaðar hefur atvinnuleysi aldrei verið meira. Aðeins í kreppunni miklu á fjórða áratugnum er talið að atvinnuleysi hafi verið sambærilegt. Nákvæm tölfræði er ekki til því til staðfestingar en þá voru innviðir samfélagsins það bágbornir að neyðin var án efa tilfinnanlegri hjá mörgum. Í lok sjöunda áratugarins skall á kreppa vegna búsifja í sjávarútvegi. Góðæri hafði ríkt um árabil. En það var byggt á ofveiði á stofni norsk-íslensku síldarinnar og sterkum mörkuðum fyrir mjöl og lýsi, frystum fiski og skreið. Síldin hvarf og á sama tíma versnuðu ytri aðstæður fyrir sölu á öðrum afurðum sjávarútvegs. Kreppa skall á 1968 og fram til 1970 var hér mikið atvinnuleysi. Þá, eins og nú, brá svo við í fyrsta skipti að fjöldi fólks flutti búferlum til Skandinavíu í atvinnuleit. Hins vegar náði atvinnuleysið ekki tveimur prósentum þegar tímabilið er skoðað í heild.

Ef leita á dæma um viðlíka áföll og við er að eiga núna má kannski finna þau þar sem svæðisbundnar hamfarir í atvinnumálum hafa riðið yfir. Eitt er þegar Sambandsverksmiðjurnar á Akureyri liðu undir lok árið 1993 en um þúsund manns störfuðu þar þegar mest var. Eins má segja að brotthvarf Bandaríkjahers árið 2006 hafi haft viðlíka áhrif á atvinnumál á Suðurnesjum; nokkuð sem sveitarfélögin á svæðinu voru rétt byrjuð að vinna sig út úr við hrunið árið 2008.

Atvinnuleysi á Íslandi fram til ársins 1995 var að jafnaði meira á landsbyggðinni. Fyrst og fremst var það tengt árstíðabundnum sveiflum. Minni sveiflur hafa verið frá 1995 og atvinnuleysið hefur verið meira á höfuðborgarsvæðinu. Meira er um langtíma atvinnuleysi eftir 1995 og það nær frekar til ungs fólks. Stærsta breytingin er kannski í sögulegu ljósi að fram til nóvembermánaðar árið 2008 hefur atvinnuleysi alltaf verið meira á meðal kvenna en karla en nú hefur það snúist við. Því er atvinnuleysið nú ekki aðeins meira en áður heldur fetar það nýja slóð.

### Hverjir hafa misst vinnuna?

Hrunið hafði mikil bein áhrif á byggingariðnaðinn og mannvirkjagerð, þar sem karlar eru í meirihluta að störfum. Heildarfjöldi á atvinnuleysisskrá í lok desember 2009 lýsir þessu vel þegar rúmlega níu þúsund karlar voru atvinnulausir en rúmlega sex þúsund konur. Karlar eru nú um 54 prósent atvinnulausra en voru um 65 prósent þegar verst lét veturinn 2009. Atvinnuleysi karla sveiflast eftir árstíðum, eykst yfir vetrarmánuðina og minnkar hratt yfir sumarið. Þessar sveiflur ná ekki til kvenna enda er skýringin tengd árstíðabundinni uppsveiflu í byggingariðnaði.

Upplýsingar sem aflað hefur verið frá hruni sýna svo ekki verður um villst að ungt og ómenntað fólk stendur langverst að vígi. Aðgerðir Vinnumálastofnunar draga dám af þessu enda var ákveðið haustið 2009 að þessi hópur yrði forgangshópur í vinnumarkaðsúrræðum og að fjármunum til úrræða og stuðnings yrði sérstaklega beint til þeirra

> Ég lít ekki á þetta sem tilboð heldur nánast eins og herkvaðningu.
>
> **GISSUR PÉTURSSON**
> FORSTJÓRI VINNUMÁLASTOFNUNAR

sem hann skipa. Upplýsingar um atvinnuleysi frá apríl 2009 til þessa dags sýnir einsleita mynd. Helmingur atvinnulausra hefur aðeins lokið grunnskóla en til samanburðar hafa fimmtán prósent lokið háskólanámi.

Um sjötíu prósent atvinnulausra búa á höfuðborgarsvæðinu og þrjátíu prósent á landsbyggðinni. Fyrir hrunið var skiptingin nokkurn veginn jöfn. Síðan þá hefur fjöldi atvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu sexfaldast en fjöldi atvinnulausra á landsbyggðinni fjórfaldast.

### Hver er staðan í dag?

Þegar ljóst var að atvinnuleysi myndi stóraukast á örskömmum tíma ákvað Vinnumálastofnun að forgangsraða starfsemi stofnunarinnar þannig að umsóknir um atvinnuleysisbætur og afgreiðsla þeirra gengi fyrir. Þjónustuskrifstofur á suðvesturhorninu gátu því ekki veitt einstaklingum á atvinnuleysisskrá lögboðna þjónustu um ráðgjöf og virkniúrræði, enda gerði fjöldi ráðgjafa ráð fyrir einum sextánda hluta þess hóps sem hafði skráð sig atvinnulausan í apríl 2009.

Gissur Pétursson, forstjóri VMST, lýsir stöðunni í stórum dráttum þannig að starfsmenntakerfið gangi mjög vel og nægt framboð sé á fjölbreyttum virkniúrræðum. Hefðbundna skólakerfið glími hins vegar við niðurskurð og af þeim 800 ungmennum sem vildu komast þar inn í haust voru 200 á atvinnuleysisskrá og sum hver eru enn á bótum. Þar megi gera mun betur en hingað til. „En nú vil ég kalla atvinnulífið til leiks. Það sýnir sig að það er langárangursríkasta leiðin að fólk fái að vera í beinum tengslum við vinnustaðinn. Ég lít ekki á þetta sem tilboð heldur nánast eins og herkvaðningu. Nú verður atvinnulífið að koma með okkur og ég held að það sé áhugi fyrir því. Þetta er skipulagsmál og þarf skuldbindingu frá atvinnurekendum. Það þarf að vera utanumhald og raunveruleg verkefni sem fólk í þessari stöðu getur gengið að með stolti.“

### Sókn með nýsköpun

Stjórnvöld boða sókn með nýsköpun. Iðnaðarráðherra kynnti um miðjan febrúar nýjasta útspilið í aðgerðum ríkisstjórnarinnar sem er ætlað að skapa þúsundir starfa. Byggðastofnun fær innspýtingu upp á 3,6 milljarða og uppbygging ferðamannastaða fær hálfan milljarð. Lánatryggingarsjóður kvenna tekur til starfa á ný og sérstökum fjárfestingarsjóði verður komið á fyrir þá sem vilja leggja fjármuni í viðskiptahugmyndir. Fjölmörg verkefni eru jafnframt unnin á vettvangi Nýsköpunarmiðstöðvar svo fátt sé talið, en ekki er síst horft til þess að aðlaga umhverfi fólks og fyrirtækja til sóknar.

### Eitt prósent

Heilt yfir hafa Íslendingar notið atvinnuöryggis sem á sér fáar hliðstæður í hinum vestræna heimi. Mikið atvinnuleysi er undantekning og ótrúleg sú staðreynd að atvinnuleysistölur hafa á löngum tímabilum verið eitt til tvö prósent. Sumir myndu vilja meina að vandinn nú sé að hluta til falinn í þessari staðreynd. Atvinnuþátttaka hér á landi er mun meiri en á mörgum löndum sem við berum okkur saman við og það er inngróið í þjóðarsálina að allir sem vettlingi geta valdið eigi heimtingu á því að finna kröftum sínum farveg í launaðri vinnu. Standist þessi fullyrðing, þá er það kannski ein skýringin á því að yfirlýsingar stjórnvalda um að atvinnuleysi standi í stað, eða hafi ekki aukist á milli ársfjórðunga, hafi holan hljóm í eyrum Íslendinga. Það er enginn sigur fólginn í slíkri tölfræði, þó svo að einhver vilji túlka hana sér í vil.


**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is




**Fyrsti hluti af níu**
Næsta grein: langtíma atvinnuleysi

Betri notaðir bílar

TOYOTA

# Betri notaðir sparneytnir bílar

## Komdu á Nýbýlaveg og skoðaðu frábært úrval af glæsilegum sparneytnum Toyota bílum

**ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI**

5,3 l/100 km



**Toyota Yaris Sol**
1300 bensín beinsk. MM
Árgerð: 2007 Ekinn: 47.000 km
Verð: 1.550.000 kr. Raðnr. 996876*

**ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI**

6,7 l/100 km



**Toyota Corolla Terra**
1400 bensín beinsk.
Árgerð: 2007 Ekinn: 59.000 km
Verð: 1.850.000 kr. Raðnr. 995659*

**ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI**

7,1 l/100 km



**Toyota Auris Luxury**
1600 bensín beinsk.
Árgerð: 2008 Ekinn: 26.000 km
Verð: 3.090.000 kr. Raðnr. 996878*

**ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI**

6,9 l/100 km



**Toyota Corolla Sol**
1600 bensín beinsk. MM
Árgerð: 2007 Ekinn: 56.000 km
Verð: 2.590.000 kr. Raðnr. 996860*

**ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI**

6,7 l/100 km



**Toyota Corolla Terra**
1400 bensín beinsk.
Árgerð: 2007 Ekinn: 66.000 km
Verð: 1.820.000 kr. Raðnr. 996914*

**ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI**

5,3 l/100 km



**Toyota Yaris Sol**
1300 bensín beinsk.
Árgerð: 2008 Ekinn: 51.000 km
Verð: 1.850.000 kr. Raðnr. 996869*

**ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI**

4,6 l/100 km



**Toyota Aygo**
1000 bensín beinsk.
Árgerð: 2006 Ekinn: 55.000 km
Verð: 1.190.000 kr. Raðnr. 996862*

**ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI**

4,3 l/100 km



**Toyota Pruis Hybrid**
1500 bensín/rafmagn sjálfsk.
Árgerð: 2007 Ekinn: 39.000 km
Verð: 2.950.000 kr. Raðnr. 996820*

**ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI**

4,6 l/100 km



**Toyota Aygo**
1000 bensín beinsk.
Árgerð: 2008 Ekinn: 67.000 km
Verð: 1.350.000 kr. Raðnr. 996848*

**ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI**

5,0 l/100 km



**Toyota Auris Terra**
1400 dísil beinsk.
Árgerð: 2008 Ekinn: 58.000 km
Verð: 2.250.000 kr. Raðnr. 996909*

**ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI**

5,3 l/100 km



**Toyota Yaris Sol**
1300 bensín beinsk. MM
Árgerð: 2008 Ekinn: 53.000 km
Verð: 1.790.000 kr. Raðnr. 996818*

**ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI**

5,3 l/100 km



**Toyota Yaris Sol**
1300 bensín beinsk.
Árgerð: 2008 Ekinn: 57.000 km
Verð: 1.670.000 kr. Raðnr. 996864*

Eldsneytis tölur eru uppgefnar frá framleiðanda og miðaðar við blandaðan akstur við bestu skilyrði á framleiðsludegi

**Hvað er Úrvalsbíll?**
**Er í verksmiðjuábyrgð.**
**12 mánaða viðbótarábyrgð.**

**Hvað er Gæðabíll?**
**Er ekki í verksmiðjuábyrgð.**
**3 mánaða viðbótarábyrgð.**

*Farðu á **www.toyotakopavogi.is** og fáðu nánari upplýsingar um bílana með því að skrá raðnúmer í leit.

**BNB-sölugreining**
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annaðhvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**

**Toyota Kletthálsi**
**Kletthálsi 2**
**Sími: 570 5220**

**Afgreiðslutími: mán - fös 09.00 - 18.00 og lau 12.00 - 16.00**

**www.toyotakopavogi.is bnb@toyota.is**

Today Tomorrow Toyota

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Atvinnuleysi hefur nú í tvö ár verið meira en áður hefur þekkst á Íslandi.

## Nýr veruleiki

Atvinnuþátttaka á Íslandi á sér fáar hliðstæður. Í raun þekktist hér varla atvinnuleysi áratugum saman, í það minnsta ekki í því hlutfalli sem telst vera vandamál í öðrum löndum og þegar atvinnuleysi hefur komið upp hefur það jafnan verið skammvinnt.

Því er það nokkuð undarlegt hversu litla athygli atvinnuleysið sem ríkt hefur á landinu undanfarin misseri hefur fengið. Þó hefur könnun sýnt að þrátt fyrir að atvinnuleysi teljist innan við 10 prósent þá snertir það nærri þriðja hvert heimili í landinu með einhverjum hætti.

SKOÐUN
Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is



Ástæðurnar fyrir þessari tiltölulega litlu athygli eru margar. Önnur málefni hafa verið talsvert fyrirferðarmikil í umræðunni; fjöldamörg önnur mál sem tengjast hruninu svo sem Icesave og rannsóknarskýrslan. Það kann einnig að hafa áhrif að atvinnuleysið hefur ekki orðið jafnmikið og flestir bjuggust við á fyrstu mánuðunum eftir hrun, ekki enn að minnsta kosti.

Þegar hrunið skall á þjóðinni stóð atvinnuleysi í 1,3 prósentum sem er nánast óþekkt atvinnuleysishlutfall í alþjóðlegu samhengi. Tæpu hálfu ári síðar var atvinnuleysi komið í 9,1 prósent. Það er nú 8,6 prósent og hefur aukist síðustu mánuði. Atvinnuleysið sem nú ríkir á sér þannig ekki fordæmi á Íslandi.

Sá hópur sem verst hefur orðið úti í atvinnuleysinu er ungt ómenntað fólk en tölur sýna að helmingur atvinnulausra hefur ekki lokið formlegri menntun umfram stúdentspróf.

Það er þekkt staðreynd frá öðrum löndum þar sem atvinnuleysi hefur skollið á af viðlíka þunga og hér að hætta er á að unga fólkið sem ekki kemst út á vinnumarkaðinn að lokinni skólagöngu festist í atvinnuleysi og komist jafnvel ekki til starfa þegar atvinnuástand batnar. Þannig verður til kynslóð þar sem atvinnuþátttaka er minni en meðal þeirra sem bæði eru eldri og yngri.

Það er því ekki að ástæðulausu sem unga fólkið er forgangshópur þegar fé er veitt til vinnumarkaðsúrræða ýmiss konar. Það er enda afar mikilvægt að viðhalda virkni þessa hóps til að koma í veg fyrir að hér myndist með þessum hætti kynslóð atvinnulausra.

Á Íslandi er mikil virðing borin fyrir vinnunni, að mati margra raunar svo mikil að virðing fyrir frítíma og fjölskyldutíma hefur kannski ekki verið sem skyldi. Vinnan er þannig ríkur hluti af sjálfsmynd Íslendinga og dugnaður í vinnu telst hér meðal helstu mannkosta. Þessi menning, ásamt því að hér hefur atvinnuleysi varla þekkst, kann að gera atvinnuleysið enn erfiðara við að fást fyrir þá sem í því lenda en að minnsta kosti sums staðar annars staðar.

Það er nauðsynlegt að horfast í augu við alvarleika atvinnuleysisins. Upprætíng þess er afdráttarlaust eitt af þeim meginverkefnum sem þjóðin þarf að fást við á næstu árum.

Fréttablaðið birtir í dag fyrsta hluta af níu í röð fréttaskýringa þar sem fjallað er um atvinnuleysið á Íslandi frá mörgum hliðum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

**Öryggi í samskiptum -námskeið við félagsfælni**

KMS Kvíðameðferðarstöðin

Ellefu vikna árangurmælt námskeið Kvíðameðferðarstöðvarinnar þar sem kenndar eru leiðir til að draga úr kvíða og óöryggi í félagslegum aðstæðum og í samskiptum með aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar.

Kennsludagar: Fimmtudagar frá 15:00-17:00, alls 22 klst.

Kennarar: Sálfræðingar Kvíðameðferðarstöðvarinnar

Næsta námskeið hefst fimmtudaginn 24. mars 2011

*Skráning og fyrirspurnir í síma 534-0110 eða kms@kms.is*

*Nánari upplýsingar: www.kms.is*



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Er þjóðaratkvæði allra meina bót?

ÞORSTEINN PÁLSSON



Engu er líkara en forsetinn trúi því að Íslendingar hafi fyrst orðið alvöru lýðræðisríki eftir að hann gaf þeim þjóðaratkvæðið. Forsætisráðherra virðist einnig líta á þjóðaratkvæði sem hástig lýðræðisins nema þegar það stafar af forsetanum.

Þegar rætt er almennt um þjóðaratkvæði þykir annar boðskapur ólýðræðislegur en opna eigi allar flóðgáttir í þeim efnum. Ef um er að ræða þjóðaratkvæði vegna tiltekins máls eru þeir fylgjandi sem orðið hafa undir á vettvangi fulltrúalýðræðisins en hinir andvígir sem eru í meirihlutanum.

Dragi einhver í efa að rétt sé að skjóta tilteknu máli í þjóðaratkvæði er viðkvæðið: Nýtur þjóðin ekki trausts? Spurningunni er ætlað að virka sem eins konar haltukjaftibrjóstsykur á rökræður. Þeir sem vantreysta fólkinu eru ekki lýðræðissinnar.

Verkurinn er sá að álitaefnið snýst ekki um hvort kjósendur eru traustsins verðir eða nægjanlega skynsamir til að taka ákvarðanir. Spurningin er hvort þeir sjálfir telja farsælast að taka sem flest mál í sínar eigin hendur eftir leiðum þjóðaratkvæðisins eða treysta á skipulag fulltrúalýðræðisins.

Þeirrar tilhneigingar gætir í vaxandi mæli að stjórnmálamenn kjósa að þjóðin leiði þá en ekki þeir hana í vandasömum og umdeildum málum. Þá er lausnin þjóðaratkvæði. Forystuhræðslan er klædd í búning lýðræðisástar. Hin hliðin á þessum peningi er sú að með þessu víkur sú ábyrgð sem á að fylgja þeirri vegsemd að vera kjörinn fulltrúi. Ábyrgðin er aftur þungamiðja í virku lýðræði. Á ekki að ræða þá hlið málsins?

## Fulltrúalýðræðið

Miklu skiptir að þeir sem taka ákvarðanir um löggjöf og stjórn landsins kunni góð skil á rökum og gagnrökum hvers máls og hafi sjálfir tekist á um þau. Þeir þurfa einnig að hafa glögga sýn yfir það hvernig úrslit í einu máli hafa áhrif á önnur. Þá hefur það þýðingu að aðferðir við töku ákvarðana séu eins skilvirkar og kröfur lýðræðisins leyfa.

Mikilvægt er að kjósendur sem eru uppspretta valdsins í þjóðfélaginu geti komið fram ábyrgð gagnvart þeim sem ákvarðanir taka eftir því hvort þær reynast vel eða illa. Fullyrt er að þessi ábyrgð sé óvirk. Það er skrök. Þingmannaveltan er svo ör að eftir síðustu kosningar var meðalþingseta komin undir sjö ár. Hvort það hefur verið til bóta er svo önnur saga.

Sérhver kjósandi er vitaskuld fær um að taka ákvarðanir með þeim hætti sem krafist er. Hann hefur hins vegar ekki sömu aðstöðu til þess og kjörnir fulltrúar sem bera jafnframt ábyrgð á niðurstöðum. Fulltrúalýðræðið er því ekki takmörkun á valdi fólksins. Það er aðferð sem fólkið hefur valið til þess að tryggja skilvirkni, vandvirkni og ábyrgð. Fulltrúalýðræðið er með öðrum orðum grundvallað á almannahagsmunum.

Forsetinn neitar að bera ábyrgð á því að hafa hafnað Icesave-lögunum. Ríkisstjórnin ætlar ekki að bera ábyrgð á sínum hlut málsins og segir að einungis eigi að kjósa um verk embættismanna. Hér eru kjósendur sviptir réttinum til að kalla einhverja til ábyrgðar ef ákvörðunin reynist illa eða til að endurnýja traust sitt verði hún til farsældar.

Önnur almennari sjónarmið koma einnig til skoðunar. Verði þjóðaratkvæðagreiðslur daglegt brauð er hætt við að sérhagsmunahópar ráði miklu um niðurstöður vegna dræmrar kosningaþátttöku. Eins sýnir reynslan að kjósendur eru yfirleitt íhaldssamari en fulltrúar þeirra. Þessir stjórnarhættir geta því þýtt hægari framfarir. Málamiðlunum verður heldur ekki komið við í þjóðaratkvæði með sama hætti og á þingi. Það veikir lýðræðið.

## Hvenær þá?

Þrátt fyrir þessi sjónarmið er þjóðaratkvæði mikilvægt þegar sérstaklega stendur á. Það sem máli skiptir er að skilgreina þau tilvik og tryggja að einhver eða einhverjir beri jafnan ábyrgð.

Þjóðaratkvæði á ekki að nota til að veita þingmönnum leiðsögn um hvernig greiða eigi atkvæði á þingi. Þá þyrfti heldur ekki nema brot af núverandi þingmannafjölda. Tilgangurinn er að gefa þjóðinni kost á að staðfesta eða synja málum sem Alþingi hefur þegar samþykkt. Þjóðaratkvæði á ekki að fela í sér forystu heldur dóm um forystu í tilteknu máli.

Nú er skylt að hafa þjóðaratkvæði um afsetningu forsetans og breytingar á kirkjuskipaninni. Æskilegt væri að sama gilti um lög um kosningar og kjördæmaskipun. Eins ætti slík skylda að ná til laga sem fela í sér að fullveldisákvörðunum er deilt með öðrum þjóðum. Þá mætti frjálst val um þjóðaratkvæði vera í höndum ákveðins minnihluta þingmanna, enda axli hann á því pólitíska ábyrgð.

Í sérstökum tilvikum er þjóðaratkvæði hollt en það er ekki allra meina bót.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*




125! ár af nýjungum

## Kraftmikill sportjeppi á frábæru verði

Mercedes-Benz GLK er nýr sportjeppi sem er að slá í gegn um allan heim. Enda er hann einstaklega skemmtilegur í akstri, hljóðlátur, kraftmikill, viðbragðsfljótur, með mikinn togkraft og öflugur við erfiðar aðstæður.

Hann er hagkvæmur í rekstri miðað við sambærilega bíla því hann eyðir aðeins 6,9 lítrum á hundraðið.

Að sjálfsögðu er hann hlaðinn búnaði á borð við skynvætt fjöðrunarkerfi (Agility Control) og 4MATIC fjórhjóladrifsbúnað, sem bæta aksturseiginleika, auka öryggi og tryggja vellíðan ökumanns og farþega. Mercedes-Benz GLK er afgreiddur eftir pöntun í þeirri útfærslu og með þeim aukabúnaði sem þú kýst.

**Mercedes-Benz GLK er bíll sem þú verður að prófa.**
**Við tökum vel á móti þér í sýningarsal Öskju á Krókhálsi 11.**

### Afmælistilboð

Í ár eru liðin 125 ár frá því að Benz fann upp og smíðaði sinn fyrsta bíl sem var jafnframt fyrsti bíll í heimi. **Af því tilefni bjóðum við nýjan Mercedes-Benz GLK og fleiri valda bíla á sérstökum afmæliskjörum.**

**Opið í dag kl. 12-16**

Mercedes-Benz
Aðeins það besta.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi



# Styrkir úr Pokasjóði

**Stjórn Pokasjóðs hefur ákveðið að auglýsa eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2011.**

**Frestur til að sækja um styrk úr Pokasjóði rennur út 1. apríl nk.**

**Umsóknir skulu fylltar út á www.pokasjodur.is en þar eru allar upplýsingar um sjóðinn, fyrirkomulag og styrki.**

Í ár hefur verið ákveðið að einskorða styrki við tvö málefni, mannúðarmál og umhverfismál.

Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki úr sjóðnum.

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT 1. APRÍL

POKASJÓÐUR


# Fram fram fylking!

Skólamál


Sóley Tómasdóttir
borgarfulltrúi Vinstri grænna




Í dag hefst fundaferð um Reykjavík, þar sem fyrirhugaðar sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila verða kynntar í hverju hverfi fyrir sig. Borgarstjóri og formaður menntaráðs flytja erindi í Grafarvogi kl. 11 og Breiðholti kl. 14. Ekki er gert ráð fyrir fulltrúum kennara, stjórnenda, foreldra eða minnihlutans á mælendaskrá. Meirihlutinn kynnir og borgarbúar hlusta. Þetta kemur svo sem ekki á óvart, enda hefur meirihlutinn hvorki gefið færi á samtali eða samstarfi í undirbúningsferlinu og virt alla gagnrýni að vettugi.

Fyrirhugaðar breytingar á skólastarfi er stórmál. Þær varða okkur öll, þær lúta að þjónustu við börnin okkar í dag og tækifærum þeirra til framtíðar. Í einni hendingu á að gera stórkarlalegar breytingar á frístundaheimilum borgarinnar, sameina 30 leikskóla, nokkra grunnskóla, búa til safnskóla, færa aldursmörk og fleira og fleira. Hver og ein þessara breytinga hefði krafist ítarlegrar greiningar og yfirlegu af hálfu fagfólks, samráðs við foreldra, tíma, ráðrúms og gagnrýninnar hugsunar.

> Ég skora á foreldra og fagfólk að gefast ekki upp, heldur standa saman og með börnunum í borginni og láta rödd sína heyrast.

Nú eru tillögurnar í umsagnarferli hjá fag- og stéttarfélögum og hagsmunasamtökum. Þó það sé tilhlökkunarefni að fá faglega rökstutt álit frá þeim, lítur því miður ekki út fyrir að þau verði tekin alvarlega frekar en annað. Umsagnarfrestur rennur út 25. mars nk. og stefnt er á að samþykkja tillögurnar 29. mars. Vel ígrunduð og upplýst ákvörðun um svo viðamiklar grundvallarbreytingar á reykvísku skólakerfi verða ekki teknar á einni helgi. Enn eina ferðina er því um sýndarsamráð að ræða, meirihlutann varðar ekkert um skoðanir annarra.

Meirihluti Besta flokks og Samfylkingar hefur ekki aðeins hunsað samráð við fagfólk, foreldra og minnihlutann, heldur hefur hann ekki gefið sér tíma til að meta áhrif þeirra breytinga sem þegar hefur verið ráðist í. Áhrif svona breytinga koma fram á mörgum árum og því alls ekki ljóst hver áhrifin eru af þeim sameiningum sem þegar hafa farið fram. Mikil áhætta felst í slíkum gassagangi þar sem daglegt líf barna og fagstarf með þeim er undir.

Þau einstrengingslegu vinnubrögð sem nú eru viðhöfð eru óásættanleg með öllu. Ég skora á foreldra og fagfólk að gefast ekki upp, heldur standa saman og með börnunum í borginni og láta rödd sína heyrast. Nauðsynlegt er að þessi áform meirihlutans verði tekin til gagngerrar endurskoðunar í sátt og samráði við borgarbúa og með hag barnanna að leiðarljósi.

# Matur er mál málanna

Landbúnaður


Haraldur Benediktsson
form. Bændasamtaka Íslands




Á nýliðnu Búnaðarþingi bænda var meðal annars fjallað um fæðuöryggi og framleiðslu á matvælum á heimsvísu. Í Fréttablaðinu á föstudaginn sér leiðarahöfundur ástæðu til þess að hnýta í það að bændur rökstyðji andstöðu sína við ESB-aðild með því að vísa til fæðuöryggissjónarmiða. Því er haldið fram að Bændasamtökin grípi gjarnan til hugtaksins þegar þurfi að „réttlæta ríkisstyrki og ofurtolla“ eins og leiðarahöfundur orðar það. Staðreyndin er hins vegar sú að í dag keppast þjóðir heims við að tryggja sína eigin matvælaframleiðslu og ræða hvað þær geta lagt af mörkum til að brauðfæða heimsbyggðina.

Heimurinn er að breytast afar hratt og þau vandamál sem steðja að matvælaframleiðslu á heimsvísu þarf að taka alvarlega. Matur er mál málanna eins og þeir sem fylgjast með heimsfréttum vita. Þar tengjast mörg viðfangsefni eins og fólksfjölgun, orkumál, vatnsbúskapur, land, gróður, búfé, heimsverslun, lífskjör fólks og þjóðfélagsskipulag. Förum yfir nokkur atriði til upprifjunar.

**Matvælaframleiðsla þarf að vaxa um 70% á næstu 40 árum**

Fólksfjölgun í heiminum er afar hröð. Nú búa tæplega sjö milljarðar manna á jörðinni en það stefnir í að milljarðarnir verði níu árið 2050. Jarðarbúar þurfa sífellt meiri mat, en samkvæmt spám Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna þarf að auka matvælaframleiðslu um 70% á næstu 40 árum til að anna eftirspurn. Bættur efnahagur og breyttir neysluhættir gera það að verkum að meiri eftirspurn er eftir búvörum eins og kjöti og mjólk. Til að framleiða þessar vörur þarf mikið vatn og land sem því miður er af skornum skammti. Samfélög í vanþróuðum löndum eru misjafnlega undir þessa þróun búin en víða er ekki næg þekking né tækni fyrir hendi til að stunda matvælaframleiðslu af þeirri stærðargráðu sem nauðsynleg er.

**Efnahagslegt umrót**

Loftslagsbreytingar hafa margvísleg áhrif á ræktunarmöguleika um allan heim. Þurrkar, flóð, gróðureldar og vatnsskortur valda því að litlar birgðir eru nú til af mat. Nýjustu fregnir eru frá Kína, þar sem útlit er fyrir uppskerubrest ef úrkoma eykst ekki innan tíðar. Þar í landi hafa þegar verið lagðir 110% tollar á útflutt korn. Fleiri ríki grípa til svipaðra úrræða, líkt og Rússland gerði til dæmis síðasta sumar. Afleiðingarnar eru áframhaldandi matarverðshækkanir og efnahagslegt umrót.

**Verðhækkanir á mat**

Matvælaverðsvísitala FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, hefur hækkað hratt og áhrifin eru þegar víðtæk. Þau eru m.a. talin ein ástæða uppreisnar í Miðausturlöndum. Fólk í fátækum löndum á ekki efni á mat eða sveltur en áætlað er að um þessar mundir búi um milljarður manna við hungur í heiminum. Útreikningar FAO sýna gríðarlegar verðhækkanir á síðasta ári þar sem kjöt hefur hækkað um 18%, korn um tæplega 40%, olíur og fita um tæp 56% og sykur um 19%.

**Gerum ekki lítið úr vandanum**

Ástandið afhjúpar skýrt hvernig þjóðir bregðast við og grípa til tollverndar til að tryggja eigið fæðuöryggi. Þótt við búum vel hér á Íslandi og eigum ekki við matvælaskort að glíma er okkur holt að horfa út fyrir túngarðinn og leggja mat á framtíðina. Við megum heldur ekki gera lítið úr þeim vanda sem heimsbyggðin stendur frammi fyrir. Bændasamtökin hafa fært fyrir því rök að Ísland sé betur í stakk búið til að framleiða sínar eigin búvörur, standi landið fyrir utan Evrópusambandið. Ástæðan er einfaldlega sú að samtökin telja landbúnaði verulega ógnað verði landbúnaðarstefna ESB fyrir valinu, þá muni m.a. kúabúum fækka hér um helming og kjötframleiðsla dragast verulega saman.

> Bændasamtökin hafa fært fyrir því rök að Ísland sé betur í stakk búið til að framleiða sínar eigin búvörur, standi landið fyrir utan Evrópusambandið.

**Sáttmáli um fæðuöryggi?**

Við setningu Búnaðarþings fyrir þremur árum kynnti forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, hugmyndir sínar um sáttmála sem tryggði fæðuöryggi Íslendinga. Í ræðu sinni fjallaði hann um þá þætti sem ógnuðu fæðuöryggi heimsins og benti á að Íslendingar þyrftu fyrr eða síðar að búa sig undir breytta tíma. Sáttmáli um fæðuöryggi tæki mið af hagsmunum þjóðarinnar og gæti orðið grundvöllur að skipulagi matvælaframleiðslu og reglum um nýtingu lands.

Í hugum bænda er enginn vafi á því að íslenskur landbúnaður er mikilvægur hlekkur í því að treysta fæðuöryggi hér á landi. Við eigum að leggja metnað í að framleiða eins mikinn mat og hægt er og nýta til þess þær auðlindir og þekkingu sem við búum yfir.


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI UMRÆÐA

vísir.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN

Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi.

m.visir.is Fáðu Vísi í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir.is

Nýtt tákn um gæði

**Stórsýning**

*2% sérpöntunarafsláttur*

## Ford Mondeo Trend

1,6TDCi ECOnetic dísil 115 hö 270 Nm.
5 dyra 6 gíra beinskiptur
Eyðsla blandaður akstur 4,3 l/100km
Koltvísýringur $CO_2$ 114 g/km
Fáanlegur með sjálfskiptingu
*Verð 4.340.000 kr.*



Sjáðu fleiri nýja bíla, Ford Ka, Ford Fiesta og Ford Kuga.

# Fáðu viðspyrnu á toppinn í FORD MONDEO

**Frumsýning**

Stefndu upp á við með Ford. Fullt hús af nýjum bílum og verðið er gott. Það er full ástæða til að stefna upp á við. Við erum upp með okkur.

Fáðu að vita meira um gegnheila og einlæga hönnun Ford. Okkur ber að standa saman og sjá um hvort annað. Kynntu þér hvernig Ford stendur vörð um fjölskyldugildi og tekur mið af þeim í hönnun sinni.

# STEFNDU UPP MEÐ FORD

**Ford Mondeo Trend** *með PowerShift*

## Stórsýning

**Í dag milli kl. 12 og 16**

**Bíldshöfða 6**

Komdu í kaffi og kleinur

*Taktu þátt í getraun. Þú gætir unnið frí afnot af bíl í 2 vikur.*



## Ford Kuga Trend AWD

2,0TDCi dísil 140 hö 320 Nm.
5 dyra 6 gíra beinskiptur
Eyðsla blandaður akstur 6,0 l/100km
Koltvísýringur $CO_2$ 159 g/km
Fáanlegur með sjálfskiptingu
*Verð 5.690.000 kr.*



## Ford Fiesta Trend

1,25i bensín 60 hö 109 Nm.
5 dyra 5 gíra beinskiptur
Eyðsla blandaður akstur 5,4 l/100km
Koltvísýringur $CO_2$ 128 g/km
Fáanlegur með sjálfskiptingu
Fáanlegur með dísilvél
*Verð 2.370.000 kr.*



## Ford Ka Trend Plus

1,2i bensín 69 hö 102 Nm.
3 dyra 5 gíra beinskiptur
Eyðsla blandaður akstur 5,1 l/100km
Koltvísýringur $CO_2$ 119 g/km
Fáanlegur með dísilvél
*Verð 1.950.000 kr.*

*2% sérpöntunarafsláttur.*
*Vertu í hópi þeirra bestu.*
*Veldu Ford.*

visthæf skref með Brimborg

*Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað*

Finndu okkur á fasbókinni

Brimborg á Facebook | Max1 á Facebook | Véland á Facebook | Saga bílaleiga á Facebook | Dollar bílaleiga á Facebook | Thrifty bílaleiga á Facebook

komdu í hópinn | Volvo á Íslandi | Ford á Íslandi | Citroën á Íslandi | Mazda á Íslandi | Ford Truck á Íslandi

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | www.ford.is

Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FERSKUR KJÖRFUGL FRÁBÆRT VERÐ Í BÓNUS
FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
659 KR.KG.
FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
259 KR.KG.
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1898 KR.KG.
FERSKIR KJÚKLINGABITAR
498 KR.KG.
MANGÓLAMB
Mango lamb úrbeinað lambalæri
Pataks-mangókryddað úrbeinað og snyrt lambalæri í álbakka tilbúið í ofninn
Frábært verð: 1998 kr.kg
Sérskorið Bónus lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!
BÓNUS FERSKT ÓKRYDDAÐ SÉRSKORIÐ LAMBALÆRI
1359 kr.kg
GRÍSA Veisla
FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
GRÍSAVEISLU FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
798 KR.kg
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
598 KR. PK
BÓNUS ELDHÚSRÚLLUR 6x60 BLÖÐ
360 BLÖÐ Í ÞESSUM PAKKA.
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
SS
SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS
FERSKT ÓKRYDDAÐ LAMBAFILLET
Frábært verð: 2998 kr.kg
KS
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSINN LAMBAHRYGGUR
1398 kr.kg
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
18
598 KR. PK
BÓNUS WC PAPPIR 18x200 BLÖÐ
3600 BLÖÐ Í ÞESSUM PAKKA.
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
pepsi MAX
PEPSI
Egils APPELSÍN
PEPSI - PEPSI MAX - APPELSÍN
89 KR. 500ml.
GRÍSA Veisla
GRÍSA Veisla
10% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 998 KR.KG
GRÍSAVEISLU BAJONSKINKA ÚR GRÍSABÓG
898 kr.kg
Coca-Cola
Coca-Cola zero
Coca-Cola light
COCA COLA KIPPUR 4 FLÖSKUR x 2 LTR.
745 KR.
SPAR HAKK
KF SPARHAKK
359 KR.620g
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## Góður tilbúinn matur fyrir 3-4

Aðeins 998 kr. bakkinn



BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR

BÓNUS BURRITOS 4 STK.

ÞARF AÐEINS AÐ HITA!

BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE

BÓNUS HEILSURÉTTUR




CHICAGO TOWN PIZZA, FIMM OSTATEGUNDIR, SÓSA OG MJÚKUR BOTN 635g

## CHICAGO TOWN PIZZA

498 KR. TAKE AWAY




BÓNUS HRÁSALAT 350g

159 KR.350g




*FERSKT PIZZADEIG 400g*

295 KR. 400g




PIZZAOSTUR

295 KR. 200g




FROSIN SMÁBRAUÐ 9 STK.

198 KR.450g




BÚRFELLS TAÐREYKT HANGIÁLEGG 143g

398 KR. PK.




BÚRFELLS BRAUÐSKINKA 250g

298 KR. 12 SNEIÐAR



KA HANGIÁLEGG

1998 KR.kg




MYLLU FJÖLKORNABRAUÐ

129 KR. 385g

BRAUÐ Á GÓÐU VERÐI

MÁ FRYSTA




198

KR. 26 sneiðar

BÓNUS KORNBRAUÐ 1000g

NÝBAKAÐ Í VERSLUNUM BÓNUS



BAGUETTE BRAUÐ 129 KR.STK




BÓNUS RÆKJUSALAT & TÚNFISKSALAT

198 KR. 200g




BÓNUS FLORIDASAFI

195 KR. 1 LTR.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI

LAUGARD: 10-18

SUNNUD: 12-18

# Trúi að systir mín komi til baka

Fyrir tíu mánuðum hlaut Margrét Stefánsdóttir alvarlega höfuðáverka í hjólreiðaslysi. Hún var ein á ferð og því enginn til frásagnar um hvernig slysið vildi til en það varð Margréti til lífs að vegfarendur komu fljótt að henni og kölluðu til sjúkrabíl. Systir hennar, **Lára Stefánsdóttir,** sagði ***Sigríði Björgu Tómasdóttur*** frá afleiðingum slyssins.

Það voru engin vitni að slysinu sem varð þann 13. maí síðastliðinn. Systir mín hafði þann sama dag fengið nýtt hjól og þegar hún fór að sækja það þá gleymdi hún hjálminum í bílnum sínum. Hún hjólaði alltaf með hjálm en þennan dag var hann ekki með í för. Þetta var dagur þar sem ýmislegt var að gerast hjá henni og hún hjólaði á milli staða, eins og hún var alvön að gera,“ segir Lára Stefánsdóttir sem fallist hefur á að segja sögu systur sinnar, svo að hjólareiðamenn hugsi sig vandlega um áður en þeir stíga á bak reiðhjóli án þess að hafa hjálm. „Systir mín endaði daginn í mat hjá vinkonu sinni og þegar dóttir hennar hringdi í hana síðla kvölds sagðist hún vera að leggja af stað heim. Klukkutíma síðar hringdi dóttir hennar aftur og þá er símanum svarað á gjörgæsludeild Landspítalans, þangað var systir mín, Margrét Stefánsdóttir, komin eftir alvarlegt reiðhjólaslys.“



> Slysið var auðvitað mikið áfall og stundum vill maður ekki trúa því að það hafi gerst.

**LÁRA STEFÁNSDÓTTIR** Er afar þakklát fyrir þær framfarir sem hafa orðið hjá systur hennar og heldur í þá von að Margrét eigi góða framtíð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Lenti á gangstéttarbrún

Eins og áður sagði voru engin vitni að slysinu sem varð á Skálholtsstíg, rétt ofan við Fríkirkjuveg. Margrét virðist hafa fipast við hjólreiðarnar með þeim afleiðingum að hún datt á höfuðið. „Það getur vel verið að bremsurnar á nýja hjólinu hafi komið henni á óvart, að hún hafi ekki vitað hversu snögglega hjólið myndi stöðvast þegar hún gripi í þær. Við vitum náttúrulega ekki af hverju hún bremsaði en hún skall á hægri hlið höfuðsins og lenti til allrar óhamingju á gangstéttarbrún.“

Margrét missti meðvitund við höggið og var flutt með sjúkrabíl á gjörgæslu Landspítalans skömmu eftir að vegfarendur sem komu á slysstað létu vita. „Það vildi henni til lífs að stuttur tími leið þar á milli. Höggið var svo harkalegt að heilinn kastaðist til. Höfuðið tók allt höggið en aðrir líkamlegir áverkar voru litlir sem engir. Við fengum að vita að það sem gæti gerst væri það að heilinn myndi bólgna upp í kjölfarið, hún fengi heilabjúg svokallaðan,“ segir Lára, sem segir áfall fjölskyldunnar vitaskuld hafa verið mjög mikið þegar þau fengu tíðindin um slysið. „Hún fór strax í aðgerð, höfuðkúpan var opnuð til að tappa af blóði í heilanum og í framhaldinu var henni haldið sofandi í nokkrar vikur. Líkami hennar var kældur niður og líkamsstarfssemi haldið í lágmarki til þess að draga úr heilabjúgnum sem myndaðist eftir höggið. Eigi að síður þurfti í kjölfarið að fjarlægja hluta höfuðkúpunnar í nokkrar vikur síðastliðið sumar á meðan mestu bólgurnar voru í heilanum.“



**MARGRÉT STEFÁNSDÓTTIR** Myndin er tekin af Margréti fyrir slysið alvarlega sem hún lenti í 13. maí síðastliðinn.

### Á gjörgæslu í mánuð

Margrét var á gjörgæslu í mánuð eftir slysið og á Landspítalanum fram í miðjan júlí. Bróðurpart þess tíma var hún meðvitundarlaus en er leið á spítaladvölina tók hún að ranka við sér og í júlí var hún flutt á Grensásdeild. Þar hefur hún dvalist síðan og notið góðrar umönnunar og þjálfunar starfsfólksins þar.

„Hún fékk mikið högg á höfuðið og það hafði áhrif á starfsemi heilans, heilastofninn virðist hafa skaðast, en í gegnum hann berast öll boð til líkamans. Síðan í júlí hefur hún tekið miklum framförum þó að langt sé í land að hún verði hún sjálf. En ég hef trú á að hún komi til baka, ég get og vil ekki annað en trúa því,“ segir Lára sem fer oft til systur sinnar og hvetur hana áfram. „Ég tala mjög mikið við hana og gæti þess að tala við hana á sama hátt og fyrir slys. Ég hef lesið reynslusögu Jill Bolte Taylor, taugasérfræðings sem fékk heilablóðfall sem hafði þær afleiðingar að hún gat hvorki gengið, talað, lesið, skrifað né munað nokkuð úr lífi sínu. Hún var heil sjö ár að ná sér en gerði það að lokum og hefur lýst því hve hrikalegt það var þegar fólk talaði um hana eins og hún væri ekki á staðnum. Hún heyrði allt en gat ekki tjáð sig, við viljum ekki falla í þessa gryfju með Margréti.“

### Held í vonina

Margrét hefur mjög skerta þjálfun til að bæta hana. Höggið sem Margrét fékk hefur ennfremur haft þær afleiðingar að hún missti minnið, og getuna til að tjá sig.

„Starfsfólk Grensáss og við í fjölskyldu hennar erum að vinna í að þjálfa hana með markvissum hætti, sýna henni myndir og ræða málin við hana,“ segir Lára sem hefur ekki misst vonina um að systir hennar eigi sér góða framtíð. „Ég get ekki og vil ekki missa þá von. Slysið var auðvitað mikið áfall og stundum vill maður ekki trúa því að það hafi gerst, en þetta er staðreyndin, svona er lífið,“ segir Lára sem ásamt systur sinni, bróður, foreldrum og börnum Margrétar hefur fylgst vel með endurhæfingunni. „Það hafa auðvitað orðið miklar framfarir síðan í sumar, sem við erum mjög þakklát fyrir. Hún er farin að mynda sér skoðanir aftur og húmorinn, hennar sterka hlið, er í lagi og stutt í hláturinn,“ segir Lára og brosir.

Brosið er þó fljótt að hverfa þegar talið berst aftur að slysinu sem Lára segir ljóst að hefði orðið með öðrum brag hefði systir hennar haft hjálminn á höfðinu eins og hún var vön. „Hjálmurinn hefði tekið höggið og afleiðingarnar hefðu því ekki orðið jafn alvarlegar og þær urðu,“ segir Lára að lokum.

## ALVARLEGUM HJÓLREIÐASLYSUM FJÖLGAR

### Mæla eindregið með notkun hjálma



**Einar Magnús Magnússon upplýsingafulltrúi Umferðarstofu**

Helmingi fleiri hjólreiðamenn slösuðust alvarlega á síðasta ári en árið 2009. Árið 2010 voru þeir 21 en tíu árið á undan. Alls slösuðust 82 hjólreiðamenn í umferðinni á síðasta ári miðað við 46 árið á undan. „Okkur er mjög brugðið að sjá þessar tölur,“ segir Einar Magnús Magnússon upplýsingafulltrúi Umferðarstofu. „En meginskýringin á aukningunni er eflaust sú að hjólreiðamönnum hefur fjölgað í umferðinni. Það er hér líka skortur á vitund ökumanna og tillitssemi í garð hjólreiðafólks,“ segir Einar og bendir á að hjólreiðaslys rati ekki inn í slysaskrá Umferðarstofu nema lögreglan sé kölluð á vettvang og því sé ekki hægt að gera ráð fyrir að slysaskráningin nái yfir öll reiðhjólaslys, til dæmis ekki þau sem verða þegar fólk fellur og fer sjálft á slysadeild .

Af þeim 21 sem slösuðust alvarlega á síðasta ári ók bíll á 15 en fimm duttu á hjóli, ekki eru enn upplýsingar um orsök eins slyssins í slysaskrá. Tólf af þessum 21 voru ekki með hjálm, tveir voru með hjálm og í sjö slysanna var ekki skráð hvort að hjálmur hefði verið notaður.

Einar segir að bregðast þurfi við þessum upplýsingum, hátt hlutfall þeirra sem slösuðust alvarlega og voru ekki með hjálm sé sláandi. „En þess ber að geta að hér þarf að greina slysin nánar, vitanlega geta einhver þessara meiðsla verið annað en höfuðmeiðsl og í þeim tilfellum hefði hjálmur ekki skipt máli. En fljótt á litið þá undirstrikar hlutfallið það sem við höfum haldið að afleiðingar hjólaslysa þar sem reiðhjólamaður var ekki með hjálm geti verið alvarlegar.“

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til umferðarlaga þar sem lagt er til að ráðherra verði heimilt að setja reglugerð um hlífðar- og öryggisbúnað óvarinna vegfarenda. Það felur í sér að hægt væri að skylda fólk til að nota reiðhjólahjálma. Umferðarstofa mælir eindregið með því að fólk noti hjálma og Einar segir dæmin þar sem hjálmar draga úr alvarleika reiðhjólaslysa svo mörg að það hljóti að mæla með því að hjólreiðamenn séu alltaf með hjálm. „Ég skil ótta manna við meinta forræðishyggju en hins vegar treysti ég á álit þeirra sem rannsaka slysin og lækna til að kveða úr um það hvort að það sé nauðsyn að skylda okkur að nota hjálmana eða ekki.“

Einar bendir á að lokum að þrátt fyrir allt séu hjólreiðar einn öruggasti ferðamáti sem um getur, hann sé hins vegar ekki hættulaus eins og dæmin sanni.

### Slysatölur hjólreiðamanna




**Af þessum 21 árið 2010 voru**
**Ekki með hjálm**: 12 einstaklingar
**Ekki vitað**: 7 einstaklingar
**Með hjálm**: 2 einstaklingar.

**15** þessara slysa urðu af völdum þess að **ekið var á** hjólreiðamann. **5** voru af völdum þess að **reiðhjólamaður fellur**. Ekki er vitað um eitt slysið.

OPIÐ ALLA HELGINA

# Heitt helgartilboð

## Ekki missa af þessu !



Vönduð gæsadúnsæng

+



Dúnkoddi 50x70 cm



= 17.800,-

Allur pakkinn



Sængurverasett að eigin vali !

Fylgir frítt!

# Frábær fermingargjöf



Gerið verð- og gæðasamanburð!

**Interbed heilsurúm**

| Stærð cm. | Verð kr. | Tilboð kr. |
|---|---|---|
| 90x200 | 98.400,- | 79.900,- |
| 100x200 | 106.900,- | 84.900,- |
| 120x200 | 121.900,- | 98.900,- |
| 140x200 | 148.900,- | 119.900,- |

- Vandað 5 svæðaskipt gormakerfi
- Góðar kantstyrkingar - aukið svefnsvæði
- 100% náttúruleg efni í áklæði
- Val um svartan eða hvítan botn
- 5 ára ábyrgð

FRÁBÆR SVEFNSÓFI



75.900,-

Rúmfatageymsla

ILMUR MÁNAÐARINS



25% AFSLÁTTUR

YANKEE CANDLE®

*a passion for fragrance®*

Yfir 40 ilmtegundir

ÞÆGILEGUR



69.900,-

Hægindastóll í tau

OPIÐ

Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-17
Sun frá kl. 13-17

DORMA

– býður góða nótt

Ilmstrá mikið úrval!



Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

# Berlusconi og vandræðin

Hinn umdeildi **forsætisráðherra Ítalíu** er í þriðja sæti yfir ríkustu menn lands síns. Hann telst fjórtándi áhrifamesti maður heims, þrátt fyrir að vera hafður að athlægi á leiðtogafundum. Heima fyrir á hann í stöðugum hneykslismálum og vílar ekki fyrir sér að breyta landslögum til þess að koma sér undan málaferlum. *Guðsteinn Bjarnason* rekur sögu þessa sérstæða stjórnmálamanns.

Þrenn málaferli tengd Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, bíða afgreiðslu dómstóla á næstu vikum. Tvenn tengjast ásökunum um skattsvik annars vegar og mútugreiðslur hins vegar, en þriðju málaferlin snúast um unga stúlku sem Berlusconi er grunaður um að hafa átt kynlíf með og greitt peninga fyrir, þótt hún hafi verið undir lögaldri.

Stúlkan er frá Marokkó, heitir Karima El Maroug en hefur gengið undir nafninu Ruby Rubacouri. Hún var undir lögaldri, eða sautján ára, þegar hún segist hafa fengið þrjátíu þúsund evrur frá Berlusconi. Hún segist jafnframt hafa tekið þátt í kynlífsveislum á vegum Berlusconis, en neitar því að hafa farið í rúmið með honum.

Berlusconi er sagður hafa beitt embættisvöldum sínum til að koma í veg fyrir að upp um þetta mál kæmist, en á næstu vikum ræðst hvernig þessu máli, sem og hinum tveimur, reiðir af fyrir dómstólum.




**NÓG KOMIÐ** Þúsundir manna tóku þátt í mótmælum gegn Berlusconi nú í febrúar, sem konur höfðu boðað til undir kjörorðunum „Nú er nóg komið" og „Ef ekki nú, þá hvenær?" NORDICPHOTOS/AFP

### Málaferlin elta manninn

Silvio Berlusconi hefur verið áhrifamaður í ítölskum stjórnmálum í sautján ár, þar af forsætisráðherra samtals í áratug, nú síðast samfleytt síðan 2008.

Þar áður var hann einkum þekktur sem umsvifamikill auðjöfur sem hafði sölsað undir sig helstu fjölmiðla landsins. Hann notaði fjölmiðlana sína óspart til að auglýsa sig þegar hann ákvað að fara út í stjórnmál og vann nokkuð auðveldlega sigur í kosningum árið 1994.

Strax á fyrstu mánuðunum byrjuðu gömul og ný hneykslis- og dómsmál að skjóta upp kollinum. Hann hefur undanfarna þrjá áratugi reglulega sætt ásökunum og ákærum fyrir margvíslega glæpi, þar á meðal skattsvik, fjármálamisferli, mútugreiðslur og tengsl við mafíuna.

Hann hefur þó til þessa staðið af sér þau mál öll og látið allt umtal sem vind um eyrun þjóta. Hann er vanur því að vera umdeildur og vílar ekki fyrir sér að breyta landslögum til þess að sleppa undan málaferlum.

Nú síðast komst stjórnlagadómstóll landsins þó að þeirri niðurstöðu í janúar síðastliðnum að lög, sem hann hafði fengið þingið til að samþykkja og áttu að tryggja honum frið frá málaferlum meðan hann gegnir embætti forsætisráðherra, stæðust ekki stjórnarskrá.

### Vinsældir

Vinsældir Berlusconis meðal Ítala hafa löngum komið útlendingum undarlega fyrir sjónir. Margir landsmanna hans virðast þó hafa kunnað að meta hvað hann er frakkur í tali og stundum hreinlega ósvífinn.

„Ég er enginn venjulegur stjórnmálamaður," sagði Silvio Berlusconi árið 2003 þegar hann hafði misst út úr sér einhver ósmekkleg ummæli um þýskan stjórnmálamann.

„Ég er gæddur kímnigáfu," hélt hann áfram, „en ég skal reyna að mýkja hana og verða leiðinlegur, kannski jafnvel mjög leiðinlegur, en ég er ekki viss um að ég geti það."

Honum hefur þó greinilega ekki tekist það, því enn á hann í stöðugum hneykslismálum heima fyrir og málaferlum, sem hann hefur reynt að fresta með stjórnarskrárbreytingum, verður haldið áfram á næstu vikum.

Pólitískur ferill Berlusconis virtist raunar á enda kominn í haust þegar Gianfranco Fini, gamall félagi Berlusconis úr pólitíkinni, sagði skilið við stjórn hans ásamt flokksfélögum sínum.

Í desember stóð Berlusconi hins vegar naumlega af sér atkvæðagreiðslu á þingi um vantrauststillögu og situr því enn sem forsætisráðherra þrátt fyrir laskaðan stjórnarmeirihluta.

### Þriðji ríkasti Ítalinn

Á lista tímaritsins Forbes yfir auðugustu menn veraldar er Berlusconi í 118. sæti þetta árið. Auðæfi hans eru metin á 7,8 milljarða Bandaríkjadala, en það samsvarar nærri 900 milljörðum króna.

Þetta er heldur lægri tala en á síðasta ári, þegar auðæfi hans voru metin á 9 milljarða dala, en nokkrar sveiflur hafa verið á auðæfum hans undanfarin ár, eins og kannski er eðlilegt. Þannig komust þau hæst í 12 milljarða dala árið 2005 en voru 5,9 milljarðar árið 2003.

Berlusconi er einnig eyðslusamur maður og drjúgur hluti fjárins virðist fara í skemmtanir og kvennafar. Ítalska dagblaðið Corriere della sera birti í vikunni yfirlit yfir fjárútlát forsætisráðherrans til einkaneyslu árið 2010, sem í heildina námu 34 milljónum evra eða ríflega fimm milljónum króna.

Þar kemur fram að 562 þúsund evrur, eða rúmlega 90 milljónir króna, fóru í gjafir til fjórtán ungra kvenna. Ekki kemur fram hvort óvenju hátt hlutfall eyðslunnar þetta árið hafi farið í ungar konur, en vorið 2009 hafði eiginkona hans, Veronica Lario, að minnsta kosti fengið nóg af kvennafarinu og sótti um skilnað.

### Vill fá að skemmta sér

Á yngri árum vann Berlusconi fyrir sér sem dægurlagasöngvari á skemmtiferðaskipum og enn tekur hann sér gjarnan hljóðnema í hönd í veislum og bæði syngur og segir brandara.

Þegar mál marokkósku stúlkunnar komst í hámæli í haust sagðist Berlusconi stundum þurfa að slaka á og ætti fullan rétt á því. „Líf mitt er hræðilegt. Því fylgir ofurmannlegt álag," sagði hann í blaðaviðtali. „Ég vinn meira en nokkur maður, alveg til klukkan hálftvö að nóttu."

Á hinn bóginn stærði hann sig af því að vera góður gestgjafi og hafa gaman af að bjóða fólki í veislur.

„Ég er mjög stoltur af hæfileikum mínum til að vera gestgjafi, frekar sérstakur og kannski óviðjafnanlegur gestgjafi," sagði hann. „Ég er fullur gáska, fullur af lífi. Ég nýt lífsins, ég elska konur."



**RÓÐURINN ÞYNGIST** Málaferli verða ekki lengur umflúin, þingmeirihlutinn er tapaður og mikil óvissa um framtíð Berlusconis í ítölskum stjórnmálum. Hann er orðinn 74 ára en lætur þó engan bilbug á sér finna. NORDICPHOTOS/AFP

## HRÓKUR ALLS FAGNAÐAR











# INDVERSKIR DAGAR

## Á VOX BISTRO DAGANA 14.-20. MARS



Verið hjartanlega velkomin á indverska daga á VOX Bistro, dagana 14.-20. mars. Tveir frábærir gestakokkar frá Ashok hótelinu í Delí, þeir Amit Gothwal og Manoj Madaan, munu leggja okkur lið og hafa meðferðis ferskt og framandi hráefni frá Indlandi. Komið og bragðið á spennandi fléttu þar sem indversk matarhefð er leidd inn í nýnorræna eldhúsið.

**Hádegi og brunch – 3.150 kr.**
(hálfvirði fyrir börn 6-12 ára og frítt fyrir þau yngstu)

**Kvöldverður, þriggja rétta seðill – 5.850 kr.**

Borðapantanir í síma 444 5050 og á vox.is

सत्यमेव जयते

Indverskir dagar eru haldnir í samstarfi við indverska sendiráðið

VOX
RESTAURANT / BISTRO

VOX Restaurant
18.30 - 22.30
Opið mið. - lau.

VOX Bistro
11.30 - 22.30
Opið alla vikuna

Hilton Reykjavík Nordica
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 50 50

# BRITSAVE

***Hallgrímur Helgason*** **rekur hér sögu breska netbankans sem gerði marga Íslendinga ríka en síðan reiða og loks brjálaða, nú þegar rétt um fjórar vikur eru þar til Bretar ganga að kjörborðinu, þar sem örlög Britsave-málsins munu ráðast, eftir að Elísabet II Englandsdrottning synjaði lögunum staðfestingar.**




Haustið 2006 setti British Avland Bank upp netbankaútibú hér á landi og kallaði Britsave. Hvorki íslenskar né breskar eftirlitsstofnanir gerðu athugasemdir við starfsemina þrátt fyrir að búa yfir upplýsingum sem sýndu að bakhjarl netbankans stóð völtum fótum. Britsave bauð upp á mun betri ávöxtun en þekktist hérlendis. Ófáir Íslendingar hlupu til og fluttu sparnað sinn úr íslensku bönkunum yfir í breska netbankann.

Í byrjun árs 2008 tók að hrikta í fjármálakerfi heimsins og beindust augu margra að Bretlandi. Fjármálasérfræðingar höfðu áhyggjur af ofvexti breska bankakerfisins og vöruðu stjórnmálamenn ítrekað við hættunum sem af því gætu stafað. Gekk þetta svo langt að á fundi forsætisráðherra Íslands og Bretlands í apríl sama ár lagði sá fyrrnefndi til að Bretar hugleiddu aðstoð frá AGS. Um líkt leyti birtist breski seðlabankastjórinn í símaviðtali á Stöð 2 þar sem hann fullvissaði Íslendinga um að ef illa færi myndi breski innstæðutryggingasjóðurinn ábyrgjast Britsave-reikningana. „En jafnvel þó svo færi, breska ríkið verandi skuldlaust, væri það ekki of stór biti fyrir ríkið að kyngja, ef það ákvæði að kyngja honum.“

### Svartur október

Um haustið skall alþjóðlega fjármálakreppan á. British Avland Bank var einn þeirra banka sem riðuðu til falls í kjölfar gjaldþrots Lehman Brothers í New York. Breski seðlabankastjórinn mætti nú í viðtal á BBC og fullyrti, þvert á fyrri orð, að bresk stjórnvöld myndu „ekki ábyrgjast skuldir óreiðumanna“. Þótt óljóst væri hvað fólst í þeim orðum vöktu þau ugg meðal íslenskra ráðamanna og í býtið daginn eftir krafði íslenski fjármálaráðherrann kollega sinn í Lundúnum um skýr svör. Þegar þau fengust ekki greip íslenska ríkisstjórnin til þeirra ráða að frysta allar eigur Britsave á Íslandi með sérstakri lagasetningu. Sú aðgerð dugði hins vegar skammt því í ljós kom að allt fé netbankans var á bak og burt. Síðar um daginn bárust svo fréttir af því að breska fjármálaeftirlitið hefði yfirtekið rekstur móðurbankans. British Avland var fallinn og íslenskur almenningur stóð uppi með tóma innlánsreikninga. Viðbrögð fólks lýstu reiði og vonleysi. Margir höfðu tapað ævisparnaðinum, aðrir aleiginni.

Um kvöldið safnaðist hópur fólks framan við breska sendiráðið í Reykjavík. Rúður voru brotnar og bál var kveikt. Ólætin stóðu langt fram eftir nóttu og yfir tuttugu einstaklingar gistu fangageymslur. Sérsveit lögreglu náði við illan leik að forða breska sendiherranum, fjölskyldu hans og starfsfólki sendiráðsins, út bakdyramegin í brynvarinn bíl.

### Bretahatur

Ekkert lát var á mótmælum næstu vikur og óeirðalögregla tók upp fasta vakt við sendiráðið. Það kom þó ekki í veg fyrir að kveikt væri í húsinu um miðjan nóvember. Fyrirhuguðum Íslandsheimsóknum hljómsveitanna Travis og Belle & Sebastian var aflýst, hundruð manna sögðu sig úr Manchester United-, Arsenal- og Liverpool-klúbbunum, og í Reykjanesbæ komu unglingar saman og brenndu Harry Potter-bækur á tröppum ráðhússins.

Fréttatímarnir yfirfylltust af viðtölum við fokreiða landa: Kona á Selfossi hafði tapað andvirði einbýlishúss, hjón á Hofsósi misstu sjóðinn sem þau höfðu safnað í til elliáranna, maður í Kópavogi tapaði 160 milljónum króna. Ýmis félagasamtök og stéttarfélög áttu einnig um sárt að binda. Þannig tapaði Félag langveikra barna öllum framlögum sem safnast höfðu í nýliðinni landssöfnun, og Rauði krossinn afrakstri átaksins Göngum til góðs. Með sjónvarpsviðtölum við reiða Íslendinga birtust svipmyndir af bankastjórunum bresku og hugmyndafræðingunum á bakvið Britsave, jakkafataklæddum á ferð um fjármálahverfi Lundúnaborgar.

### Náin tengsl

Ekki minnkaði reiði landsmanna þegar fjölmiðlar tóku að grafast fyrir um fortíð bankans. Í ljós kom að British Avland-bankinn hafði lengst af verið ríkisbanki en í umdeildri einkavæðingu í byrjun aldar verið seldur hópi kaupsýslumanna með vafasama fortíð í Rússlandi Jeltsíns. Tíunduð voru tengsl hópsins við ráðherra í bresku ríkisstjórninni og staðfest að varaformaður stjórnar bankans var einkavinur þáverandi forsætisráðherra Bretlands. Sá síðarnefndi var nú orðinn seðlabankastjóri, sá hinn sami og hafði fullvissað íslenskan almenning um ábyrgð breskra yfirvalda á Britsave. Þá vakti það enn fremur gremju er fréttist að ráðuneytisstjóri í breska fjármálaráðuneytinu hafði selt hlutabréf sín í BAB, fyrir tæplega eina milljón punda, tveimur vikum fyrir fall bankans, eftir að hafa setið neyðarfundi um fallvaltleika Britsave-reikninganna.

### Með góðu eða illu

Bretahatrið tók þó fyrst við sér þegar breska ríkisstjórnin neitaði að gangast í ábyrgð fyrir British Avland þegar í stað og greiða fyrir tjón viðskiptavina hans á Íslandi, en tapið var talið hlaupa á eitt til tvö hundruð milljörðum íslenskra króna. Einkum lagðist þessi afstaða illa í landann í ljósi þess að nokkrum vikum áður hafði breska þingið samþykkt neyðarlög sem tryggðu allar innstæður í þeim útibúum breskra banka sem starfrækt voru á Bretlandseyjum.

Að loknum löngum fundi ákvað ríkisstjórn Íslands að bæta þeim landsmönnum sem áttu fé á Britsave-reikningunum tapið með sérstökum framlögum úr ríkissjóði. Ákvörðunin var umdeild. Margir sökuðu Britsave-reikningshafa um græðgi, og setningar eins og „þetta fólk getur sjálfu sér um kennt“ og „af hverju á öll þjóðin að blæða fyrir græðgi örfárra?“ flugu um netheima. Málið fékkst þó samþykkt á Alþingi með naumum meirihluta. Við umræðurnar lét fjármálaráðherra þau orð falla að vissulega væri málið „ómurlegt í heild sinni“ en fleira yrði að gera en gott þætti. Hann fullvissaði þjóðina um að hér væri aðeins um tímabundin útgjöld að ræða. „Þessa peninga munum við sækja til Bretlands, með góðu eða illu!“

### Britsave II

Í byrjun árs 2009 voru fyrstu samningafundirnir í Britsave-deilunni haldnir í Reykjavík. Bretar höfðu þá viðurkennt ábyrgð sína á innstæðunum eftir þrýsting frá Evrópusambandinu og undirritað viljayfirlýsingu (Britsave I) þess efnis. Deilan hafði þá vakið talsverða athygli utan landanna tveggja, ekki síst hin óbilgjarna afstaða Breta, þar sem Britsave-skuldin var einungis brot af þarlendri þjóðarframleiðslu. Breska stjórnin taldi málið þó mikilvægt því það hefði „ótvírætt fordæmisgildi“.

> Ekkert lát var á mótmælum næstu vikur og óeirðalögregla tók upp fasta vakt við sendiráðið. Það kom þó ekki í veg fyrir að kveikt væri í húsinu um miðjan nóvember.

Snemmsumars lágu samningsdrög fyrir og voru skömmu síðar lögð fyrir breska þingið en mættu þar mikilli andstöðu. Harðastir gegn samningunum voru samflokksmenn forsætisráðherrans fyrrverandi sem nú gegndi embætti seðlabankastjóra. Umræður um málið urðu hatrammar og stóðu með hléum allt til áramóta þegar Britsave II var loks samþykkt í breska þinginu með stuðningi nokkurra þingmanna úr minnihlutanum. Samkvæmt samningunum skuldbundu Bretar sig til að láta þrotabú British Avland-bankans ganga upp í Britsave-skuld þeirra við Íslendinga og greiða síðan eftirstöðvarnar á tíu árum.

### Óvænt útspil

Hin langa saga málsins tók hinsvegar óvæntan snúning þegar Englandsdrottning beitti fornu lagaákvæði, sem aðeins einu sinni áður hafði verið virkjað í breskri sögu, og vísaði málinu í þjóðaratkvæði. Meginrök drottningar voru þau að „gjá hefði myndast milli þings og þjóðar“, en deilan brann heitt á breskum almenningi sem leit á Britsave-málið sem prófstein á það að græðgi fjárglæframanna nyti ekki ábyrgðar ríkissjóðs. Vikurnar á undan höfðu nýstofnuð samtök áhugafólks, ItDepends, safnað yfir 30 milljón undirskriftum sem skoruðu á drottningu að synja lögunum staðfestingar.

Til að gera langa sögu stutta felldi breska þjóðin málið í þjóðaratkvæðagreiðslu með miklum meirihluta. Viðbrögðin á Íslandi létu ekki á sér standa. Ný tegund mótmæla varð til þess að flugfélögin Icelandair og Iceland Express lögðu endanlega niður flug til Bretlandseyja, og stuttu síðar varð Framhaldsskólinn á Húsavík fyrstur skóla til að leggja alfarið niður kennslu í ensku. Sjálfhætt var hjá íslensku leikmönnunum í enska boltanum og þeir komu saman heim með Goðafossi í lok janúar. Þá var hárgreiðslukona úr Grindavík hætt komin er hún kveikti í sér á Trafalgar-torgi í miðborg Lundúna.

### Britsave III

Við tók ný samningalota sem, vegna þingkosninga og stjórnarskipta í Bretlandi, lauk ekki fyrr en síðla hausts 2010. Skipuð hafði verið ný samninganefnd fyrir Íslands hönd, undir forystu bandaríska samningamannsins Lee Bullhawk. Bretar mættu einnig með nýskipað lið. Fyrir nefnd þeirra fór Daninn Jesper Poulsen, sem samkvæmt breskum dagblöðum var talinn „þekkja vel hugarfar hinnar óbilgjörnu norrænu eyþjóðar“. Ráðning hans lagðist illa í marga Íslendinga og samfara nýtilkomnu Bretahatri gekk hið fræga Danahatur í endurnýjun lífdaga.

Nýr samningur í Britsave-málinu lá fyrir í lok nóvember. Ekki voru allir sannfærðir um ágæti hans. Í Silfri Egils og fleiri þáttum fullvissuðu íslensku samningamennirnir þjóð sína um að lengra yrði ekki komist gagnvart þessari „þrjósku og nísku eyþjóð“ á meðan sömu menn voru í símatímum útvarpsstöðva sakaðir um landráð. Í Bretlandi risu deilurnar þó öllu hærra. Þarlendir sérfræðingar í Evrópurétti, sem og lagaprófessorar við háskólana í Oxford og Cambridge, fullyrtu að Bretum bæri „engin lagaleg skylda til að bæta það tjón sem breskur einkabanki veldur í öðrum löndum“, töluðu um „prinsippmál“ og vildu láta reyna á „dómstólaleiðina“. Aðrir töldu þó farsælla að leysa málið með samningum, ella gæti það endað fyrir Evrópudómstólnum þar sem Bretar ættu síður von á góðu, í ljósi þess hvernig deilan hófst.

Eftir stutta en snarpa umræðu í breska þinginu var Britsave III samþykkt með traustum meirihluta atkvæða. „Það er gott að fá þetta mál út úr heiminum,“ sagði stjórnarþingmaður í viðtali við Sky-fréttastöðina.

### Þjóðin sem löggjafi

Elísabet önnur Englandsdrottning var þó ekki á sama máli. Eftir að hafa tekið sér tveggja sólarhringa umhugsunarfrest ákvað hún að vísa hinum nýja samningum til þjóðarinnar, rétt eins og þeim fyrri. „Það grundvallaratriði hlýtur því að ráða niðurstöðu krúnunnar, hvað sem líður kostum hinna nýju samninga, að þjóðin fór með löggjafarvald í Britsave-málinu og ekki hefur tekist að skapa víðtæka sátt um að þingið ráði nú eitt niðurstöðu málsins.“

Tilkynningu Bretadrottningar var sjónvarpað beint á Íslandi og óhætt er að segja að landið hafi nötrað í kjölfarið. Forsætisráðherra hvatti fólk til stillingar en þrátt fyrir það söfnuðust um það bil tvö þúsund manns við breska sendiráðið og létu ófriðlega. Bretahatrið náði nýjum hæðum. Fremstir í flokki fóru Evrópuandstæðingar, anarkistar, ungir andkapítalistar og nýstofnaður flokkur þjóðernissinnaðra hægrimanna, Heimavörn. Var þess krafist að Íslendingar slitu stjórnmálasambandi við Breta þegar í stað og sendiráðinu í Lundúnum yrði lokað.

Á stærstu gatnamótum höfuðborgarinnar birtust níðmyndir af Englandsdrottningu sem og andsamkynhneigð slagorð um leikarann og sjónvarpsmanninn Stephen Fry. Þá voru tvær naktar brúður sem hengdar höfðu verið í göngubrú yfir Miklubraut látnar óáreittar af lögreglu. Brúðurnar, sem héngu í hengingar-ól og skörtuðu áberandi kynfærum, sýndu andlit Karls Bretaprins og Camillu konu hans. Eftir að rúður höfðu verið brotnar á skemmtistaðnum Players og fleiri boltabörum ákvað Stöð 2 Sport síðan að leggja niður útsendingar frá leikjum í enska boltanum. RÚV brást við með því að fresta frekari sýningum á bresku sjónvarpsefni, svo sem Skúla skelfi, Taggart og Dauðir rísa.

### Amman og dópið

Nú er aðeins tæpur mánuður þar til Bretar ganga að kjörborðinu. Margir Íslendingar láta sér fátt um finnast á meðan aðrir fylgjast með kosningabaráttunni í gegnum breskar sjónvarpsstöðvar og netsíður, en flestir íslenskir fjölmiðlar hafa nú úthýst öllum fréttum frá Bretlandi. Sjónarmiðin sem heyrast eru söm og áður. Andstæðingar samninganna fullyrða að það sé „ekkert í evrópskri löggjöf sem skipar okkur að borga Britsave“ á meðan fylgjendur þeirra vilja „sýna Íslendingum sanngirni“.

Í vikunni sem leið vakti sjónvarpskonan Urmee Dhai nokkra athygli er hún lýsti því yfir í þætti sínum að „Bretar verði þó að horfast í augu við þá staðreynd að hér fór breskur banki ránshendi um íslensk heimili“. Sjónarmið hennar þótti þó missa vægi er breskir miðlar greindu frá vinskap hennar við íslensku forsetafrúna. Hinn kunni dálkahöfundur Guardian, Arthur Donaly, orðaði andstæð sjónarmið er hann þvertók fyrir að Britsave-málið væri hefðbundin milliríkjadeila. „Málið er miklu stærra en svo. Það snýst um þá einföldu kröfu að almenningur sé ekki látinn blæða fyrir asnaskap gráðugra bankamanna. Af hverju ætti amma gamla að greiða fíkniefnaskuld barnabarnsins?“ Vöruflutningabílstjóri á Bíldudal, sem tapað hafði „heilsunni og fjölskyldunni“ á Britsave, brást við þeim orðum með því að brenna breska fánann í garðinum hjá sér, í fimmtánda sinn.

Nýjustu skoðanakannanir sýna að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar geta farið á hvorn veginn sem er. Kosið verður 9. apríl.

**Rithöfundur og myndlistarmaður**



Hallgrímur Helgason er rithöfundur og myndlistarmaður. Hann hefur reglulega skrifað pistla í Fréttablaðið. Síðasta skáldsaga hans „10 ráð til að hætta að drepa fólk og byrja að vaska upp“ kom út 2008. Hallgrímur vinnur nú að nýrri skáldsögu sem væntanleg er með haustinu. Þá er kvikmyndin Rokland, byggð á samnefndri skáldsögu frá 2005, til sýnis í kvikmyndahúsum.


Borgarveisla
28. apríl – 3 nætur
Prag
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Ilf *** 28. apríl í 3 nætur með morgunverði.
frá 79.900 kr.
5.maí – 4 nætur
Barcelona
Netverð á mann m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Zenit **** 5. maí í 4 nætur.
frá 109.990 kr.
31. mars – 4 nætur
Sevilla
Netverð á mann, m.v gistingu í tvíbýli á Hotel Monte Carmelo **** 31. mars í 4 nætur með morgunmat. Aukagjald fyrir einbýli kr. 22.680.
frá 99.900 kr.
21. apríl – 4 nætur
Búdapest
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Mercure Duna *** eða Hotel Tulip Inn *** 21. apríl í 4 nætur með morgunverði.
28. apríl – uppseld
frá 89.900 kr.
bókaðu beint á heimsferdir.is
Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is
Heimsferðir
ENNEMM / SIA • NM45388
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

# Síðasta helgin!







~~14.990,-~~ 4.990,-




~~3.990,-~~ 1.990,-




~~7.215,-~~ 3.490,-




~~5.680,-~~ 2.840,-




~~1.990,-~~
990,-




~~3.980,-~~
990,-




~~5.980,-~~
2.980,-




~~6.490,-~~
1.290,-




~~2.980,-~~
690,-

Opið frá kl. 10 – 18 alla daga




~~4.790,-~~
2.390,-




~~6.990,-~~
3.490,-




~~5.490,-~~
1.990,-

# AÐEINS TVEIR DAGAR EFTIR!




~~3.990,-~~ 1.990,-




~~3.990,-~~ 1.990,-




~~5.990,-~~ 2.490,-




~~4.490,-~~ 1.999,-




~~1.290,-~~
490,-




~~1.290,-~~
690,-




~~2.450,-~~
990,-




HLJÓÐBÓK
~~1.890,-~~
990,-




~~5.680,-~~
1.990,-

DYNAMO REYKJAVIK

**Nú fer hver að verða síðastur!**





**HRESS** Krökkunum í Glee er fátt óviðkomandi þegar tónlist er annars vegar. Hér sjást þau taka lag úr Rocky Horror Picture Show.

# Söngelskir skólakrakkar slá í gegn

Sjónvarpsþættirnir **Glee** segja frá framhaldsskólanemum í söngklúbbi sem starfar undir stjórn spænskukennarans Will Schuester. ***Bryndís Hjálmarsdóttir*** hitti nokkra af leikurum þessara vinsælu þátta í London.

## Tók leiklistina fram yfir ástina

Matthew Morrison leikur spænskukennarann jákvæða Will Schuester sem vill hefja Glee-klúbbinn í Prospect High School aftur til vegs og virðingar. Það gengur hins vegar ekki þrautalaust fyrir sig. Fyrirmyndina að kennaranum segist Matthew sækja til tveggja kennara sinna í framhaldsskóla sem hann er enn í góðu sambandi við. Sjálfur segist Matthew hafa verið í svipuðum klúbbi og Glee þegar hann var í framhaldsskóla, þar sem áhersla var lögð á dans og söng. Spurður hvernig hann hafi verið í skóla segir Matthew: „Ég var nú bara ósköp venjulegur í skóla, eyddi miklum tíma í fótbolta og í leikfélaginu og átti vini úr báðum hópum þannig að ég upplifði bæði líf fótboltastrákanna og leiklistarkrakkanna. Ég verð reyndar að viðurkenna að ég var valinn ballkóngur [prom king] á lokaársballinu í framhaldsskóla," segir hann og hlær vandræðalega.



Matthew er mikill fótboltaáhugamaður og spilaði sjálfur í framhaldsskóla. Hann minnist þess að hafa þurft að velja á milli fótboltans og leiklistarinnar. Hann sjái svo sannarlega ekki eftir því að hafa valið leiklistina því hún gefi honum svo mikið. Það sem meira er: Matthew tók leiklistina fram yfir ástina. „Ég vinn svo stíft að ég hef eiginlega ekki tíma til að sinna neinu sambandi. Í upphafi þáttaraðarinnar átti ég kærustu en þar sem ég var stanslaust að vinna gekk það ekki upp. Ég hef lært að leiklistin getur verið einmanaleg atvinnugrein en hún er þess virði þar sem ég hef brennandi áhuga á henni."

Í fyrra sat Matthew fyrir í myndatöku fyrir tímaritið Vogue þar sem grjótharðir kviðvöðvar hans sáust og vöktu myndirnar mikið umtal. Spurður hvernig hann nái að halda sér í svona góðu formi segist Matthew hafa æft ótrúlega stíft þegar hann vissi að hann væri á leið í myndatöku. „Ég ætlaði ekki að sýna á mér bumbuna við hliðina á fyrirsætunum. Um leið og myndatakan var búin fór ég hins vegar og át hamborgara því ég hafði verið svangur síðastliðinn mánuðinn."

Spurður hvaða leikarar hafi haft áhrif á hann segir Matthew: „Marlon Brando og Paul Newman hafa haft mikil áhrif á mig sem leikara og ég er líka sérstaklega mikill aðdáandi James Dean."




Markaðssókn | Nýsköpun | Þekkingaryfirfærsla | Erlend markaðsfærsla | Viðskipta- og vöruþróun

Iðnaðarráðuneytið í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands

**Auglýst eftir umsóknum um styrki**

**Iðnaðarráðuneyti** auglýsir eftir umsóknum um styrki til verkefnisins *Atvinnusköpun í sjávarbyggðum*, sem byggja á tekjum af sölu aflaheimilda fiskveiðiárin 2009/2010 og 2010/2011 til að veiða á skötusel og til frístundaveiða, sbr. lög um stjórn fiskveiða.

**Atvinnusköpun í sjávarbyggðum** er tímabundinn verkefnasjóður sem hefur það að markmiði að skapa varanleg störf, efla atvinnusköpun og auka fjölbreytni atvinnulífs í sjávarbyggðum.

**Áhersla verkefnisins er á hagnýtingu nýrra hugmynda** og leitast verður við að styðja verkefni sem fela í sér nýsköpun, þekkingaryfirfærslu og hugverk. Stuðningur getur m.a. falist í viðskipta- og vöruþróun, markaðssókn og erlendri markaðsfærslu.

Atvinnusköpun í sjávarbyggðum leitar eftir verkefnum sem fela í sér **ný atvinnutækifæri** og byggja á **styrkleikum sjávarbyggða**.

Hvatt er sérstaklega til **stærri samstarfsverkefna fyrirtækja, háskóla og rannsóknarstofnanna** þar sem fram koma skýrar hugmyndir um afurðir í formi vöru eða þjónustu sem skila varanlegum verðmætum og atvinnu. Lögð er áhersla á klasasamstarf en það er ekki forsenda fyrir stuðningi úr *Atvinnusköpun í sjávarbyggðum*.

**Í umsókn þarf að koma fram:**
- Skýr lýsing á verkefninu
- Greining á nýnæmi verkefnisins
- Greinargóðar kostnaðar- og verkáætlanir
- Lýsing á væntum ávinningi fyrir sjávarbyggðir

Styrkir geta að hámarki numið 50% að heildarkostnaði verkefnisins.

Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga s.s. í tækjum og búnaði.

**Rafræn umsóknareyðublöð** eru á **www.nmi.is** og nánari upplýsingar veitir Arna Lára Jónsdóttir, verkefnastjóri á Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands, **arnalara@nmi.is**.

**Umsóknarfrestur** er til og með **15. apríl 2011**.



Iðnaðarráðuneytið

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Akureyri | Egilsstaðir | Húsavík | Höfn | Ísafjörður | Reykjavík | Sauðárkrókur | Vestmannaeyjar


## Komst ekki áfram í American Idol

Amber Riley leikur hina hæfileikaríku en skapmiklu Mercedes Jones. Riley finnst hún sjálf oft vera eins og stóra systir Mercedes, hún skilji hana svo vel. „Skólinn sem ég var í lagði meiri áherslu á íþróttir en leiklist og neyddist ég því til að gera hluti upp á eigin spýtur, átti vini í hinum ýmsu hópum og var meðlimur í leikfélaginu."

Riley segist muna eftir öllum karakterunum sem Glee gefur innsýn í úr sínum eigin framhaldsskóla, klappstýrurnar, íþróttastrákana, þá sem hafa áhuga á leiklist og svo framvegis. Glee-þættirnir varpi ljósi á lífið í bandarískum grunn- og framhaldsskólum en Riley vonar að þættirnir geti hjálpað unglingum að sigrast á fordómum. „Þættirnir gefa innsýn í líf krakka sem eru óöruvísi en maður sjálfur og vonandi hjálpa þeir krökkum að öðlast betri skilning á öðru fólki. En ég tel að ein aðalástæða þess að þáttunum hefur vegnað svona vel séu lögin sem eru sungin í þáttunum. Handrit og tónlistarval Ryans Murphy [höfundar þáttanna] er stórkostlegt og fléttast ótrúlega vel saman."

Margir gestaleikarar hafa komið fram í þáttunum. Þegar Amber er spurð hvern hana langi mest að fá sem gestaleikara segist hún vilja fá Queen Latifah í þáttinn sem móður Mercedes eða frænku. Amber sjálf kemur úr tónelskri fjölskyldu. „Móðir mín ól mig upp við margs konar tónlist og ég varð svo heilluð að ég byrjaði strax að syngja og kom fyrst opinberlega fram þegar ég var tveggja ára."



Amber segir að meðleikarar hennar úr Glee séu orðnir eins og hennar önnur fjölskylda. „Við gerum allt saman frá því að vinna, hanga yfir bíómyndum og borða pitsu og stundum rífumst við eins og systkini."

Fáir vita að Amber fór í áheyrnarprufur fyrir American Idol en var hafnað. Eftir að hún sló í gegn með Glee hitti hún Randy Jackson, einn dómara American Idol, og stríddi honum á því að hafa hafnað henni. „Hann ætlaði varla að trúa því að mér hefði ekki verið hleypt í gegn og hann bætti svo við að ef ég hefði sungið fyrir hann hefði hann pottþétt hleypt mér í næstu umferð. Ég svaraði í gríni að hann hefði misst af tækifærinu en gæti bætt mér það upp með því að bjóða mér að koma sem gestadómari í einn þáttinn."

## SÖNGHÓPAR SEM BYGGJA Á GAMALLI HEFÐ

Glee-klúbbar hafa þekkst í enskum og amerískum skólum um aldabil. Upphaflega skipuðu þá karlar sem sungu þríraddað en smám saman tóku hefðbundnir kórar við víðast hvar á Bretlandi. Klúbbarnir hafa þó lifað í bandarískum framhaldsskólum. Elsti glee-klúbburinn í Bandaríkjunum var stofnaður í Harvard-háskóla 1848 svo dæmi séu tekin. Sjónvarpsþættirnir Glee gerast í Prospect High School, sem sagt í framhaldsskóla þar sem nemendur eru á aldrinum 14 til

## Væri gaman að leika í kvikmynd



Jenna Ushkowitz leikur hina feimnu Tinu Cohen-Chang. Jenna var sjálf allt öðruvísi en Tina í framhaldsskóla. Hún var ofurmetnaðargjörn, formaður nemendaráðsins, varaformaður Glee-klúbbsins og með toppeinkunnir. „Það sem mér líkar við karakter Tinu er að þótt hún sé svolítið hlédræg og sé ekki að troða sér of mikið fram lætur hún í sér heyra þegar það er mikilvægt.“

Jenna segist hafa þurft að laga söng sinn að popp- og rokklögunum sem hún syngur í Glee því hún hafi lært klassískan söng. Hún hafi einnig þurft að laga leik sinn að sjónvarpi því hún hafi aðallega leikið á sviði áður. Spurð út í framtíðina segist Jenna vera opin fyrir mörgu: „Það væri mjög gaman að leika í kvikmynd og jafnvel gefa út plötu en áður en það verður möguleiki verð ég að þróa minn eigin stíl.“

Jenna tekur undir það hversu þéttur og góður Glee-hópurinn sé í raun og veru: „Hinir gáfu mér gælunafnið Panda og núna á ég meira að segja pöndubakpoka.“ Hún segir að leikararnir hittist til að horfa á þættina áður en þeir fari í loftið og að hún hafi rosalega gaman af þáttunum. „Mér finnst samt enn þá óþægilegt að horfa á sjálfa mig leika.“

## LÖGIN RAÐA SÉR Á VINSÆLDALISTA

Hugmyndin að þáttunum um Glee-klúbbinn, sönghóp nemenda í Prospect High School framhaldsskólann í Ohio, kviknaði árið 2005 en hugmyndasmiðurinn Ian Brennan fann henni ekki farveg fyrr en nokkrum árum síðar. Í millitíðinni breyttist hún úr hugmynd að kvikmynd yfir í sjónvarpsseríu og með í leikinn höfðu slegist nokkrir vanir sjónvarpsmenn. Einn þeirra, Ryan Murphy, hefur lýst þáttunum sem veruleikaflótta, enda fátt raunverulegt við senur þar sem leikararnir bresta í söng meðan umhverfið breytir um svip. Tónlistin leikur lykilhlutverk í þáttunum eins og gefur að skilja, og það er áðurnefndur Murphy sem ber ábyrgð á því að velja lögin sem flutt eru í þáttunum. Hann hefur leitast við að hafa lagavalið góða blöndu af vinsælum popp- eða rokklögum og söngleikjalögum. Vel hefur tekist til hjá honum og lögin úr þáttunum hafa raðað sér á vinsældalista, árið 2009 voru til að mynda 25 lög úr Glee-þáttunum á Billboard-listanum, en þar með slógu þættirnir met Bítlanna frá 1964 samkvæmt Wikipediu. Í febrúar á þessu ári slógu þættirnir met Elvis í fjölda laga sem listamaður hefur komið á bandaríska vinsældalistann. Dæmi um lög sem hafa slegið í gegn í túlkun söngspíranna í Glee-klúbbnum eru Don't Stop Believin' sem upphaflega var flutt af Journey, Lady Gaga lagið Poker Face og Singin in the Rain/Umbrella sem Matthew Morrison flutti ásamt Gwyneth Paltrow, sem var gestaleikkona í annarri þáttaröðinni sem nú er sýnd á Stöð 2. Þættirnir hafa sópað til sín verðlaunum og yfirleitt hlotið jákvæða dóma þótt tónlistarsérfræðingar hafi sumir fett fingur út í sykursætar útgáfur laganna í þáttunum.



## Dýrkar Sound of Music

Chris Colfer leikur hinn samkynhneigða Kurt Hummel, sem er lagður í einelti af íþróttaliði skólans. Chris sem sjálfur er samkynhneigður reyndi við hlutverk Artys í áheyrendaprufunum en hann minnti framleiðendurna svo á einn af Von Trapp fjölskyldunni úr Sound of Music að þeir bjuggu til hlutverk fyrir hann. Chris segir að honum hafi áður verið líkt við Von Trapp fjölskyldumeðlim og að hann hafi leikið Kurt Von Trapp á árum áður. „Ég dýrka Sound of Music og draumur minn er að fá Julie Andrews sem gestaleikara í Glee og helst í hlutverk ömmu Kurts.“

Chris segir að margir aðdáendur þáttanna hafi sagt honum að karakter Kurts hafi hjálpað þeim að koma út úr skápnum og hjálpað öðrum að skilja betur hversu erfitt það getur verið. Chris segir að sér hafi verið strítt mjög mikið þegar hann var í framhaldsskóla. Hann eigi því mjög auðvelt með að finna til með Kurt. „Ég er reyndar alls ekki eins mikill tískugúrú og Kurt en ég kann að meta tísku meira og meira og held sérstaklega upp á glæru Dolce & Gabbana regnkápuna sem Kurt klæddist í einum þættinum.“

Chris syngur og dansar af miklum krafti í þáttunum. Hann segist æfa sönginn með því að syngja í sturtu. „Ég syng yfirleitt lög sem ég myndi ekki syngja á almannafæri, eins og Don't Cry For Me Argentina úr söngleiknum Evítu.” Chris hefur aldrei lært dans og var því mjög stressaður þegar hann vissi að hann átti að dansa við lagið Single Ladies með Beyoncé Knowles í einum þættinum og herma eftir dansinum úr myndbandi söngkonunnar. Eftir miklar æfingar var útkoman góð. „Ég sver að í hvert skipti sem ég fer eitthvert út núna er lagið spilað,“ segir Chris sem er afar stoltur af og ánægður með þáttaröðina Glee.

18 ára. Spænskukennarinn Will Schuster á þann draum heitastan að hefja klúbbinn aftur til fyrri vegs og virðingar og þó að gangi á ýmsu er óhætt að segja að meðlimum klúbbsins gangi vel að syngja sig inn í hjörtu samnemenda sinna.




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 10-1904

Á myndinni eru fulltrúar Barnaspítala Hringsins, stjórnarkonur Barnaspítalasjóðs Hringsins, Jóhanna María Eyjólfsdóttir viðskiptavinur í Stofni og Lárus Ásgeirsson forstjóri Sjóvá.

# Viðskiptavinir Sjóvá í Stofni styrkja Barnaspítalasjóð Hringsins

## Við þökkum viðskiptavinum fyrir þeirra framlag

Um nítján þúsund viðskiptavinir Sjóvá í Stofni fengu nýlega endurgreiddan hluta af iðgjöldum sínum vegna síðasta árs. Í ár kusu margir viðskiptavinir að gefa af sinni endurgreiðslu til Barnaspítalasjóðs Hringsins.

Jóhanna María Eyjólfsdóttir, viðskiptavinur í Stofni, afhenti stjórn Hringskvenna gjöfina fyrir hönd viðskiptavina Sjóvá, rúmlega tvær milljónir króna.

**Takk fyrir ykkar framlag.**

SJÓVÁ

# Bóndabærinn að baki Barca

Sá frábæri fótbolti Barcelona sem áhugamenn um allan heim dást að um þessar mundir er að miklu leyti afrakstur unglingastarfs félagsins, sem hófst í núverandi mynd í gömlum bóndabæ fyrir þrjátíu árum. *Kjartan Guðmundsson* kannaði málið.

Margt fótboltaáhugafólk um víða veröld gerði óspart gys að Louis van Gaal, þáverandi þjálfara Barcelona, árið 2000 þegar hann sagðist eiga sér þann draum að vinna Meistaradeild Evrópu með ellefu heimaalda leikmenn í liðinu. Í réttu hlutfalli við síaukinn peningaaustur í knattspyrnunni og minnkandi hollustu leikmanna við lið sín er í raun ekki að undra að einhverjir hafi hæðst að yfirlýsingu þjálfarans. En níu árum síðar komst annar þjálfari, Pep Guardiola, glettilega nærri því að upplifa drauminn þegar Barcelona-liðið sem hann stýrði til sigurs í téðri Meistaradeild innihélt átta leikmenn sem ólust upp hjá félaginu.

En árangursríkt unglingastarf Barcelona hefur ekki einungis gert það að verkum að margir telja núverandi lið félagsins með þeim bestu í knattspyrnusögunni. Í spænska landsliðinu sem stóð uppi sem sigurvegari á HM í Suður-Afríku á síðasta ári voru átta leikmenn frá Barcelona, þar af sjö uppaldir hjá félaginu, og sex þeirra voru í byrjunarliðinu í sjálfum úrslitaleiknum.

Þá fékk unglingastarf félagsins enn eina rósina í hnappagatið þegar tilkynnt var að þeir Xavi, Lionel Messi og Andrés Iniesta hefðu orðið efstir í kjöri FIFA á leikmanni ársins í fyrra. Allir gengu þeir í gegnum sína mótun sem leikmenn í La Masia, unglingastarfi stórveldisins frá Katalóníu.



MIKILVÆGT HÚS La Masia, bóndabærinn frá 1702 sem hefur hýst unglingastarf Barcelona frá árinu 1979, lætur ekki mikið yfir sér við fyrstu sýn en hefur heldur betur haft áhrif á knattspyrnuheiminn. NORDICPHOTOS/AFP



BESTIR Þeir Andrés Iniesta, Lionel Messi og Xavi urðu efstir í kjöri Alþjóðaknattspyrnusambandsins á leikmanni ársins í fyrra. Allir gengu þeir til liðs við La Masia, unglingastarf Barcelona, ungir að aldri og eru enn duglegir við að heimsækja Akademíuna og gefa ungum leikmönnum góð ráð. NORDICPHOTOS/AFP

### Bóndabær frá 18. öld

La Masia, sem útleggst sem bóndabærinn í beinni þýðingu, er raunar nokkuð margslungið hugtak í þessu sambandi. Upprunalega er það nafnið á húsi frá árinu 1702 sem Barcelona festi kaup á árið 1954 og nýtti í ýmsum tilgangi, meðal annars sem höfuðstöðvar félagsins, allt til ársins 1979 þegar það tók við hlutverki akademíu fyrir unga leikmenn víðs vegar að frá Spáni. Þá er æfingasvæðið í kringum húsið einnig nefnt La Masia og enn fremur er allt unglingastarf félagsins, með öllum sínum reglum, áherslum og viðloðandi heimspeki, gjarnan kallað La Masia í daglegu tali.

Það var enginn annar en snillingurinn Johan Cruyff sem stakk upp á því við Josep Núñez, þáverandi forseta Barcelona, að líkja eftir vel heppnuðu unglingastarfi hollenska liðsins Ajax fyrir 32 árum. Starfinu var ætlað að halda hugsjónir hins hollenska „Total football" í heiðri og hefur sú lína reynst lífseig.

Í nýlegu viðtali við breska ríkisútvarpið (BBC) útskýrir núverandi stjórnandi La Masia, Carles Folguera, grunnhugmyndina að baki starfinu á þann hátt að liðið sem heldur boltanum sé ávallt líklegt til að stjórna spilinu og hraðanum í leiknum. „Við leitum alltaf að vel hugsandi leikmönnum sem hræðast ekki að taka mikilvægar ákvarðanir. Leikmönnunum sem hafa hæfileika og búa yfir tækni og snerpu. Við teljum ekki mikilvægt að leikmennirnir séu líkamlega sterkir," segir Folguera og bætir við að styrktaræfingar á borð við lyftingar og hlaup hefjist ekki hjá nemendum La Masia fyrr en þeir séu orðnir sextán ára gamlir. Allt fram að því er áherslan eingöngu lögð á boltameðferð.

### Lítið um lúxus

La Masia, sjálft húsið sem hýst hefur þann mikla fjölda af framúrskarandi fótboltamönnum sem unglingastarf Barcelona hefur skilað af sér, lætur ekki mikið yfir sér. Það er steinsnar frá Camp Nou, heimavelli liðsins, er sex hundruð fermetrar að stærð á tveimur hæðum og lítið um lúxus innandyra. Þeir sextíu drengir sem dvelja í akademíunni á hverjum tíma (tíu þeirra eiga herbergi í sjálfum bóndabænum) æfa knattspyrnu í um eina og hálfa klukkustund á dag. Þeim mun meiri áhersla er lögð á að þeim gangi vel í námi svo þeir hafi þann möguleika að fara í háskóla eða finna vinnu við hæfi ef þeir verða ekki atvinnumenn í íþróttinni.

Á hverju ári sækja yfir þúsund spænskir drengir á aldrinum sex til átta ára um vist í La Masia, en auk þess hefur Barcelona útsendara á sínum snærum víða um heim sem hafa augun opin fyrir efnilegum leikmönnum. Um fimm hundruð drengir hafa yfirgefið heimili sín og komið til dvalar í La Masia á þeim rúmlega þrjátíu árum sem liðin eru síðan akademían var stofnuð. Um helmingur þeirra er frá Katalóníu og aðrir frá öðrum héruðum Spánar og víðar, til að mynda Kamerún, Brasilíu, Senegal og Argentínu.

### Dagleg dagskrá nemenda við La Masia

**06.45** Fara á fætur og búa um rúmið
**07.00** Morgunverður í La Masia
**07.30** Tilbúnir í skólabílinn
**08.00-14.00** Skóli
**14.15** Hádegismatur
**15.00** Frí
**16.00-18.00** Heimalærdómur
**19.00-20.45** Æfing
**21.00** Sturta og rúta aftur til La Masia
**21.30** Kvöldmatur
**22.00** Sjónvarp/internet

### Unglingastarfið nýtt vel

Kostnaðurinn við rekstur La Masia, þar sem svo margir af hæfileikaríkustu leikmönnum heims hafa stigið sín fyrstu spor á knattspyrnuvellinum, er tæpur milljarður króna á ári, um það bil einn tíundi af verðinu sem Chelsea greiddi fyrir þjónustu framherjans Fernando Torres frá Liverpool í janúar síðastliðnum. Það vekur þá spurningu hvers vegna önnur topplið í Evrópu reyni ekki eftir fremsta megni að líkja eftir unglingastarfi Barcelona í von um árangur?

„Önnur félög á borð við Real Madrid hafa líka á að skipa mjög öflugu unglingastarfi, en munurinn er sá að þau nýta ekki leikmennina sem koma upp úr starfinu. Starfið er ekki klárað. Þetta er dálítið eins og að framleiða Ferrari en nota hann svo aldrei," segir Albert Puig, verkefnastjóri akademíunnar, í viðtali við BBC og bætir við að Barcelona leggi mikla áherslu á að hleypa reglulega ungum, uppöldum leikmönnum í aðalliðið.

Þó kemur fyrir að leikmönnum sé leyft að yfirgefa La Masia full snemma og geta það reynst kostnaðarsöm mistök. Til að mynda fór Cesc Fàbregas til Arsenal sextán ára gamall og Gerard Piqué eyddi fjórum árum hjá Manchester United áður en hann var keyptur aftur til Barcelona fyrir tæpa tvo milljarða króna.

### Tímamót í vændum

Í vor verða því mikil tímamót í sögu Barcelona þegar unglingastarfið flyst í heild sinni í ný heimkynni annars staðar í borginni, þar sem aðallið félagsins æfir einnig. Aðstaðan stækkar úr sex hundruð fermetrum bóndabæjarins í fimm þúsund fermetra í fimm hæðum og inniheldur herbergi fyrir allt að áttatíu unga leikmenn. Aðdáendi Barcelona og góðrar knattspyrnu vegna er vonandi að með flutningunum tapist ekki þeir töfrar sem umlykja La Masia og þá starfsemi sem þar fer fram.

*Heimildir: bbc.co.uk, fcbarcelona.com, wikipedia.org*

**Dæmi um fleiri leikmenn frá La Masia:**
Mikael Arteta (Everton)
Bojan Krkic (Barcelona)
Albert Ferrer (hættur)
Carles Puyol (Barcelona)
Víctor Valdés (Barcelona)
Luis García (Panathinaikos)
Guillermo Amor (hættur)

## NOKKUR AFSPRENGI UNGLINGASTARFS BARCELONA Í GEGNUM TÍÐINA

### Josep Guardiola

**Fæddur:** 1971
**Staða:** Knattspyrnustjóri Barcelona

Gekk til liðs við La Masia þrettán ára gamall og átti glæsilegan feril með félaginu sem afturliggjandi miðjumaður. Lagði skóna á hilluna árið 2006, gerðist þjálfari varaliðs Barcelona árið 2007 og aðalliðsins ári síðar. Á fyrsta tímabili hans sem knattspyrnustjóri vann Barcelona þrennuna frægu: deildina, bikarinn og Meistaradeildina.



### Thiago Motta

**Fæddur:** 1982
**Staða:** Miðjumaður hjá Internazionale

Fæddist í Brasilíu en á ítalskan afa og leikur því með ítalska landsliðinu. Gekk í La Masia sautján ára gamall árið 1999, fór frá Barcelona til Atletico Madrid árið 2007, Genoa 2008 og loks Inter 2009.



### Pepe Reina

**Fæddur:** 1982
**Staða:** Markvörður Liverpool

Sonur markmannsins Miguel Reina sem lék með Barcelona og Atletico Madrid. Byrjaði í La Masia þrettán ára gamall árið 1995 og lék með Barcelona til ársins 2002 þegar hann fór til Villarreal og svo til Liverpool árið 2005.



### Sergio Busquets

**Fæddur** 1988
**Staða:** Miðjumaður hjá Barcelona

Hinn hávaxni Sergio og pabbi hans, markmaðurinn Carles Busquets, ólust báðir upp í La Masia. Sá síðarnefndi var á mála hjá Barcelona í tólf ár en sonurinn var kominn í landsliðið innan við ári eftir að hafa fyrst leikið með aðalliði félagsins. Var í byrjunarliði heimsmeistara Spánverja í öllum leikjum liðsins á HM í Suður-Afríku.



### Andreu Fontàs

**Fæddur:** 1989
**Staða:** Varnarmaður Barcelona

Gríðarlega efnilegur katalónskur varnarmaður sem hefur hingað til aðallega leikið með varaliði Barcelona en þó komið inn í aðalliðið við og við og staðið sig vel. Miklar vonir eru bundnar við þennan leikmann, sem skoraði meðal annars í heimaleik Barcelona gegn Rubin Kazan í Meistaradeildinni í desember síðastliðnum



# matur

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT ]

mars 2011

## Hreinn unaður

Kristín Eik Gústafsdóttir býr til fádæma flotta tertu sem allir geta spreytt sig á.

SÍÐA 4





## Dekrað við bragðlaukana

Albert Eiríksson færir ljúffenga döðluköku í nútímalegra og heilsusamlegra horf.

SÍÐA 2



# Með sunnudagskaffinu

Kökur, huggulegheit og samvera.


HOOVER RYKSUGUR - 20% AFSLÁTTUR Í MARS

**Verðdæmi**
2000 watta Hoover ryksuga
2ja lítra poki og gúmmíhjól
HEPA filter og 7,3m snúra

Margar gerðir!

VERÐ DÆMI
Hoover TF2011 - 2000w
Kr. 11.990
Verð áður 14.990



Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

## HIRÐSIÐIR SUNNUDAGA

**Júlía Margrét Alexandersdóttir**

Hver og einn hefur vitaskuld sína sögu að segja, en í minningunni voru sunnudagar einu sinni hátíðlegir tyllidagar. Útvarpsmessan, ilmandi sunnudagssteik, hanskaklæddar frúr með hatt í göngutúr og gripið í einn ólsen ólsen. Síðast en ekki síst er bökunarilmur í loftinu á þessum sunnudögum. Pönnukökur, vöfflur eða sparibúin og fögur rjómaterta á miðju borðstofuborði seinnipartinn. Fjölskylduvinir sem detta óvænt inn úr dyrunum og leggja vindlareyk og þungt frúarilmvatn til andrúmsloftsins. Þessir sunnudagar eru hálfgerð óskabörn þjóðarinnar, tilheyra fortíð sem flestum þykir vænt um.

Kannski hefur það eitthvað með aukinn ágang hversdagsleikans, þar sem sparistellið liggur óhreyft inni í skáp nema á jólum eða þá hitt – að allir dagar eru sunnudagar, þar sem litlu skiptir heimilisfólk hvort það er þriðjudagur eða sunnudagur upp á að gera sér dagamun. Á vissu aldursskeiði þóttu mér sunnudagar heldur lubbalegir. Helgin að klárast og hversdagsleg skólavikan fram undan. Ég man hins vegar vel eftir sunnudögunum þegar þeir voru perlur vikunnar. Amma í betri kjólnum, grillaður kjúklingur í hádeginu, ísbíltúr og danskur þáttur í sjónvarpinu.



Mig langar svolítið að eignast betrikjóla-sunnudagana aftur og tækla þetta hnignunarskeið af festu. Að vísu er hefð fyrir því að stórfjölskyldan sameinist og snæði saman seinni hluta dagsins en það mætti punta daginn eitthvað fyrr. Kveikja á útvarpinu snemma dags, fara í lakkskó og kjól, greiða hárið upp eða ef karlmenn vilja það síður; setja á sig slaufu og sprauta heldrimannarakspíra í skyrtukragann. Fara í göngutúr kringum Tjörnina, koma heim inn úr kuldanum og setja á sig blúndusvuntu (já eða bretta upp skyrtuermarnar). Gera svo eins og viðmælendur Matarblaðsins að þessu sinni gera; velja af kostgæfni forvitnilega tertuuppskrift (skreyta með hindberjum til að fara alla leið), skella í eplaköku eða bjóða upp á himneska og holla döðluköku. Bjóða til borðs og grípa í spil að loknu kaffi.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

Hvunndags/til hátíðabrigða — Kökur — Sætindi

**matur** kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins.
**Ritstjórn:** Roald Eyvindsson, Sólveig Gísladóttir og Vera Einarsdóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason **Pennar:** Gunnþóra Gunnarsdóttir, Júlía Margrét Alexandersdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir og Þórdís Lilja Gunnarsdóttir.
**Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*









Í kökuna fer aðeins úrvals hráefni, hollustu og hágæða súkkulaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# *Ömmuhlýja* FYLGIR HEIMABÖKUÐU



Albert Eiríksson er síbakandi og fúlsar við öðru en heimabökuðu. Hér býður hann upp á girnilega döðluköku sem hann hefur fært í heilsusamlegra horf.

Ég er alinn upp við að allt sé heimabakað," segir Albert Eiríksson, sem á sumrin rekur kaffihús í safni um veru Fransmanna á Íslandi á Fáskrúðsfirði. „Svo fór ég að prófa mig áfram og sá hvað þetta var auðvelt og líka hvað allir elska heimabakað. Það er einhver ömmuhlýja sem fylgir því, sem allir kunna að meta."

Albert bakar allt brauð á sínu heimili og er óhræddur við að prófa nýjar kökuuppskriftir. „Ég nota oft gamlar uppskriftir en breyti þeim dálítið, geri nútímalegri og heilsusamlegri sem kemur yfirleitt vel út. Þessa uppskrift fékk ég hjá samstarfskonu minni og hef verið að þróa svo hún sé hollari, en ég hef uppgötvað að kökur verða jafn góðar þótt maður minnki sykurmagnið um helming. Annað sem skiptir máli er að nota aðeins 70% hreint, úrvals súkkulaði."

Albert bakar líka allt sjálfur fyrir kaffihúsið á Fáskrúðsfirði. Hvernig kemst hann yfir þetta allt saman? „Þetta hefur bara þróast þannig að ég baka allt á staðnum, enda vekur það hrifningu gestanna að fá heimabakað í öll mál. Það er ekkert mál að baka þrisvar á dag, bara spurning um skipulag. Ég blanda þurrefnin fyrir fram og á tilbúin. Þá tekur enga stund að bæta eggjum og mjólk út í. Ánægjan sem fólk hefur af því að borða brauðin og kökurnar er margfalt fyrirhafnarinnar virði." - fsb



**„Kökur verða alveg jafn góðar þótt maður minnki sykurmagnið um helming," segir Albert, hér með döðlukökuna góðu.**

### HOLL OG HIMNESK DÖÐLUKAKA

**1 bolli döðlur, smátt skornar**
**1 bolli valhnetur, smátt skornar**
**1 bolli dökkt 70% súkkulaði smátt skorið**
**½ bolli hrásykur**
**3 msk. spelthveiti**
**3 msk. vatn**
**2 egg**
**1 tsk. vínsteinslyftiduft**
**½ tsk. salt**

*Blandið öllu hráefninu vandlega saman og látið standa við stofuhita í um það bil 15 mínútur til að brjóta sig. Setjið í lausbotnaform og bakið í 35 til 40 mínútur við 150° C.*

*Kakan er svo borin fram með þeyttum rjóma. Við hátíðlegri tækifæri er tilvalið að dreypa Grand Marnier yfir kökuna og bera hana fram sem eftirrétt.*

HAGABAKARÍ Í HRAUNBERGI

## *Orkubitar fyrir íþróttafólk*

Í Hraunbergi í Breiðholtinu hefur verið starfrækt bakarí áratugum saman. Árið 2008 fékk það nafnið Hagabakarí þegar Benedikt Hjartarson bakarameistari tók við rekstrinum. „Við byggjum á gömlum gildum og bjóðum meira úrval en flestir af rúnstykkjum," segir hann. „Einnig bökum við þessi gömlu góðu brauð eins og Normalbrauð og Maltbrauð. Þetta er fullorðið hverfi og hér sækir fólk í þetta gamla og góða."



Hagabakarí bakar einnig dönsk rúgbrauð, sem slegið hafa í gegn hjá viðskiptavinum, og lumar á fleiri gerðum sem ekki fást annars staðar. „Páskapínsa er sérstakt brauð sem ég lærði að baka í Austurríki. Það samanstendur af hvítvíni og fleiri fínum vökvum og kemur í hillurnar hjá okkur þegar nær dregur páskum."

Benedikt er mikill sjósundgarpur og bakar sérstaka orkubita fyrir íþróttafólk. „Við köllum þá Gullabita, eftir Gulla langhlaupara. Þessa bita á að borða á leiðinni í langferðum eins og fjallgöngum og langhlaupum en við bökum þá eftir sérstaklega samsettri uppskrift fyrir íþróttafólk. Ég fullyrði að þetta er eini orkubitinn sem virkar."


Björgvin Páll nam
bakaraiðn hjá Jóa Fel.
„Við vitum það báðir að
til að ná hámarksárangri
þarf að borða holla og
næringarríka fæðu.“
Björgvin Páll Gústavsson,
markvörður íslenska
landsliðssins í handbolta.
góðgæti frá Jóa Fel
Meistarabrauð að hætti Jóa Fel
Nýtt, hollt, heilkornabrauð úr smiðju meistarans
Bakarameistarinn Jói Fel kynnir eitt hollasta brauð sem völ er á.
Meistarabrauðið er einstaklega næringar-, trefja- og próteinríkt.
Öll brauð frá Jóa Fel eru án sykurs.
Jói
Fel
BAKARÍ
Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær



Kátar kindur vekja kátínu veislugesta.



Hver fær staðist svo dísætar varir?

# TUNGULIPRIR KÖKUSLEIKJÓAR

Þegar bollakökuæðið hefur tröllriðið ástríðubökurum í kökuskreytingum er kominn tími á nýtt æði; kökusleikjóa. Þá er kaka rifin niður í skál og hrærð saman við ljúffengt krem að smekk. Því næst eru mótaðar kúlur eða önnur form sem toppa eiga sleikjóprikið og þegar prikið er komið á kúluna er henni dýft í litaðan glassúr og skreytt eftir tilefni og hugmyndaflugi.

Meistari kökusleikjóa er kökudrottningin Bakerella sem nýlega gaf út bókina Cake Pops, en þar má finna yfir 40 mismunandi uppskriftir og útgáfur kökusleikjóa fyrir öll möguleg tilefni. Bókin fæst á Amazon og víðar, en heimasíðan www.bakerella.com geymir yndislegt augnakonfekt og innblástur handa öllu bakandi fólki.

- þlg





Cake Pops heitir bókin hennar Bakerellu.



Hello Kitty slær í gegn hjá öllum stelpum.


www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

**Skjót leið**

til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00






Kristín Eik Gústafsdóttir eigandi Allt í köku og sunnudagskakan hennar.

# Sætabrauð

Nammi namm!

Ég er alin upp við rólega sunnudaga, þar sem fjölskyldan settist niður yfir tertu og heitu súkkulaði með kaffinu," segir Kristín Eik Gústafsdóttir, eigandi sérvöruverslunarinnar Allt í köku, þar sem fæst ævintýralegt úrval efniviðar til kökuskreytinga og konfektgerðar.

„Bakstur varð fljótt að ástríðu hjá mér, en þó hafði ég enn meiri áhuga á að gera kökurnar fínar. Mér finnst enn tilheyra að fá sér tertu á hvíldardaginn og fátt skemmtilegra en að bjóða gestum heim í fallega köku, en í vinnunni baka ég ótal sinnum í viku og finnst því notalegt að vera boðið annað í sunnudagskaffi nú," segir Kristín Eik hlæjandi og vísar til vinsælla sykurmassanámskeiða Allt í köku.

„Eftir að ég kolféll fyrir kökuskreytingum úr sykurmassa trúði fólk því varla að ég hefði gert sunnudagsterturnar sjálf og var þrautin þyngri að fá fólk til að skera sér sneið því enginn vildi ríða á vaðið og skemma útlitið,"



Kristín Eik rekur verslunina Allt í köku, þar sem úrvalið er endalaust fyrir þá sem njóta þess að nostra við kökuskreytingar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## DRAUMUR SILFURFIÐRILDANNA – HINDBERJA

**MARENGS**
**5 eggjahvítur**
**250 g sykur**
**½ tsk. ljóst edik**
**¼ tsk. salt**
**¼ tsk. vanilludropar**

*Þeytið eggjahvítur í 3 mín. Bætið sykri, ediki, salti og vanilludropum saman við og þeytið áfram. Setjið bökunarpappír og marengsblönduna í hringform og bakið við 150°C í um klukkustund. Slökkvið á ofninum og leyfið að kólna yfir nótt.*

**SVAMPBOTNAR**
**4 egg**
**150 g sykur**
**150 g hveiti**
**1 tsk. lyftiduft**

*Þeytið egg og sykur vel saman Bætið hveiti og lyftidufti hægt út í. Blandið með sleif. Setjið bökunarpappír og deig í 2 hringform og bakið við 180°C í 15-20 mín.*

**FYLLING**
**6 matarlímsblöð**
**200 g frosin hindber, látin þiðna og söxuð gróft**
**½ dl jarðarberjasafi**
**5 eggjarauður**
**5 msk. sykur**
**½ l þeyttur rjómi**

*Setjið matarlímsblöð í kalt vatn í 20 mín. Sigtið hindber til að taka umfram vökva úr berjum. Kreistið vatn af matarlímsblöðum og setjið í skál ásamt jarðarberjasafa. Setjið hana yfir heitt vatnsbað þar til matarlím er bráðnað. Þeytið rjóma á meðan og leggið til hliðar. Þeytið eggjarauður og sykur þar til blanda verður loftmikil. Hellið matarlími út í eggjablöndu og þeytið aðeins áfram. Setjið 1/3 þeytta rjómans út*



**Samsýning 33 nemenda** á myndlista- og hönnunarsviði Myndlistaskólans í Reykjavík opnar í Gallerí Tukt í dag klukkan 16. Á sýningunni verða ljósmyndir, stuttmyndir og hreyfimyndir nemenda.


# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



## NÁMSAÐSTOÐ

**Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?**

íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Réttindakennarar

**Nemendaþjónustan sf • www.namsadstod.is • s. 557 9233**





Sigga & Timo

GULLSMÍÐI

LINNETSSTÍGUR 2 · SÍMI 565 4854

WWW.SIGGAOGTIMO.IS



BÍTIÐ

MEÐ HEIMI OG KOLLU

ALLA VIRKA DAGA KL. 6.50

BYLGJAN 989

ALLIR ERU AÐ HLUSTA!




**Rokkarinn og fjölmiðlamaðurinn Vilhelm Anton Jónsson fer alltaf til ömmu sinnar á laugardagsmorgnum:**

# *Í kindakæfu hjá ömmu*

Allt frá því ég fæddist hef ég farið á laugardagsmorgnum til ömmu í Hafnarfirði. Hún gerir heimsins bestu pönnukökur og kindakæfu og á þessu gæðum við okkur stórfjölskyldan og segjum sögur hvert af öðru,“ segir Vilhelm, sem fullorðnir Íslendingar þekkja líka sem Villa Naglbít, en smáfólkið sem Villa besta vin Sveppa. „Alla tíð hef ég kappkostað að komast til ömmu og finnst morgunstund með henni ómissandi hluti af helgartilverunni. Amma er á níræðisaldri og afar hress og þessar stundir eru öllum mikils virði,

;FRAMHALD | 2



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Mjúka fermingargjöfin

**Fallegar gjafir á fermingartilboði**

Dúnsængur 19.990 kr (áður 29.990 kr)
Sængurfatnaður frá 6.960 kr
Handklæði 70x140 1.999 kr

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is



**Sauðfé í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum** verður rúið á morgun og gefst gestum kostur á að fylgjast með. Guðmundur Hallgrímsson mun rýja og útskýra fyrir gestum það sem fyrir augu ber. Hann hefst handa klukkan 13 og heldur áfram fram eftir degi.


HOLLUR BITAFISKUR
+80% prótín
Fiskneysla er góð fyrir heilabúið


GULLFISKUR
Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli




Göngustjórar fræða áhugasama um matarmennignu Íslendinga í gönguferð um Reykjaík í dag.

## Fæðuhringurinn genginn í dag

GÖNGUFERÐIN FÆÐUHRINGURINN Í MIÐBORG REYKJAVÍKUR – SAGA MATAR FRÁ LANDNÁMI TIL OKKAR DAGA, VERÐUR FARIN Í DAG KLUKKAN 11.

Gangan hefst á horni Aðalstrætis og Túngötu en ranglega var farið með tímasetningu göngunnar í blaðinu á fimmtudag.

Sólveig Ólafsdóttir sagnfræðingur og Laufey Steingrímsdóttir prófessor við matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands munu ásamt Guðrúnu Hallgrímsdóttur matvælafræðingi, leiða gönguna og fræða þátttakendur meðal annars um kaffihús og verslanir. „Það kemur mörgum á óvart að heyra að aðalslátrunarstaðurinn hafi fyrir öld verið Austurvöllur og að túnið við Stjórnarráðið hafi verið aðalmatjurtagarðurinn í upphafi 19. aldar,“ sagði Sólveig í Fréttablaðinu á fimmtudag. Göngunni lýkur við Sjóminjasafnið á Grandagarði. *- rat*



Tekið hraustlega á en metþátttaka verður á mótinu í dag. MYND/EIÐUR ÖRN EYJÓLFSSON



Þétt setinn bekkur á áhorfendapöllum.

# Stærsta þrekmót landsins

**Þrekmótið Lífsstílsmeistarinn fer fram í dag. Tæplega 400 keppendur eru skráðir til leiks og berjast um titilinn hraustasti karl og hraustasta kona Íslands. Áhorfendur eru velkomnir og er ókeypis inn.**

Lífsstílsmeistarinn fer fram í Íþróttahúsinu við Sunnubraut í Reykjanesbæ í dag í þriðja sinn. Þetta er fyrsta mót af fjórum í EAS-þrekmótaröðinni árið 2011 og munu sigurvegarar mótaraðarinnar hljóta titilinn hraustasti karl og hraustasta kona Íslands 2011.

Fjöldi þátttakenda hefur aukist ár frá ári og er mótið stærsta þrekmót sem haldið hefur verið á Íslandi. „Lífsstílsmeistarinn hefur alltaf verið stærsta þrekmót á landinu. Þátttakendur hafa þó aldrei verið fleiri en í ár eða 384. Fyrsta árið voru þeir 209,“ segir Vikar Sigurjónsson, framkvæmdastjóri keppninnar, en keppt verður á fjórfaldri keppnisbraut og keppendur ræstir á sjö mínútna fresti til að mæta þessari auknu þátttöku.

Þátttakendur koma alls staðar að af landinu, meðal annars frá Reykjanesbæ, Ólafsvík, Akureyri, Akranesi, Selfossi, Laugarvatni og Vestmannaeyjum auk allra helstu líkamsræktarstöðva á höfuðborgarsvæðinu. Einnig keppa lið frá fyrirtækjum, svo sem frá Marel og Össuri. Einn keppandi kemur frá Bretlandi, Lloyd Millichap, en þetta er í annað sinn sem Breti kemur til Íslands til að keppa í Lífsstílsmeistaranum.

„Þetta er mikið til sami kjarninn sem keppir milli ára. Fólk byrjar oft í liðakeppni og keppir svo í einstaklingnum næsta ár. Þetta eru greinar sem hægt er að æfa á líkamsræktarstöðvum svo keppnin hentar breiðum hópi fólks,“ segir Vikar en alls verður keppt í tíu greinum eins og bekkpressu, hlaupum og uppsetum svo eitthvað sé nefnt. Keppt er í einstaklingskeppni, para- og liðakeppni bæði karla og kvenna og í tveimur aldursflokkum, undir 39 ára og 39 ára og eldri.

„Keppnin hefst klukkan níu og við reiknum með að verðlaunaafhendingu verði lokið um klukkan 15. Áhorfendur er velkomnir en það er frítt inn í boði Landsbankans. Undanfarin ár hefur keppnin verið mjög vinsæl af áhorfendum og bekkirnir fyllast hratt.“

Meðal íslenskra keppenda sem hægt verður að fylgjast með í dag eru Annie Mist Þórisdóttir sem hreppti 2. sætið í CrossFit Games Heimsleikunum árið 2010, Kristjana Hildur Gunnarsdóttir, margfaldur þrekmeistari, Sveinbjörn Sveinbjörnsson, sem einnig er margfaldur þrekmeistari og CrossFit-meistari, ásamt fjölda íþróttamanna og hversdagshetja á öllum aldri sem eru að keppa í fyrsta sinn.

Hin þrjú mót EAS-þrekmótaraðarinnar eru CrossFit-leikarnir 28. maí, BootCamp-keppnin 26. ágúst og 5x5 áskorunin í Vestmannaeyjum 15. október. *heida@frettabladid.is*


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI MENNING
vísir.is



nettoline
ELDHÚS-BAÐ-ÞVOTTAHÚS-FATASKÁPAR
25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM INNRÉTTINGUM
OG 10% AÐ AUKI
SÉ GREITT Í EINU LAGI VIÐ PÖNTUN
friform.is
Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500



ÚTSALA
Allt að 70% afsláttur
BURT MEÐ KULDA-BOLA
HLÝJAR ÚLPUR - KÁPUR - PEYSUR
ull - vatt - dúnn
TOPP HÚSIÐ
Mörkinni 6, sími 588 5518
Opið virka daga kl. 10-18, laugardaga frá kl. 10-16


Framhald af forsíðu

en þetta er hennar gulltrygga leið til að hitta afkomendur sína,“ segir Villi sem eftir pönnukökuát og kindakæfu gerist oftar en ekki ferðaglaður.

„Mér finnst mjög gaman að klæða mig í hlý föt og keyra Land Roverinn minn um landið, ekki síst í miklu fannfergi, og alltaf gaman að festa sig. Ég kalla hann McManus eftir sálugum aðalleikara Taggarts, og finnst notalegt að láta mér verða kalt í bílnum, en fer líka mikið í skotveiði þegar það má,“ segir Villi sem fer ekki varhluta af sjálfum sér í fjölmiðlum um helgar.

„Litli strákurinn minn kýs oftast morgunstundina á Stöð 2 fram yfir Sjónvarpið svo ég er orðinn vanur því að dotta með honum yfir sjálfum mér á skjánum. Svo hlusta ég stöku sinnum á spurningaþátt minn á Rás 2 á sunnudögum, því ég hef yndi af gagnslausum, skemmtilegum upplýsingum, eins og því að kolkrabbar hafa þrjú hjörtu.“ *thordis@frettabladid.is*


28 daga hreinsun
NORDICASPA
með mataræði og hreyfingu
Námskeið hefst 14. mars
Verð: 34.900

Ertu að glíma við
• Mataróþol
• Matarfíkn og sykurlöngun
• Maga- og ristilvandamál
• Verki og bólgur í liðum
• Streitu, þreytu og svefnleysi
• Þunglyndi
• Aðra lífsstílssjúkdóma
Fimm tímar í viku – hreinsun, liðleiki og styrkur
3 tímar jóga, liðleiki og öndun
2 tímar léttar æfingar í tækjasal
Kennt: þri/fim. kl. 17:20
Þjálfari er Sigríður Guðjohnsen
Handklæði og herðanudd í pottunum
Skráning er hafin í síma 444 5090
NORDICASPA
www.nordicaspa.is



japanskir dagar 10.-13. mars
101 hotel
reykjavik
borðapantanir í síma: 5800 101
101hotel@101hotel.is
www.101hotel.is


# ALLT ATVINNA

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar Viðar Ingi Pétursson** vip@365.is 512 5426 **Hrannar Helgason** hrannar@365.is 512 5441

vísir.is


# Útibússtjóri í Reykjanesbæ

**Landsbankinn** auglýsir starf útibússtjóra í Reykjanesbæ laust til umsóknar. Útibússtjóri veitir forstöðu útibúi bankans í Reykjanesbæ, afgreiðslu í Garði, Njarðvík, Sandgerði, Vogum og Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Sameinað útibú í Reykjanesbæ gegnir lykilhlutverki í samruna Landsbankans og Spkef. Framundan er því krefjandi vinna við uppbyggingu og samþættingu. Leitað er að kraftmiklum og drífandi einstaklingi með góða þekkingu á fjármálamörkuðum og mikla reynslu af stjórnun.

### Helstu verkefni

» Yfirumsjón með rekstri útibúsins, m.a. hvað varðar arðsemi og áhættustjórnun
» Ákvarðanataka er varðar starfsemi útibúsins
» Þjónusta og fjármálaráðgjöf til einstaklinga, félaga og fyrirtækja
» Virk þátttaka í markaðsstarfi og þjónustumálum
» Eftirlit með vanskilum, eftirfylgni og ákvarðanataka

### Menntunar- og hæfniskröfur

» Háskólamenntun og yfirgripsmikil reynsla sem nýtist í starfi
» Reynsla af og mjög góð þekking á starfsemi fjármálafyrirtækja
» Hæfni í mannlegum samskiptum
» Frumkvæði og fagmennska í starfi
» Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Baldur G. Jónsson, mannauðsstjóri, í síma 410-7904 eða baldur.g.jonsson@landsbankinn.is og Helgi Teitur Helgason, framkvæmdastjóri Viðskiptabanka, í síma 410 5601 eða helgi.t.helgason@landsbankinn.is.

Umsókn merkt „Útibússtjóri Reykjanesbæ" fyllist út á vef bankans.

Umsóknarfrestur er til og með 19. mars nk.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

NBIHF. (LANDSBANKINN), KT. 471008-0280



# Sölustjóri söluvers í áskriftadeild Stöðvar 2

365 miðlar leita eftir sölustjóra í söluver áskriftadeildar. Sölustjóri söluvers er ábyrgur fyrir daglegri sölustjórnun söluversins. Hann tryggir að áætlunum sé fylgt, markmiðum náð og að söluteymið fylgi markvisst sölustefnun áskriftadeildar í sölu og þjónustu til viðskiptavina.

**Hæfni og geta - Gerð er krafa um að sölustjóri sýni:**

- Leiðtogahæfileika og sjálfstæði í starfi
- Hæfni til að leiða söluteymið til árangurs
- Eldmóð í söluaðgerðum
- Frumkvæði í vali á söluaðgerðum á markaði
- Þolinmæði og lausnamiðaða nálgun í erfiðum verkefnum
- Hugmyndaauðgi í sölu og þjónustu til viðskiptavina
- Hæfni í mannlegum samskiptum

**Þekking og reynsla - Gerð er krafa um að sölustjóri búi yfir:**

- B.Sc. í viðskiptafræði eða sambærilegu
- 2-5 ára starfsreynslu í sölustjórnun 8+ manna söluteyma
- Þekkingu á viðskiptamannakerfum - Microsoft SUMS er kostur
- Kunnáttu í tölfræðigreiningum og notkun lykilsölutalna
- Reynslu í verkefnastjórnun sölu- og markaðsverkefna



**Eingöngu er tekið við umsóknum í gegnum vef 365 miðla – www.365midlar.is. Umsóknarfrestur er til og með 24. mars 2011.**
**Frekari upplýsingar veitir Inga Birna Ragnarsdóttir, forstöðumaður áskrifta- og þjónustudeildar ingabirna@365.is.**

365

# SÖLU- OG MARKAÐSSTJÓRI

THOR DATA CENTER
Steinhella 10
221 Hafnarfjörður
S: 517 0090
www.thordc.com

**Starfssvið**

- Sala og markaðssetning
- Uppbygging, umsjón og stýring nets samstarfsaðila
- Ábyrgð á samningum og viðræðum
- Upplýsingagjöf til samstarfsaðila
- Innleiðing stefnumiðaðra söluferla
- Markaðssetning og áætlanagerð

**Menntun og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- 10 ára viðeigandi starfsreynsla
- Umfangsmikil reynsla af sölumálum
- Stjórnendareynsla æskileg
- Frumkvæði, sjálfstæði og skapandi vinnubrögð
- Reynsla af sölu á erlenda markaði

Umsækjandi þarf að hafa mikla og góða samskiptaeiginleika, vera jákvæður og baráttuglaður og eiga gott með nána hópvinnu. Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á umsokn@thordc.com fyrir 20. mars.

Thor Data Center rekur fyrsta og eina gagnaverið á Íslandi. Gagnaverið er hannað samkvæmt ströngustu kröfum nútímans og er jafnframt eitt hið umhverfisvænasta í heiminum í dag. Viðskiptavinir fyrirtækisins eru flestir erlendir og fer fjölgangi. Fyrirtækið er alfarið í eigu stofnenda og fjárfesta, fjárhagsstaða er traust og verkefnin bæði mörg og spennandi.

Capacent Ráðningar

# CONCORD/DYNAMICS AX FORRITARI OG UMSJÓN

Skeljungur

Skeljungur er framsækið og sveigjanlegt þjónustu- og verslunarfyrirtæki með starfsemi á um 100 stöðum á landinu. Samningar félagsins við alþjóðlegu Shell samsteypuna veitir Skeljungi rétt á notkun Shell vörumerkisins á Íslandi og greiðan aðgang að nýjungum í tækni- og vöruþróun eins stærsta olíufélags heims.

**Skeljungur leita að öflugum Concord forritara til starfa.**

**Starfssvið**

- Umsjón með Concord
- Forritun í Concord
- Þróun á upplýsingakerfi fyrirtækisins
- Samskipti við notendur

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði tölvunar- og/eða kerfisfræði
- Reynsla af forritun í Concord
- Öguð og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með ráðningu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 20. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

**Auglýsingasími**

**512 5050**




**Allt sem þú þarft…**

Capacent Ráðningar

# MARKAÐS- OG SÖLUSTJÓRI Í NOREGI

Elkem

Elkem er leiðandi í umhverfisvænni framleiðslu á á sérhæfðum vörum. Fyrirtækið selur kísiljárn til stálvera, stáliðnaðar og í járnsteypu. Elkem AS rekur verksmiðjur í Evrópu, Norður- og Suður Ameríku, Afríku og Asíu, auk þess að vera með umtalsvert net af söluskrifstofum á mikilvægustu mörkuðum í Evrópu og Asíu.

**Elkem AS, Foundry Products er einn af stærstu framleiðendum af kísiljárni í stál og járnsteypu. Framleiðslustaðirnir eru í Kanada, Íslandi, Kína og Noregi og framleiða hágæðavörur fyrir viðskiptavini okkar. Markaðs- og söludeildin, sem er staðsett í Osló, leitar nú að starfsmanni í stöðu markaðs- og sölustjóra sem mun hafa starfsaðstöðu í Osló í Noregi.**

**Starfssvið**

- Sala og markaðssetning á kísiljárni til evrópska stáliðnaðarins
- Góð viðskiptatengsl og ábyrgð á samningum og samningaviðræðum
- Ábyrgð á upplýsingastreymi á milli viðskiptavina, logistikk og framleiðslu
- Vinna að markaðsstefnu og áætlanagerð
- Ábyrgð á viðskiptagagnagrunnum og markaðsgreiningum
- Virk þátttaka og stuðningur við verkefni teymisins

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun, tækni- og/eða markaðsmenntun
- 10 til 15 ára viðeigandi starfsreynsla
- Góð greiningarhæfni
- Hugmyndaauðgi, ábyrgðartilfinning og metnaður til framkvæmda
- Góðir samskiptaeiginleikar
- Góð þekking á Microsoft Office
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti. Góð enskukunnátta áskilin

Elkem býður upp á spennandi og fjölbreytt verkefni í góðu faglegu umhverfi. Það eru spennandi tímar framundan hjá Elkem sem gefur mögulega fyrir faglega og persónulega þróun. Við bjóðum upp á samkeppnishæf laun. Gera má ráð fyrir ferðalögum í starfinu. Viðkomandi heyrir undir Vice President Marketing and Sales FeSi.
Sjá nánar um starfið á heimasíðunni www.elkem.com

Elkem AS í Noregi hefur umsjón með ráðningunni en tengiliðir á Íslandi eru Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 14. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf á ensku.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# SKÓLASTJÓRI

Bláskógabyggð varð sveitarfélag 9. júní 2002 en þá sameinuðust Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur og Þingvallahreppur. Íbúar eru alls 939. Bláskógabyggð er mjög landstórt og víðfemt sveitarfélag. Öflugt félagslíf er í sveitarfélaginu. Hefð er fyrir miklu skólasamfélagi á Laugarvatni, en þar eru öll skólastig; leikskóli, grunnskóli, menntaskóli og háskóli. Ferðaþjónusta er mjög stór atvinnugrein í Bláskógabyggð og matvælaframleiðsla mikil. Menning er á háu stigi um allt sveitarfélagið og það skartar fjölförnustu ferðamannastöðum landsins; Þingvöllum, Laugarvatni, Geysi, Gullfossi og Skálholti. Sjá nánar á heimasíðunni: www.blaskogabyggd.is

**Sveitarfélagið Bláskógabyggð óskar eftir að ráða skólastjóra við grunnskóla sveitarfélagsins.**

Í Grunnskóla Bláskógabyggðar eiga nemendur kost á að stunda nám sitt í vistlegu og hlýlegu umhverfi. Skólasamfélagið er traust og mikill vilji til þess að halda góðu sambandi á milli skóla og heimila. Grunnskóli Bláskógabyggðar var stofnaður árið 2003 og starfar í tveimur deildum, annars vegar 105 nemendur í Reykholti í Biskupstungum og hins vegar 39 nemendur að Laugarvatni. Elstu bekkir Grímsness- og Grafningshrepps stunda líka nám sitt í Reykholti, skv. samningi milli sveitarfélaganna. Í dag eru kennarar skólans 19 auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Einnig koma að skólanum 7 stundakennarar og stuðningsfulltrúar. Tónlistarkennsla er á skólatíma á vegum Tónlistarskóla Árnessýslu. Öflugt kórastarf er við skólann. Íþróttastarf er mikið fyrir alla aldurshópa bæði á skólatíma og í samvinnu við ungmennafélög í sveitarfélaginu og þá oft í beinu framhaldi af skóla.

**Starfssvið**

- Stjórn og ábyrgð á daglegri starfsemi, fjárhagsáætlunum og rekstri
- Fagleg forysta
- Stuðla að framþróun í skólastarfi
- Leiða samstarf starfsmanna, nemenda, heimila og skólasamfélagsins í heild

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Grunnskólakennaramenntun
- Menntun og/eða reynsla af stjórnun og rekstri skv. lögum nr. 87/2008, 12. gr.
- Sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum og sterk þörf til að ná árangri í starfi
- Stjórnunar- og leiðtogahæfni
- Metnaður og einlægur áhugi á skólastarfi

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Skilyrði er að skólastjóri verði búsettur innan sveitarfélagsins. Hægt er að útvega húsnæði. Æskilegt er að viðkomandi geti byrjað fljótlega svo hann geti tekið þátt í undirbúningi nýs skólaárs. Bláskólabyggð mun halda skólaþing 30. mars nk. og við ráðningu nýs skólastjóra verður tekið mið af niðurstöðu þingsins um framtíðarsýn skólans.

Umsjón með ráðningu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 27. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



Sykehuset Telemark

## Sykehuset Telemark i Norge søker psykiatere og psykologer

**Psykiatrisk klinikk og Barne- ungdomspsykiatrisk seksjon**
**Vi søker**

- legespesialister/overleger
- psykologer
- leger i slutten av spesialiseringen innen voksen-psykiatri og barne- og ungdomspsykiatri.

Vi søker dyktige medarbeidere som ønsker å flytte til Telemark fast, eller bare for en periode. Sykehuset har god bemanning, men ønsker å styrke fagområdene.

Sykehuset dekker befolkningen i hele Telemark fylke, sør i Norge, med kystbyen Kragerø i sør og Rjukan med Gaustatoppen i nord. De største byene i fylket er Skien og Porsgrunn, som ligger i områdene i sør, med ca. 100.000 innbyggere. Sykehuset Telemark har ca. 3 500 ansatte og har alle vanlige spesialisthelsetjenester innen somatikk og psykiatri. Vi legger til rette for forskning og utvikling. Arbeidsspråket er skandinavisk. Vi er behjelpelig med bolig og barnehage.
Det er gode kommunikasjoner til Oslo og kontinentet. Mellom Skien og Oslo er det 130 km (under 2 t. med bil). Området rundt Skien og Porsgrunn kalles Grenland. På www.grenland.no kan du se hva Grenland kan tilby.

**Psykiatrisk klinikk** har ca. 700 medarbeidere. Vi har totalt 39 legestillinger hvorav 25 er spesialister i voksenpsykiatri. Disse jobber på ulike avdelinger ved klinikken, hovedsaklig lokalisert i byene Skien og Porsgrunn. Psykiatrisk klinikk har nå ledige legestillinger som spesialist i voksenpsykiatri og psykologer.

**Barne- og ungdomspsykiatrisk seksjon** (BUPS) er en del av Barne- og ungdomsklinikken (BUK) og består av poliklinikker og fylkesdekkende tjenester. BUPS har 10 legestillinger hvorav 5 er spesialister i barne- og ungdomspsykiatri, og 20 psykologstillinger. Vi søker psykologer.

Sykehuset har allerede flere islandske overleger og psykologer. Som referanse om hvordan det er å jobbe hos oss, kan du kontakte en av våre islandske leger Gisli Baldursson, tlf. +3548937632.

**Representanter for Sykehuset Telemark vil være tilstede i Reykjavik 25. og 26. mars** for samtaler med interesserte kandidater. Ta kontakt på mail for nærmere avtale om tidspunkt: klinikksjef barne- og ungdoms-psykiatri Gunnar Gausel, tlf. +47 99463655 / gunnar.gausel@sthf.no eller klinikksjef psykiatrisk klinikk Jostein Todal, tlf. +47 99331960 / jostein.todal@sthf.no .
Du kan også kontakte oss direkte på Hotell Borg disse dagene. Mer informasjon om Sykehuset Telemark på www.sthf.no Der kan du også søke direkte på annonserte stillinger.

ST – en del av foretaksgruppen HELSE SØR-ØST

## ERT ÞÚ ÖFLUGUR SÖLUMAÐUR ?

Leiguhús.is óskar eftir sölumanni, þarf að hafa metnað til að ná langt, geta unnið sjálfstætt, vera áræðinn, skipulagður, stundvís og duglegur. Laun eru hlutfall af sölu. Til staðar góð vinnuaðstaða í þekktu fyrirtæki sem stefnir á að vera ávallt leiðandi í sinni grein.
**Sendið umsókn fyrir 16.mars til gjy@leiguhus.is**

Orkuveita Reykjavíkur

# Sumarstörf hjá Orkuveitu Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur vill ráða ungt fólk til sumarstarfa. Um er að ræða almenn sumarstörf og sérverkefni fyrir háskólanema. Umsækjendur um sumarstörf skulu vera fæddir 1994 eða fyrr. Almenn vinna hefst 30. maí og stendur til 4. ágúst. Umsóknarfrestur um sumarvinnu er til 27. mars 2011. Allar nánari upplýsingar eru á www.or.is



ÍSLENSKA SIA.IS ORK 54029 03/2010

• Orkuvinnsla í sátt við umhverfið www.or.is

Íslandsbanki

# Netstjóri í Tækniþjónustu Íslandsbanka

Tækniþjónusta Íslandsbanka sér um rekstur upplýsinga- og viðskiptakerfa bankans. Í deildinni starfa 35 starfsmenn, auk verktaka, við að veita starfsmönnum Íslandsbanka víðtæka þjónustu og ráðgjöf varðandi hugbúnað, vélbúnað, samskiptabúnað, gagnavöktun og eftirlit.

Við leggjum áherslu á símenntun starfsfólks og að búa því sem bestar aðstæður til að vinna að verkefnum sínum.

## Netstjóri

Netstjóri þarf að hafa yfirburðarþekkingu á rekstri og viðhaldi á stórum netkerfum auk netöryggis-málum svo sem eldveggjum, VPN og IDS/IPS. Víðtæk reynsla og þekking á rekstri og uppsetningu á Cisco netbúnaði, Cisco netöryggisbúnaði, F5 netbúnaði og helstu nýjungum er nauðsynleg.

**Helstu verkefni:**

- Tæknileg stjórn verkefna og rekstur netkerfa og öryggiskerfa
- Samskipti við viðskiptavini kerfisþjónustu og þjónustuaðila
- Önnur verkefni eftir nánara samkomulagi

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Jósepsson, deildarstjóri kerfisþjónustu, sími 844 4324, netfang: gudmundur.josepsson@islandsbanki.is.

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá fyrir 20. mars næstkomandi. Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172, netfang: sigrun.olafs@islandsbanki.is.

## Lyfjatæknir - Lyfjagreiðslunefnd

Lyfjagreiðslunefnd óskar eftir að ráða lyfjatækni til starfa. Um framtíðarstarf er að ræða í fjölbreyttu og krefjandi umhverfi. Starfshlutfall getur bæði verið fullt starf eða hlutastarf.

**Helstu verkefni:**
Útgáfa verðskrár.
Afgreiðsla verðumsókna
Verðútreikningar

**Hæfniskröfur :**

- Lyfjatæknir
- Góð tölvukunnátta
- Þekking og reynsla úr opinberri stjórnsýslu og/eða apótek æskileg
- Ensku, dönsku eða sænsku-kunnátta kostur
- Nákvæm, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Samstarfs- og samskiptahæfni
- Frumkvæði, þjónustulund og áhugi á að þroskast í starfi.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Upplýsingar veitir Rúna Hauksdóttir Hvannberg formaður lyfjagreiðslunefndar í síma 5539050. Sjá einnig heimasíðu Lyfjagreiðslunefndar: www.lgn.is

Skriflegum umsóknum ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf óskast sendar með tölvu-pósti til runa@lgn.is eða til Lyfjagreiðslunefndar, v.t. Rúna Hauksdóttir, formaður, Vegmúla 3, 108 Reykjavík fyrir 28. mars 2011.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.


## FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...




# Laus störf hjá Hagstofu Íslands

*Hagstofa Íslands gegnir forystuhlutverki í opinberri hagskýrslugerð og mikill metnaður einkennir starfið sem þar fer fram. Hlutverk Hagstofu Íslands er að veita tölfræðilegar upplýsingar um þjóðfélagsleg málefni og tryggja að áreiðanleiki og óhlutdrægni séu í fyrirrúmi í opinberri hagskýrslugerð. Alþjóðlegt samstarf er öflugt og þróunarvinna skipar veglegan sess í starfsemi stofnunarinnar. Nánari upplýsingar má finna á www.hagstofa.is.*

## Sérfræðingur í utanríkisverslunardeild

Hagstofan óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann í utanríkisverslunardeild en sú deild heldur utan um upplýsingar um útflutning og innflutning á vöru og þjónustu og reiknar vöruskipti og þjónustujöfnuð við útlönd. Starfið felst í vinnu við þróunarverkefni í utanríkisverslun varðandi skráningu og söfnun upplýsinga um vöruviðskipti við innri markað ESB. Starfið er fjármagnað af Eurostat (Hagstofu ESB) og er til 1. janúar 2012 með möguleika á árs framlengingu ef framhald verður á fjármögnun verkefnisins.

**Hæfniskröfur**

- ✓ Háskólapróf í hagfræði eða skyldum greinum
- ✓ Góð almenn tölvukunnátta
- ✓ Færni í samskiptum er mikilvægur eiginleiki í þessu starfi
- ✓ Reynsla af gagnavinnslu er kostur
- ✓ Nákvæm og skipulögð vinnubrögð eru mikilvæg
- ✓ Frumkvæði

## Skrifstofumaður við gagnavinnslu

Hagstofan óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann í launa- og kjaramáladeild. Launa- og kjaramáladeild Hagstofu Íslands framkvæmir launarannsókn á íslenskum vinnumarkaði jafnframt því að sinna hagskýrslugerð. Starfið felur í sér söfnun og gæðaprófun á gögnum úr launarannsókn Hagstofunnar og að undirbúa gagnasafn til úrvinnslu við hagskýrslugerð auk annarra starfa við framkvæmd á launarannsókn.

**Hæfniskröfur**

- ✓ Góð þekking og mikil reynsla af launavinnslu
- ✓ Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- ✓ Góð almenn tölvukunnátta
- ✓ Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar
- ✓ Reynsla af gagnavinnslu er kostur

Borgartúni 21a
150 Reykjavík

☏ 528 1000

Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að þeir sem ráðnir verða geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með **28. mars 2011** og skulu umsóknir berast á eftirfarandi póstfang: *Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík*, eða rafrænt á netfangið *starfsumsokn@hagstofa.is*. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Nánari upplýsingar veitir Ólafur Arnar Þórðarson [olafur.thordarson@hagstofa.is], sími 528 1000.

Hagstofa Íslands

---

# Útibússtjóri í Austurstræti

**Landsbankinn** auglýsir starf útibússtjóra í útibúinu að Austurstræti 11 laust til umsóknar. Leitað er að kraftmiklum og drífandi einstaklingi með góða þekkingu á fjármálamörkuðum og mikla reynslu af stjórnun til að veita útibúinu forstöðu.

**Helstu verkefni**

- » Yfirumsjón með rekstri útibúsins, m.a. hvað varðar arðsemi og áhættustjórnun
- » Ákvarðanartaka er varðar starfsaemi útibúsins
- » Þjónusta og fjármálaráðgjöf til einstaklinga, félaga og fyrirtækja
- » Virk þátttaka í markaðsstarfi og þjónustumálum
- » Eftirlit með vanskilum, eftirfylgni og ákvarðanataka

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- » Háskólamenntun og yfirgripsmikil reynsla sem nýtist í starfi
- » Reynsla af og mjög góð þekking á starfsemi fjármálafyrirtækja
- » Hæfni í mannlegum samskiptum
- » Frumkvæði og fagmennska í starfi
- » Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

**Nánari upplýsingar**

Nánari upplýsingar veita Baldur G. Jónsson Mannauðsstjóri í síma 410-7904 eða baldur.g.jonsson@landsbankinn.is og Helgi Teitur Helgason, framkvæmdastjóri Viðskiptabanka í síma 410 5601 eða helgi.t.helgason@landsbankinn.is.

Umsókn merkt „Útibússtjóri Austurstræti" fyllist út á vef bankans.

Umsóknarfrestur er til og með 19. mars nk.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

NBIHF (LANDSBANKINN); KT.471008-0280

# Bílaleigan Sixt óskar eftir starfsfólki

Óskum eftir drífandi, sjálfstæðu og skipulögðu fólki í lið með okkur

**Afgreiðsla í Keflavík og Reykjavík**
**Framtíðar og sumarstörf**
Starfssvið:
-Afgreiðsla bílaleigubíla
-Bókanir
-Almenn skrifstofustörf

**Hæfniskröfur:**
-Viðkomandi þarf að hafa góða framkomu og þjónustulund
-Tungumálakunnátta
-Góð tölvukunnátta
-Bílpróf
-Frumkvæði, eldmóður og vinnusemi
-Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

**Umsjón bílaleigubíla í Keflavík og Reykjavík**
**Framtíðar og sumarstörf**
Starfssvið:
-Þrif og standsetning á bílaleigubílum
-Flutningur á bílum
-Minniháttar viðhald á bílaleigubílum

**Hæfniskröfur:**
-Viðkomandi þarf að hafa góða framkomu og þjónustulund
-Góða þekkingu á bílum
-Bílpróf / Meirapróf er mikill kostur
-Frumkvæði, eldmóður og vinnusemi
-Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð





Unnið er eftir vaktafyrirkomulagi. Einnig er um næturvaktir að ræða í Keflavík.

Umsóknir berist til Sixt rent a car, Borgartúni 33, 105 Reykjavík eða á tölvupóstfangið sixt@sixt.is fyrir mánudaginn 21. mars. Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Orri Sigurðsson.

Sixt er stærsta bílaleiga Þýskalands stofnuð 1912 með 3500 afgreiðslustaði í yfir 110 löndum. Sixt hefur þrjár starfsstöðvar á Íslandi: Í Reykjavík, Keflavík og á Akureyri.

SIXT rent a car

**Sixt rent a car - Borgartúni 33 - 105 Reykjavík - 540 2220 - www.sixt.is - sixt@sixt.is**



# Íbúðalánasjóður óskar eftir að ráða öflugt fólk til starfa

*Tilgangur Íbúðalánasjóðs er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast og leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.*

*Starfsmannastefna Íbúðalánasjóðs tekur mið af jafnréttisáætlun. Umsóknir gilda í 6 mánuði ef ráðið verður í önnur störf á þeim tíma.*

## Upplýsingafulltrúi á þjónustu- og markaðssviði Sauðárkróki

### Starfssvið

- Upplýsingamiðlun
- Leiðbeiningar og þjónusta við viðskiptavini
- Umsýsla með skuldabréf
- Skráning og skönnun

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf og starfsreynsla
- Reynsla af þjónustustörfum innan fjármálageirans er kostur
- Gott vald á íslensku og góð tölvukunnátta nauðsynleg
- Góð enskukunnátta æskileg
- Lipurð í samskiptum, gott sjálfstraust og framúrskarandi þjónustulund
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

## Lánaráðgjafi á þjónustu- og markaðssviði Sauðárkróki

### Starfssvið

- Aðstoð/ráðgjöf til viðskiptavina vegna greiðslumats og lánsumsókna
- Upplýsingagjöf og leiðbeiningar til viðskiptavina
- Svara skriflegum fyrirspurnum
- Þátttaka í þróun ferla og uppbyggingu á þjónustu

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun æskileg og starfsreynsla
- Reynsla af þjónustustörfum innan fjármálageirans er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góð tölvukunnátta nauðsynleg
- Lipurð í samskiptum, gott sjálfstraust og framúrskarandi þjónustulund
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

**Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Íbúðalánasjóðs, www.ils.is.**
**Upplýsingar um störfin veitir Emilía Sveinbjörnsdóttir, verkefnastjóri starfsmannamála, í síma 569 6900, emilia@ils.is.**

**Umsóknarfrestur er til og með 27. mars 2011. Umsóknir gilda í sex mánuði.**

**www.ils.is**
Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður



LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Hjúkrunarfræðingar - Sjúkrahótel Landspítala

Laus eru til umsóknar störf hjúkrunarfræðinga á næturvaktir á Sjúkrahótel Landspítala. Starfshlutfall er 80-100% eða eftir samkomulagi og veitast störfin frá 1. apríl 2011.

Sjúkrahótel Landspítala er staðsett við Ármúla 9, Reykjavík. Á sjúkrahótelinu er aðstaða fyrir sjúklinga og aðstandendur á 65 vel búnum og rúmgóðum einbýlum með öryggishnapp. Gestir hótelsins eru sjálfbjarga með að komast fram úr rúmi og að sinna daglegum athöfnum en hjúkrunarfræðingar starfa við hótelið og veita hjúkrunarráðgjöf, sinna ýmsum hjúkrunarstörfum eins og aðstoð við lyfjameðferð, meðferð sára og aðstoð við böðun.

### Helstu verkefni og ábyrgð

» Sérhæfð hjúkrun á sjúkrahóteli
» Skipuleggja hjúkrun
» Skrá hjúkrun í samræmi við reglur LSH
» Fylgjast með nýjungum í faginu
» Þátttaka í mótun þjónustunnar

### Hæfnikröfur

» Hjúkrunarmenntun
» A.m.k. 3-5 ára starfsreynsla
» Fjölbreytt starfsreynsla við hjúkrun
» Geta starfað sjálfstætt
» Lipurð í mannlegum samskiptum

### Nánari upplýsingar um starfið

» Umsóknarfrestur er til og með 26.03.2011. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is.
» Upplýsingar veitir Bryndís Konráðsdóttir, forstöðumaður, netfang bryndko@landspitali.is, sími 543 6371/ gsm 897 1952.
» Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og hjúkrunarleyfi.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast LSH skrifstofu framkvæmdastjóra hjúkrunar, Eiríksgötu 5, 101 Reykjavík.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut og hjá mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



# Leiðsögumenn í Fljótsdalsstöð

Landsvirkjun óskar eftir að ráða leiðsögumenn til að taka á móti hópum í gestastofu fyrirtækisins í Fljótsdalsstöð.

Fjöldi gesta kemur á ári hverju í gestastofur Landsvirkjunar víða um land til að fræðast um orku og umhverfi í og við stöðvar fyrirtækisins.

Um er að ræða verktakasamning, vinnutími er óreglulegur og umfang breytilegt. Æskilegt er að viðkomandi sé fagmenntaður leiðsögumaður og eigi auðvelt með að koma fram. Góð kunnátta í ensku og að minnsta kosti einu öðru tungumáli er skilyrði.

Reiknað er með að verkefnið hefjist í apríl 2011.
Umsóknarfrestur er til 21. mars 2011.
Nánari upplýsingar veitir Georg Pálsson, stöðvarstjóri Fljótsdalsstöðvar – Kárahnjúkavirkjunar, georg@lv.is, 515 9000.
Umsóknir með upplýsingum um fyrri störf, menntun og reynslu skal senda á:

***Landsvirkjun – Fljótsdalsstöð***
***Georg Pálsson***
***701 Egilsstaðir***
***eða á netfangið georg@lv.is***

Landsvirkjun




















# VERTU MEÐ Í SÓKNINNI

Nýherji leitar að vel menntuðu og hæfu fólki til að gegna stöðum sérfræðinga, verkefnastjóra og hópstjóra.

ERTU TÆKNILEGA ÞENKJANDI?

- Við leitum að fólki með háskólamenntun á sviði upplýsingatækni, verkfræði eða viðskiptafræði.
- Einnig leitum við að einstaklingum með þekkingu og reynslu í upplýsingatækni.
- Vottanir um sérfræðiþekkingu á sviði upplýsingatækni eru kostur.

Rík áhersla er lögð á jákvæðni, hæfni í mannlegum samskiptum, skipulagshæfni, samviskusemi og sjálfstæð vinnubrögð. Mikil tækifæri til að þróast í starfi.

Í boði eru áhugaverð framtíðarstörf, skemmtilegt og lifandi starfsumhverfi hjá traustu og leiðandi fyrirtæki sem er með áratuga reynslu á íslenskum upplýsingatæknimarkaði.

Umsóknarfrestur er til og með 27. mars 2011.
Allar fyrirspurnir og umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að leggja inn umsókn á heimasíðu Nýherja, www.nyherji.is.

Nánari upplýsingar veita:
Valka Jónsdóttir, starfsmannastjóri Nýherja, valka.jonsdottir@nyherji.is.
Þorvaldur Jacobsen, framkvæmdastjóri Rekstrarlausna Nýherja, thorvaldur.jacobsen@nyherji.is.








ENNEMM / SÍA / NM45796

Þann 1. apríl næstkomandi verða rekstrar- og hýsingarfélagið Skyggnir ehf. og fyrirtækið Sense ehf., sem sérhæfir sig í hljóð- og myndlausnum, sameinuð móðurfélaginu Nýherja hf.
Hjá Nýherja og dótturfélögum starfa samtals um 540 starfsmenn á Íslandi, í Danmörku og Svíþjóð.

NÝHERJI
BETRI LAUSNIR




# enerconsult

DESIGN: luto.no

ENERCONSULT is providing engineering services in the renewable energy production and consulting services that contribute to more efficient energy consumption. ENERCONSULT service's promotes the application of and conversion to more environmentally friendly energy solutions.

ENERCONSULT AS is expanding and strengthening the team of consultants within Hydropower development. We especially want to increase our capacity within planning and design of dams and hydraulic design. We are looking for personnel at the level equivalent:

## Master of Science - Hydropower Development

See full announcement **www.enerconsult.no**

enerconsult.no APPLICATION DEADLINE: 25th OF MARCH



## SÖLUTURN ATLANTSOLÍU
# REKSTRARAÐILI

Atlantsolía leitar að aðila til að reka söluturn félagsins að Kópavogsbraut 115. Bensínstöðin að Kópavogsbraut var sú fyrsta sem fyrirtækið tók í notkun og hefur markað sér sterkan sess á markaðssvæði sínu.

Við leitum að traustum og ábyggilegum aðila sem vill verða hluti af uppbyggingu á ört vaxandi fyrirtæki. Mikill kostur er að þekkja til slíks reksturs en þó ekki skilyrði.

**Nánari upplýsingar veitir Guðrún Ragna Garðarsdóttir, framkvæmdastjóri Atlantsolíu. Netfang: gudrun@atlantsolia.is**

**Umsóknarfrestur rennur út mánudaginn 21. mars.**

ATLANTSOLIA

Atlantsolía / Lónsbraut 2 / 220 Hafnarfjörður / Sími 591 3100 / www.atlantsolia.is

# TÍSKUMARGMIÐLUN !!

**fjölbreytt og lifandi starf í góðum félagsskap**

Óskum eftir starfsmanni í markaðsstarf **NTC**

**Helstu verkefni:**
- Hönnunar- og auglýsingavinnsla
- Umsjón vefsíðu NTC
- Ljósmyndun / myndvinnsla
- Merkingar í verslunum
- Greinaskrif og umfjallanir
- Önnur tilfallandi markaðsmál

**Hæfniskröfur:**
- Brennandi áhugi á tísku
- Reynsla af markaðsstörfum
- Kunna að vinna á mynd- og umbrotsforrit (photoshop, InDesign/Illustrator)
- Grunnkunnáttu í ljósmyndun
- Góð ritkunnátta

Áhugasamir sendið umsókn og ferilskrá á helga@ntc.is
Umsóknarfrestur rennur út 20.mars.

NTC www.ntc.is



# KRISTA / Quest

Óskar eftir hársnyrtimeisturum og sveinum í stólaleigu í Kringlunni.

Frábær staðsetning, fyrirmyndar vinnuaðstaða.

Nánari upplýsingar í s: 568-9979 eða nonniquest@krista.is

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Verkefnisstjórar á Suðurnesjum

Mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsir lausar til umsóknar tvær stöður verkefnisstjóra. Um er að ræða tímabundið verkefni til tveggja ára um eflingu menntunar á Suðurnesjum, Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ, Garði og Vogum. Verkefnisstjórarnir munu starfa undir stjórn stýrihóps um menntun á Suðurnesjum og vinna í samstarfi við menntastofnanir á svæðinu. Starfsstöð verkefnisstjóranna verður á Suðurnesjum og æskilegt er að þeir séu búsettir á svæðinu.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
Háskólamenntun og starfsreynsla sem nýtist í starfi.
Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
Þekking og reynsla af verkefnastjórnun.
Hæfni í mannlegum samskiptum.
Góð kunnátta í íslensku og ensku og hæfileiki til að koma frá sér efni í töluðu og rituðu máli.

Miðað er við að annar verkefnastjórinn hafi reynslu af atvinnulífi og starfsmenntun en hinn haldgóða þekkingu og reynslu á skólastarfi í framhaldsskólum og innan fullorðinsfræðslu.

**Helstu verkefni**
Þátttaka í stefnumótunarvinnu og gerð framkvæmdaáætlunar vegna eflingar menntunar á Suðurnesjum. Kortlagning styrkleika og úrræða á starfssvæðinu. Samstarf við sveitarfélög, stofnanir, aðila vinnumarkaðarins og félagasamtök um að efla menntunarúrræði, samhæfa þau og auðvelda aðgengi íbúa að þeim.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Arnór Guðmundsson, skrifstofustjóri í mennta- og menningarmálaráðuneyti með tölvupósti á arnor.gudmundsson@mrn.is.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið. Um launakjör fer eftir kjarasamningum fjármálaráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík, eða á netfangið postur@mrn.is eigi síðar en 25. mars nk. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

*Mennta- og menningarmálaráðuneyti,*
*8. mars 2011.*

# Nördar eru töff

## Tvö spennandi störf í samskiptalausnum

### Stjórnandi samskiptalausna EJS

Skýrr leitar að deildarstjóra fyrir samskiptalausnir EJS, sem er hluti af Skýrr. EJS er 200 manna svið innan Skýrr. Samskiptalausnir EJS selja og þjónusta lausnir á borð við Alcatel, BroadSoft og Microsoft Lync (OCS).

#### Starfssvið

- Stefnumótun í sölu- og ráðgjöf samskiptalausna EJS
- Dagleg stjórnun samskiptalausna EJS
- Vinna að markaðsstefnu og áætlanagerð
- Virk þátttaka og stuðningur við sölustarfsemi
- Samstarf við aðra stjórnendur Skýrr, einkum á sviði samskiptalausna
- Samskipti við erlenda starfsemi félagsins í samskiptalausnum

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun og/eða viðamikil starfsreynsla í upplýsingatækni og/eða fjarskiptum
- Þekking á rekstri og þjónustu við símstöðvar æskileg (jafnt eldri sem yngri kerfi)
- Miklir samskiptahæfileikar og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Brennandi áhugi á nýjungum í upplýsingatækni, einkum samskiptalausnum
- Góð enskukunnátta skilyrði
- Hugmyndaauðgi, metnaður og þjónustulund nauðsynlegir eiginleikar

### Sérfræðingur í Microsoft Lync (OCS)

Skýrr leitar að sérfræðingi til starfa hjá samskiptalausnum EJS.

#### Starfssvið

- Þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina EJS á sviði samskiptalausna
- Áhersla á samskiptalausnir Microsoft Lync (OCS)

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun eða viðamikil starfsreynsla í upplýsingatækni eða fjarskiptum
- Reynsla af vinnu með Microsoft Lync (OCS)
- Viðamikil reynsla af rekstri Microsoft-lausna
- Vottanir og prófgráður í Microsoft-lausnum eru kostur
- Brennandi áhugi á nýjungum í upplýsingatækni, einkum samskiptalausnum
- Góð enskukunnátta skilyrði
- Frumkvæði, metnaður og þjónustulund nauðsynlegir eiginleikar

Skýrr er skemmtilegasta fyrirtæki landsins í upplýsingatækni og 9. stærsta UT-fyrirtæki Norðurlanda. Starfsfólk fyrirtækisins er tæplega 1.100 talsins. Viðskiptavinir skipta tugþúsundum. Skýrr býður atvinnulífinu heildarlausnir á sviði hugbúnaðar, vélbúnaðar og rekstrarþjónustu.

Fyrirtækið er fjölskylduvænt, jafnréttissinnað og hlúir vel að starfsfólki. Sveigjanlegur vinnutími, fín laun og frábærar vinnuaðstæður í boði. Magnað kaffi, frábært félagslíf og tíðar uppákomur sömuleiðis. Gildi Skýrr eru ástríða, snerpa og hæfni. Það er töff að vera nörd.

#### Ástríða

Starfsfólk Skýrr tæklar viðfangsefni sín af forvitni, jákvæðni og metnaði. Starfsfólk Skýrr er glaðvært og hlakkar til að mæta í vinnuna.

#### Snerpa

Viðbragðsflýtir, frumkvæði og sveigjanleiki einkenna starfsfólk Skýrr, sem er alltaf á tánum og nálgast öll verkefni með þjónustulund í fyrirrúmi.

#### Hæfni

Fagmennska er starfsfólki Skýrr í blóð borin. Dugnaður, nákvæmni og samviskusemi eru í hávegum höfð hjá landsliðinu í upplýsingatækni.

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
Velkomin

Óskum eftir kraftmiklu og duglegu sölufólki til að selja auglýsingar á ferðaþjónustuvef. Miklir tekjumöguleikar fyrir réttan einstakling.

Áhugasamir vinsamlega hafið samband á netfangið worldcenter@worldcenter.co

## Starfsmaður í ferðaþjónustu

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir því að ráða starfsmann í sölu- og markaðsdeild okkar.
Skilyrði er að umsækjandi hafi víðtæka þekkingu og reynslu af íslenskri ferðaþjónustu og mjög góða tungumálakunnáttu, bæði í töluðu og rituðu máli.

***Um framtíðarstarf er að ræða.***

Nánari upplýsingar um starfið veitir *Þórir Garðarsson* í síma 540 1304.

Umsóknum skal skilað á thorir@grayline.is fyrir 20. mars nk.

Eldri umsóknir þarf að endurnýja.
*Allar umsóknir verður farið með sem trúnaðarmál.*

Iceland Excursions Allrahanda ehf. er ferðaþjónustufyrirtæki í fremstu röð. Félagið hefur verið leiðandi í nýsköpun á afþreyingu fyrir ferðamenn í meira en áratug.
Félagið er handhafi viðskiptasérleyfis Gray Line sem er stærsta fyrirtæki í heiminum á sviði skoðunar- og pakkaferða. Gerðar eru miklar kröfur til þjónustu fyrirtækisins og metnaður starfsmanna er mikill. Það hefur skilað ánægðustu viðskiptavinum á Íslandi undanfarin ár samkvæmt könnun Dear Visitor.

Icelandexcursions GRAY LINE ICELAND Gray Line

Hafnarstræti 20 / 101 Reykjavík / Iceland / Sími: 540 1313 / www.grayline.is

## Lyfjafræðingur -Lyfjagreiðslunefnd

Lyfjagreiðslunefnd óskar eftir að ráða lyfjafræðing til starfa. Um framtíðarstarf er að ræða í fjölbreyttu og krefjandi umhverfi. Starfshlutfall getur bæði verið fullt starf eða hlutastarf.

**Helstu verkefni:**
Útgáfa verðskrár.
Afgreiðsla verð og greiðsluþátttöku umsókna
Sérverkefni

**Hæfniskröfur :**
- Lyfjafræðingur
- Góð tölvukunnátta
- Þekking og reynsla úr opinberri stjórnsýslu, apótek og/eða heildsölu æskileg
- Ensku, dönsku eða sænsku-kunnátta kostur
- Nákvæm, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Samstarfs- og samskiptahæfni
- Frumkvæði, þjónustulund og áhugi á að þroskast í starfi.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Upplýsingar veitir Rúna Hauksdóttir Hvannberg formaður lyfjagreiðslunefndar í síma 5539050. Sjá einnig heimasíðu Lyfjagreiðslunefndar: www.lgn.is

Skriflegum umsóknum ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf óskast sendar með tölvupósti til runa@lgn.is eða til Lyfjagreiðslunefndar, v.t. Rúna Hauksdóttir, formaður, Vegmúla 3, 108 Reykjavík fyrir 28. mars 2011.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

## Leitum að verkstjóra á bónstöð.

AÞ-ÞRIF BÍLAÞVOTTUR OG BÓN

Óska eftir 4-5 herbergja húsnæði til langtímaleigu í Víkur - eða Staðahverfi. Upplýsingar í síma 824 2356.

Karlmaður50 óskar eftir íbúð miðsvæðis. Meðmæli. Uppl. S: 691 6896 Óskar

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.
Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.
Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com
stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu við Dalveg í Kóp. 80fm. Verslunar eða lagerhúsnæði. S. 893 3475.

TIL LEIGU 20 FM - 30FM VINNUSTUDIO/GEYMSLUR I MIÐBÆ REYKJAVIK UPPL GUNNAR 660 1050

### LEIGUHÚS.IS LEIGUMIÐLUN
Ef þig vantar atvinnuhúsnæði Ef þú vilt leigja atvinnuhúsnæði Leitaðu til okkar reyndu manna. Leiguhús.is sími 562 2554

## Geymsluhúsnæði

### geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

### www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Atvinna í boði

Ísl.fjölskyldu í Kaupmannahöfn vantar AU-PAIR fyrir 10.ára stelpu frá apríl/maí í 1.ár. Umsækjandi þarf að vera 18ára eða eldri. Vinsamlegast hafið samband: aupair2011cph@me.com

Rétt hjá Jóa, Mosfellsbæ óskar eftir starfsmönnum. Þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Uppl. gefur Jóhann í s. 896 9497.

Atvinnutækifæri! Til sölu vélar tæki til gólfbónunar + teppahr.vél o.fl Uppl.s. 893 8693 milli 16-18 laug+sunn.

Hressingarskálinn óskar eftir uppvaskara. Frekari upplýsingar og umsóknir á staðnum, Austurstræti 20

Au pair íslenska eða erlenda óskast á heimili í sumar á Stokkseyri, góð laun s. 6950495

## Atvinna óskast

2 smiðir óska eftir vinnu, vanir trésmíði, flísalögn, málun & gipsvinnu. S. 846 3632.

### Kynningar
Get tekið að mér að kynna vörur og þjónustu fyrir fyrirtæki og fl. Hef 20 ára reynslu í sölu-, markaðs- og kynningarstörfum. uppl: fridlina@hotmail.com

Góður málari, sérhæfir sig í að sprasla veggi. Uppl í s. 891 8302

## Ýmislegt

### e-catz.com: Fjárfestar óskast
e-catz.com er stefnumóta- og samskiptavefur fyrir einhleypa kattaeigendur, líklega sá eini sinnar tegundar í heiminum. Nánari uppl. á e-catz.com (investors).

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

### Spjalldömur 908 5050
Opið allan sólarhringinn.

## Fasteignir

# Glæsileg heilsárshús



Erum að hefja smíða á 64fm húsi + milliloft. Selst á ýmsu byggingastigi, frá fokheldi til fullbúið á lóð. Verð frá 6,2 milljónum. Erum á suðurlandi vanir menn Haraldur Húsasmíðameistari.
Uppl 894 0048 hús og parket
halliparket@gmail.com

# Hollt að vera hafnað

**Hilmar Guðjónsson** er efnilegur leikari sem vakið hefur athygli í hlutverkum sínum í Borgarleikhúsinu í vetur. *Sigríður Björg Tómasdóttir* fékk sér kaffi með Hilmari og rifjaði meðal annars upp þátt hans í meistaratitlum KR í fótbolta.



HILMAR GUÐJÓNSSON Fyrir utan leiklistina er fótboltinn aðaláhugamál Hilmars, sem er KR-ingur og Liverpool-aðdáandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ætli ég hafi ekki ákveðið þegar ég var í Kvennó að verða leikari. Þar var ég mjög virkur í leikfélaginu og með í öllum sýningum,“ segir Hilmar Guðjónsson leikari. Hilmar, sem er 26 ára, útskrifaðist úr Leiklistardeild Listaháskólans síðastliðið vor og hefur verið fastráðinn í Borgarleikhúsinu í vetur. „Það er alveg frábært, í rauninni það sem ég óskaði mér. Mig langaði mjög mikið til að fá þessa leikreynslu og hef verið svo heppin að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum í vetur,“ segir Hilmar sem um þessar mundir leikur bæði í Nei, ráðherra! og Ofviðrinu í Borgarleikhúsinu. „Svo byrjum við að æfa Galdrakarlinn í Oz í apríl, æfum hann alveg upp þó að við sýnum hann reyndar ekki fyrr en í haust,“ segir Hilmar, sem fara mun með hlutverk fuglahræðunnar í þessum klassíska söngleik.

Hilmar er alinn upp á Seltjarnarnesi. Hann gekk í Mýrarhúsaskóla og Valhúsaskóla eins og vera ber en þrátt fyrir uppvöxtinn á Nesinu var hann og er mikill KR-ingur. „Pabbi minn Guðjón B. Hilmarsson spilaði með KR, þannig að ég fékk KR-búninga og æfði með KR þegar ég var lítill,“ segir Hilmar, sem hætti að æfa þegar hann var kominn í annan flokk. „Þá varð ég að hætta vegna meiðsla, en hver veit nema maður hefði haldið áfram að ströggla í fótboltanum ef það hefði ekki gerst,“ segir Hilmar og hlær.

**Lék rauða ljónið**

Þó að Hilmar hafi ekki náð að spila með meistaraflokki KR-inga náði hann þó svo langt að verða lukkudýr Vesturbæinganna: „Ég var beðinn um að leika Rauða ljónið þegar ég var fimmtán ára. Ég veit ekki af hverju, ætli ég hafi ekki þótt svona hress eða eitthvað. Ég átti sem sagt að koma þarna inn með fána, vinka og veifa fánanum. Svo í fyrsta leik voru um þrjú þúsund manns á vellinum, rosaleg stemming og ég fékk bara eitthvert kikk. Hoppaði um og dansaði eins og fífl. En fyrst ég var búinn að setja standardinn svona hátt gat ég ekki annað en haldið áfram og verið með læti í næstu leikjum.“

> Ég var beðinn um að leika Rauða ljónið þegar ég var fimmtán ára. Ég veit ekki af hverju, ætli ég hafi ekki þótt svona hress.

Það er skemmst frá því að segja að þetta var sumarið 1999, árið sem KR-ingar unnu sinn fyrsta meistaratitil í yfir 30 ár. „Ég var Rauða ljónið í tvö sumur, tók mér svo eitt sumar frí og kom svo aftur eitt sumar. Ég varð hálfgert lukkutröll því KR varð Íslandsmeistari öll sumrin, ég þori varla að segja frá þessu því ég er svo hræddur um að verða beðinn um að taka þetta að mér aftur,“ segir Hilmar og brosir.

Að loknu stúdentsprófi úr Kvennaskólanum fór Hilmar ásamt skólafélögum sínum í útskriftarferð. Þegar heim kom biðu hans skilaboð um að hringja í Maríu Reyndal leikstjóra. Hún vildi fá hann í prufu fyrir hlutverk í verkinu Geitin eftir Edward Albee og Hilmar lét ekki segja sér það tvisvar. Hann hreppti svo hlutverkið og um haustið hófst það ævintýri að æfa leikrit í Borgarleikhúsinu með atvinnuleikurum. „Þarna var ég með Sigrúnu Eddu Björnsdóttur, Þór Tulinius og Eggerti Þorleifssyni og það hafði ótrúlega mikil áhrif á mig. Fram að þessu hafði mig ekkert langað sérlega mikið til að læra leiklist, mig langaði að leika en ekki læra það. En þarna skipti ég um skoðun og ákvað að sækja um í leiklist.“

**Kínaferð áhrifarík**

Fyrsta atlaga Hilmars að leikaranáminu gekk ekki sérlega vel. „Ég datt strax út, komst ekkert áfram. Sem var bara mjög gott svona eftir á að hyggja. Mér hafði alltaf gengið svo rosalega vel og fengið það sem ég sóttist eftir. En þetta var hollt nei sem ég fékk þarna. Það gaf mér færi á að hugsa umsóknina upp á nýtt og þegar ég sótt um ári síðar hafði ég líka undirbúið mig mjög vel. Í millitíðinni ferðaðist ég um Kína, sem hafði reyndar mikil áhrif á mig, það var svo gott að kynnast nægjuseminni og nægjusemi og naumhyggjunni sem þar er að finna, ég held ég kvarti minna eftir ferðina.“

Í næstu atlögu að leikaranámi flaug Hilmar inn í námið sem tók fjögur krefjandi og skemmtileg ár. „Ég kom alveg af fjöllum þegar ég byrjaði í náminu, hafði ekkert lesið og í rauninni ekki farið neitt í leikhús, nema þegar ég var sjálfur að leika. En maður sökkti sér ofan í námið og ég held ég hafi farið út á hverju ári síðan til að horfa á sýningar, ég fylgist líka mjög vel með hérna heima.“

**Leikur Jón Sigurðsson í sumar**

Þó að leikhúsið eigi hug Hilmars allan um þessar mundir hefur hann einnig fengist við kvikmyndaleik. Síðasta sumar lék hann í kvikmyndinni Á annan veg sem Hafsteinn Gunnar Sigurðsson leikstýrði. „Það er verið að ljúka við eftirvinnsluna á henni, en ég fékk að sjá lokaklipp um daginn og leist vel á. Það var mikið ævintýri að leika í myndinni sem var tekin upp fyrir vestan, meðal annars uppi á heiðum við Patreksfjörð.“ Vestfirðir koma einnig við sögu næsta sumar hjá Hilmari, sem mun leika Jón Sigurðsson í nýjum leikþáttum um þjóðhetjuna sem fæddist sem kunnugt er á Hrafnseyri við Arnarfjörð. „Ég verð þarna með miklum köppum, Sveini Einarssyni og Arnari Jónssyni. Við munum fara til Kanada með leikþætti eftir Svein um Jón Sigurðsson,“ segir Hilmar spenntur. „Svo væri ég til í sumarfrí, það er orðið langt síðan ég tók mér frí,“ segir hann að lokum.

## SAMAN Í VINNU OG FRÍTÍMA

**Kærastan var bekkjarsystir í Listaháskólanum.**

Hilmar og sambýliskona hans Lára Jóhanna Jónsdóttir leika saman í Nei, ráðherra! sem nú er á fjölunum í Borgarleikhúsinu og sömuleiðis í Ofviðrinu. „Við höfum reyndar leikið saman í öllum leikritunum sem við höfum leikið í í vetur,“ segir Hilmar. Samband hans og Láru hófst þegar þau voru saman í bekk í leiklistarnáminu í Listaháskólanum og því má segja að þau séu vön að vinna saman. „Við þekkjum ekkert annað en að vera alltaf saman, höfum farið samferða í vinnuna og skólann í mörg ár. Það gengur bara mjög vel og okkur finnst frábært að geta talað svona mikið um vinnuna og okkar fag heima. Svo förum við saman og horfum á leiksýningar og bíómyndir,“ segir Hilmar.



NEI, RÁÐHERRA Hér eru Lára Jóhanna og Hilmar í hlutverkum sínum í gamanleiknum Nei, ráðherra! sem er á fjölunum í Borgarleikhúsinu um þessar mundir. Með þeim á myndinni er Sigurður Sigurjónsson.

Fíton/SÍA

# Félagsfundur VR

**Félagsfundur VR verður haldinn á Hilton Nordica Hótel þriðjudaginn 15. mars nk. kl. 19:30.**

**Dagskrá:**

1. Kynning frambjóðenda til trúnaðarstarfa fyrir félagið.
2. Fyrirspurnir og umræður.

**Félagsmenn hvattir til að mæta.**

Virðing Réttlæti VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS


markhonnun.is
nettó
Ódýrt fyrir heimilið!
KALKÚNASNEIÐAR
40% afsláttur
1.079 kr/kg
áður 1.798 kr/kg
FRÁBÆR HELGARTILBOÐ
LAMBAKÓTELETTUR FERSKAR
LAMBAKJÖT
25% afsláttur
1.649 kr/kg
áður 2.198 kr/kg
LAMBALÆRISSNEIÐAR FERSKAR
30% afsláttur
1.749 kr/kg
áður 2.498 kr/kg
KINDAHRYGGVÖÐVI (FILE) FERSKUR KRYDDAÐUR
2.198 kr/kg
Frábært verð!
CAPRI SÚKKULAÐIBITAR 200G
28% afsláttur
179 kr/pk.
áður 249 kr/pk.
MANGÓ
50% afsláttur
175 kr/kg
áður 349 kr/kg
JUBBLY FROSTHYRNUR
Jubbly
34% afsláttur
199 kr/pk.
áður 299 kr/pk.
KJÚKLINGAVÆNGIR HOT EÐA BBQ FULLELDAÐIR OG ÞARF AÐEINS AÐ HITA
Hot Wings
298 kr/pk.
áður 689 kr/pk.
PIZZUBOTNAR 2X150 G
Napolina
43% afsláttur
199 kr/pk.
áður 349 kr/pk.
KORNFLÖGUR 500 G
CORNFLAKES
25% afsláttur
179 kr/pk.
áður 239 kr/pk.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær
Tilboðin gilda 10. - 13. mars
eða meðan birgðir endast

## ✓ Besta nafnið - Spilverk Þjóðanna



**BESTA NAFNIÐ** Spilverk þjóðanna þykir frumlegt, þjóðlegt, ljóðrænt og lýsandi nafn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hin vinsæla hljómsveit Spilverk þjóðanna, sem nú vinnur að nýrri plötu eftir rúmlega þriggja áratuga hlé, hreppir efsta sætið í könnun blaðsins um bestu hljómsveitanöfn íslenskrar poppsögu.

„Mér finnst nafnið ljóðrænt og fallegt. Margir hlutir sem verða að einni heild.“ *- Anna Svava Knútsdóttir*

„Snjallt og þjált nafn sem er lýsandi og kallar ósjálfrátt á hugrenningartengsl við Sameinuðu þjóðirnar.“ *- Jónatan Garðarsson*

„Nafnið er frumlegt og þjóðlegt. Það er reisn yfir því. Alveg eins og hljómsveitinni. Þjóðlagakenndri kassagítarhljómsveit sem sótti jafnt í nýskapandi strauma sem gamla hefð.“ *- Jens Guð*

## ✓ Næstbesta nafnið - Trúbrot

„Íslenskt og frumlegt.“ *- Hildur Knútsdóttir*

„Mjög flott íslenskt nafn. Orð sem er ekki notað mikið í íslenskri tungu og því fer aldrei á milli mála að það er verið að tala um hljómsveitina þegar orðið Trúbrot er notað.“ *- Bertel Andrésson*



## ✓ Þriðja besta nafnið - Kukl



„Kraftmikið, dulúðugt og felur í sér fyrirheit um óvænta hluti.“ *- Jónatan Garðarsson*

„Kjarnyrt íslenskt orð sem lýsir þeim galdri sem sveitin leitaðist við að framkalla og náði fullkomnun í fyrstu plötu Sykurmolanna nokkrum árum síðar.“ *- Snorri Már Skúlason*

## ✗ Versta hljómsveitarnafnið - Pláhnetan

Pláhnetan, hljómsveitin sem Stefán Hilmarsson og Friðrik Sturluson úr Sálinni hans Jóns míns, ásamt þeim Ingólfi Guðjónssyni og Sigurði Gröndal, stofnuðu vorið 1993 og gaf út tvær plötur meðan Sálin tók sér frí, skartar versta hljómsveitarnafni íslenskrar poppsögu að mati álitsgjafa.



**VERSTA NAFNIÐ** Álitsgjafar blaðsins eru ekki hrifnir af orðaleiknum sem felst í nafninu plánhetan. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

„Slappur orðaleikur sem stóð varla undir nafni á B-hliðarlagi, hvað þá heilli hljómsveit. Rosalega hljóta meðlimirnir að hafa verið orðnir þreyttir á að útskýra alltaf: „Nei, ekki Plánetan – PláHnetan – með hái í miðjunni …“ *- Stefán Pálsson*

„Tilræði við góða orðaleiki.“ *- Bergsteinn Sigurðsson*

„Ég fæ ófrávíkjanlega kjánahroll þegar Pláhnetan rifjast upp. Ég man enn eftir umræðunum sem sköpuðust eftir að nafnið hafði verið tilkynnt. „Ha? Ekki Plánetan? HNETAN? Hvað þýðir þetta eiginlega? EN ÞETTA ER EKKI ORÐ“ og svo framvegis.“ *- Hildur Lilliendahl*

## ✗ Næstversta nafnið - Soðin fiðla

„Svo hrikalegt hljómsveitarnafn að það er þess virði að rifja upp þessa gömlu hljómsveit. Ber vott um tímaþröng hljómsveitarmeðlima fyrir síðasta skiladag á kassettum fyrir Músíktilraunir.“ *- Ólafía Erla Svansdóttir*

„Hreinn viðbjóður. Þetta nafn gefur mér meiri ónotatilfinningu en nöfn allra dauðarokkssveita Íslands, hvort sem þær heita Severed Crotch, Gyllinæð eða Fighting Shit.“ *- Stígur Helgason*



## ✗ Þriðja versta nafnið - Klamedía X

„Orðið klamydía þykir mér ekki hljómfagurt, og ekki er merkingin til að bæta úr skák.“ *- Hildur Knútsdóttir*

„Óhugnanlegasta nafn íslenskrar poppsögu. Að nefna sig í höfuðið á skæðum kynsjúkdómi er augljóslega ekki ávísun á frægð enda spurðist lítið til þessarar hljómsveitar eftir að hún vann í hljómsveitakeppni í Keflavík á sínum tíma.“ *- Kristinn Pálsson*



# Kukl, krútt og kynsjúkdómar

Það er kúnst að velja nafn sem sameinar það meðal annars að falla vel að tónlist hljómsveitar, vekja athygli og venjast vel. *Kjartan Guðmundsson* fékk hóp valinkunnra andans manna og kvenna til að velja **bestu og verstu hljómsveitanöfn íslenskrar poppsögu.**

## ■ Álitsgjafar

Anna Svava Knútsdóttir
Arnar Eggert Thoroddsen
Bergsteinn Sigurðsson
Bertel Andrésson
Freyr Bjarnason
Hildur Knútsdóttir
Hildur Lilliendahl
Jens Guð
Jóhannes Kjartansson
Jónatan Garðarsson
Kristinn Pálsson
Margrét Erla Maack
Mikael Torfason
Ólafía Erla Svansdóttir
Sara McMahon
Snorri Már Skúlason
Sólmundur Hólm
Sveinbjörn Pálsson
Stefán Pálsson
Stígur Helgason
Sunna Valgerðardóttir
Teitur Atlason
Þórður Helgi Þórðarson
Ölvir Gíslason
Örn Úlfar Sævarsson

## MEÐ BESTA OG VERSTA NAFNIÐ

Frábært! Þetta líst mér á,“ segir **Valgeir Guðjónsson**, sem skipar Spilverk þjóðanna ásamt Diddú, Agli Ólafssyni og Sigurði Bjólu, þegar honum er tjáð að álitsgjafar Fréttablaðsins telji nafn sveitarinnar það besta í íslenskri poppsögu.

Aðspurður segir Valgeir nafnið hafa orðið til í nokkrum þrepum á sínum tíma. „Fljótlega duttum við niður á orðið Spilverk. Svo var það líka visst grín innan hljómsveitarinnar að leggja alltaf sérstaka áherslu á N-in í orðum í eignarfalli fleirtölu. Þjóðanna!,“ útskýrir hann hátt og snjallt. „Við ræddum um að stafa nafnið með þremur N-um en ekkert varð úr því, sem er kannski synd.“

Valgeir segist hafa fundið fyrir því í gegnum tíðina að nafn sveitarinnar þyki fela í sér djörfung og frumlega hugsun. „Við karlpeningur Spilverksins höfum stundum státað okkur af því að hafa verið í hljómsveitinni með besta nafnið og líka með versta nafnið, því Stuðmenn var versta nafn sem við gátum hugsað okkur þegar það varð til. Þannig að þetta er ansi góð spennivídd,“ segir Valgeir.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ✓ Fleiri góð hljómsveitanöfn

Þessi nöfn skoruðu líka hátt í könnuninni um bestu hljómsveitarnöfnin:

**Utangarðsmenn**
„Engir aðrir en Bubbi og Pollock-bræður anno 1980 hefðu borið svona töffaralegt hljómsveitarheiti.“
*Stefán Pálsson*

**Hljómar**
„Frábær íslenskun á því sem var að gerast í hljómsveitarnöfnum úti í hinum stóra heimi á þeim tíma.“
*Margrét Erla Maack*

**Unun**
„Nafnið má lesa í mörgum algengum leturgerðum á hvolfi. Stutt og snöfurlegt. Hentar vel poppaðri hljómsveit með rætur í pönki. Íslenskt nafn sem hljómar einnig snoturt á alþjóðamarkaði.“
*Jens Guð*

**Fræbbblarnir**
„Gott nafn og gæti vísað í orðið „Ræflarnir“ sem aftur vísar í tilraunir íslenskufólks við að þýða orðið Punk Rock sem „ræflarokk“ um það leyti sem pönkið brast á.“
*Teitur Atlason*

**Mínus**
„Fá nöfn sem eiga jafn vel við stefnu hljómsveitar, sérstaklega fyrstu árin þegar þeir voru tussuþéttir og slík bönd fá Mínus hjá fína fólkinu.“
*Sólmundur Hólm*

## ORÐALEIKUR SEM VATT UPP Á SIG

Ég man hreinlega ekki hver átti sökina á þessu nafni, en ætli ég hafi ekki átt einhvern þátt í því,“ segir **Stefán Hilmarsson** og hlær þegar hann er spurður um uppruna hljómsveitarnafnsins Pláhnetunnar. Hann rifjar þó upp að titillinn hafi komið í kjölfar þeirrar ákvörðunar að gera fyrri plötu sveitarinnar, Speis frá 1993, að þemaplötu þar sem sungið var um geimferðir, himintunglin og fleira í þeim dúr. „Góðkunningi okkar sem hannaði plötualbúmið kom með þá hugmynd að hafa á því hnetu sem var eins og einhvers konar pláneta og svo vatt þessi orðaleikur upp á sig, eitt leiddi af öðru og þetta endaði svona.“



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Aðspurður segir Stefán sig ekki reka minni til annars en að viðbrögðin við nafninu hafi verið ágæt á sínum tíma. „Það má auðvitað venjast öllu, hversu illt sem það er. Til dæmis þótti Sálin hans Jóns míns ekki burðugt nafn í fyrstu og hvað þá Stuðmenn og Nýdönsk, en þau hafa öll vanist vel,“ segir Stefán.

## ✗ Fleiri slæm hljómsveitanöfn

Þessi nöfn þóttu álitsgjöfum einnig slæm:

**Land og synir**
„Nafnið er ekki ljótt en það er óheppilegt þar sem flestir aðdáendur kunnu ekki að beygja nafnið og fóru gjarnan á böll með Landi og synum.“
*Sólmundur Hólm*

**Sigur Rós**
„Maður sér fyrir sér bæjarfulltrúa úti á landi.“
*Örn Úlfar Sævarsson*

**Hjaltalín**
„Þetta er svona krúttilgerð í ætt við Sigur Rós og virkar ekki lengur.“
*Mikael Torfason*

**8-villt**
„Temmilegasti aulahrollur.“
*Arnar Eggert Thoroddsen*

**Gildrumezz**
„Þarna vildi svo óheppilega til að það leiddu saman hesta sína meðlimir hljómsveita [Gildrunnar og Mezzoforte] sem hentuðu óvenju illa til nafnasamruna. Mun heppilegri samrunanöfn væru til dæmis Agent Írafár eða Retro Stjórnin.“ *- Ölvir Gíslason*




# GÆÐATÆKI

**Philips 42PFL5405H**
42" Full HD 1080p LCD sjónvarp með 1920x1080 upplausn, Pixel Plus HD, Progressive Scan, HD natural motion, 100Hz Clear LCD, 100.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ 159.995**
FULLT VERÐ 229.995




LED

**Philips 19PFL3405H**
19" LCD LED Active Matrix SJÓNVARP með 1366x768p upplausn, HD-Ready, 150.000:1 skerpu, Digital Crystal Clear, Nicam Stereó hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, HDMI ofl.

**TILBOÐ 69.995**
FULLT VERÐ 99.995




LED

**Philips 32PFL5605H**
32" Full HD LED LCD SJÓNVARP með 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD, 100Hz Clear LCD, HD natural motion, dýnamískri 500.000:1 skerpu, 40w RMS Virtual 2.1 hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ 132.995**
FULLT VERÐ 169.995




LED

**Philips 32PFL7605H**
32" Full HD LCD LED SJÓNVARP með 1920x1080p upplausn, Pixel Precise HD, 100Hz Clear LCD, AMBILIGHT SPECTRA 2 baklýsingu, HD natural motion, 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum háskerpu DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 4x HDMI, Net TV (YouTube o.fl) ofl.

ambi light

**TILBOÐ 169.995**
FULLT VERÐ 229.995




LED Pixel Precise HD Clear Sound DVB T/C solar zero 60%

**Philips 42PFL6805H**
42" Full HD LED SJÓNVARP með 1920x1080p upplausn, Pixel Precise HD, 100Hz Clear LCD, 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 20w RMS Invisible hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB - MP3, VGA, 2x Scart, 4x HDMI, JPEG og Video afspilun, CI/CI+ lesara ofl.

UMHVERFISVÆNSTA SJÓNVARPIÐ
EISA AWARD Best Product 2010-2011 GREEN TV Philips 42PFL6805

**TILBOÐ 219.995**
FULLT VERÐ 249.995



**Philips SA2ARA04K**
4GB Ariaz MP4 spilari með FullSound, 2.4" LCD skjá, diktafóni, RDS útvarpi, upptöku, USB 2.0 og rafhleðslu ofl.. 900 lög.

**TILBOÐ 16.995**
FULLT VERÐ 21.995



**Philips MC147**
Hljómgóð MÍKRÓSAMSTÆÐA með geislaspilara og FM útvarpi með stöðvaminnum, Dynamic Bass Boost, heyrnartólstengi ofl.

**TILBOÐ 14.995**
FULLT VERÐ 19.995



MÁ HENGJA Á VEGG

**Philips MC235B**
20w míkró SAMSTÆÐA með Dynamic Bass Boost, Digital Sound Control, útvarpi með minnum, vekjara, svefnrofa, rafdrifnu loki á spilara ofl.

**TILBOÐ 24.995**
FULLT VERÐ 27.995



**Philips DCM378**
160W MÍKRÓSAMSTÆÐA með geislaspilara, iPod-iPhone vöggu, FM útvarpi með minnum, Dynamic Bass Boost, Digital Sound Control, USB Direct ofl.

**VERÐ 49.995**
FRÁBÆRT VERÐ



TESTED ON ANIMALS
Freeride Legend and 3 time Big Mountain rider of the year
Jeremy Jones

PHILIPS | O'NEILL

**Philips SHO9560**
**The Stretch O'Neill** HEYRNATÓL fyrir þá kröfuhörðustu. Eru nánast óbrjótanleg. 5 stjörnu þægindi. Með Dynamic 40mm hátölurum, djúpum bassa, Neodymium, 12Hz - 24kHz, 32 Ohm, 105dB næmni, 24k gulltengi og Cable stress relief tengi. Vafinn slitsterkur 1.2m OFC kapall.

**VERÐ 19.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Blu-ray 3D | 3D ANGLED SPEAKERS | 1000w Total Power | DOLBY TRUE HD DIGITAL PRO LOGIC II | wireless REAR AUDIO ready | dlna | dts HD



**Philips HTS5580**
1000w 3D Blu-Ray HEIMABÍÓKERFI með Blu-Ray spilara, 1080p uppskölun, DTS-HD og Dolby TrueHD 5.1 Surround Sound,5 hátölarumog bassaboxi, Dolby Digital, Dolby TrueHD, Dolby Pro Logic II, DTS, DTS 96/24, USB 2.0 Flash drifi, HDMI, Audio Analogue, Audio Coaxial ofl.

**TILBOÐ 99.995**
FULLT VERÐ 119.995

*VAXTALAUS LÁN Í BOÐI*

**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500



# Sjónarhorn

Ljósmynd: Valgarður Gíslason

**STUND MILLI STRÍÐA**

Það var handagangur í öskjunni á Laufskálum í Grafarvogi, eins og flestum öðrum leikskólum, í vikunni þegar öskudagurinn var haldinn hátíðlegur. Þessi ungmenni vita þó að kapp er best með forsjá og töldu ráðlegast að rýna örlítið í heimsbókmenntirnar í fjörinu miðju.


## ATVINNULÍFIÐ OG KRÓNAN

Hvernig verður sambúðin á komandi árum?

Aðalfundur SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu, verður haldinn fimmtudaginn 17. mars kl. 14.00 í Gullteigi A, Grand Hóteli.








**Dagskrá:**

SPILUM SAMAN

| | |
|---|---|
| **14.00** | Setning fundar og kynning á nýju lógói |
| **14.05** | Annáll SVÞ 2010 |
| | Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri SVÞ |
| **14.15** | Hefðbundin aðalfundarstörf |
| **14.35** | Kaffihlé |
| **15.00** | Ávarp |
| | Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra |
| **15.10** | Ræða formanns |
| | Margrét Kristmannsdóttir, formaður SVÞ |
| **15.30** | Ásgeir Jónsson, hagfræðingur og lektor við HÍ |
| | **Lífið með höftunum – hvernig munu höftin móta efnahagslífið á næstunni?** |
| **16.00** | Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar Capital |
| | **Hvaða möguleikar eru í stöðunni?** |

**Fyrirspurnir og umræður**

| | |
|---|---|
| **16.30** | Gestum aðalfundar er boðið að þiggja léttar veitingar á Grand Hóteli. |

**Fundarstjóri:** Margrét Sanders, framkvæmdastjóri rekstrar Deloitte hf.

Skráning á **svth@svth.is** eða í síma **511 3000**.

ENNEMM / SIA / NM45760

SVÞ Samtök verslunar og þjónustu


Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1947

## Truman-kenningin lögð fram í Bandaríkjunum

**Bandaríkin taka sér stöðu gegn kommúnisma um heim allan**



HARRY TRUMAN OG GEORGE MARSHALL

Þennan dag árið 1947, fyrir réttum 64 árum, lagði Harry Truman Bandaríkjaforseti fyrir sameinað þing, opinbera stefnu um að Bandaríkin myndu styðja Grikkland og Tyrkland, bæði efnahagslega og hernaðarlega. Það var gert til að tryggja að ríkin tvö lentu ekki undir áhrifasvæði Sovétríkjanna sem höfðu þegar nánast innlimað flest ríki Austur Evrópu.

Þessi nýja hugmyndafræði fékk nafnið Truman-kenningin og fól í sér að Bandaríkjunum bæri að halda aftur af uppgangi kommúnisma út um allan heim.

Í ræðu sinni fyrir fulltrúadeild og öldungadeild bandaríska þingsþann 12. mars sagði Truman:

„Hinar frjálsu þjóðir heimsins horfa til okkar til að styðja við frelsi þeirra. Ef við bregðumst í leiðtogahlutverki okkar munum við stefna heimsfriði í hættu og hagsmunum okkar eigin þjóðar.“

Þessi ræða er oft talin marka upphaf kalda stríðsins þar sem samband Bandaríkjanna og Sovétríkjanna breyttist úr kyrrstöðu í baráttu um áhrif.

Einn angi af þessari nýju stefnu var tilkoma Marshall-aðstoðarinnar síðar sama ár, þar sem Bandaríkin studdu dyggilega við uppbyggingu ríkja Vestur-Evrópu eftir seinni heimsstyrjöldina. - þj

*Heimild: Truman Library*


LOUISIANA ELDAMENNSKA

í Perlunni 9.-13. mars




Veitingahúsið Perlan · Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is · Vefur: www.perlan.is

HÚSGAGNAHÖLLIN

# Marstilboð

## FLOTT HÚSGÖGN Á FRÁBÆRU VERÐI!



NÚNA 25% AFSLÁTTUR

LAZBOY

**ASPEN** La-z-boy stóll. Rautt, natur, svart eða rústrautt áklæði. B:85 D:85 H:100 cm.

**74.990**

FULLT VERÐ: 99.980



NÚNA 35% AFSLÁTTUR

LAZBOY

**MARTINI** La-z-boy stóll. Natur áklæði. B:84 D:80 H:101 cm.

**69.990**

FULLT VERÐ: 109.980



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

**ARINN 7100** Ashley Complete. Hvítur eða mahogany. B:122 D:35 H:106 cm.

**79.990**

FULLT VERÐ: 119.990



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

NÚNA 20% AFSLÁTTUR

**19.990**

FULLT VERÐ: 29.990

**LENE** eldhúsborð, hvítt. 120 x 76 cm.

**7.990**

FULLT VERÐ: 9.990

**MARCUS** eldhússtóll, grænn, gulur, hvítur, svartur, grár eða lilla.



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

**BODUM SANTOS** 8 bolla kaffikanna. Kr. **7.990** fullt verð kr. ~~11.990.~~



NÚNA 40% AFSLÁTTUR

**SPIZY** thermo glös. 2 stk. Hvít og svört. Kr. **2.990** fullt verð Kr. 4.490.



NÚNA 50% AFSLÁTTUR

**CAYENNE** stóll með snúningsfæti. Svart áklæði.

**49.990**

FULLT VERÐ: 99.990



NÚNA 50% AFSLÁTTUR

**SPIZY VASI** Hvítur, silfur eða svartur. Kr. **3.495** fullt verð kr. ~~6.990.~~



NÝTT

NÚNA 25% AFSLÁTTUR

**FARO** hornsófi, grátt áklæði. 232x232 H:76 cm.

**199.990**

FULLT VERÐ: 269.990



NÝTT

NÚNA 20% AFSLÁTTUR

**SVEN** hægindastóll. Grátt áklæði. B:62 D:70 H:105 cm.

**69.990**

FULLT VERÐ: 89.990



NÚNA 25% AFSLÁTTUR

**UMBRIA** tungusófi. Grátt áklæði. B:245 D:88/163 H:80 cm. Fæst með vinstri eða hægri tungu.

**159.990**

FULLT VERÐ: 219.990

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10 - 18. laugard. 12 - 18. sunnud. 13 - 17.

EXPO - www.expo.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ÞÓRBERGUR ÞÓRÐARSON RITHÖFUNDUR** (1888 eða 9-1974) átti afmæli þennan dag.

*„Ríki vísindamannsins er bæði af þessum heimi og öðrum. Hann hangir í lausu lofti milli tveggja heima.“*




†

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför vinar okkar og frænda,*

**Þórólfs Valgeirs Þorleifssonar**

Blikahólum 12, Reykjavík.

**Ingibjörg Benónísdóttir**
**Matthildur Eiríksdóttir**
**systkinabörn og aðrir aðstandendur**





†

*Okkar ástkæri*

**Ólafur Agnar Jónasson**

fyrrverandi yfirflugvélstjóri,

verður jarðsunginn frá Fossvogskapellu miðvikudaginn 16. mars kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítalasjóð Hringsins.

**Guðrún Jónsdóttir**
**Ása Jónsdóttir** **Guðmundur Hannesson**
**Óli Hilmar Briem Jónsson** **Kristín Salóme Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**





†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Erna E. Olsen**

Eiðistorgi 5, Seltjarnarnesi,

sem lést 5. mars, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni mánudaginn 14. mars kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á FAAS – samtök aðstandenda Alzheimersjúklinga. Við viljum þakka Jóni Snædal lækni og starfsfólki Landakotsspítala, deild L-4, fyrir alúðlega og hlýja umönnun.

**Jón Ágúst Ólafsson**
**Ellen Ragnheiður Jónsdóttir** **Hjörtur Cyrusson**
**Arnar Jónsson** **Steinunn H. Hannesdóttir**
**Róbert Jónsson**






**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

**www.utfarir.is • runar@utfarir.is**

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990





# 70 ára afmæli

**Jón Marteinn Guðröðarson**

Ég er að verða 70 ára og af því tilefni verður síðasta sjóferðin.

Það verður ýtt úr vör í þessa ferð 19. mars frá Haukahúsinu í Hafnarfirði.

Brottför áætluð kl. 19.00. Þeir sem vilja vera í áhöfn eru vinsamlegast beðnir um að lögskrá sig og sína sem fyrst á jonmartein@gmail.com eða sms 862 5008, sími 845 3555

Kveðja
Jón Marteinn Guðröðarson


PÁLL MAGNÚSSON BÆJARRITARI KÓPAVOGS: ER FERTUGUR Í DAG

# Sé fólkið í kringum mig eldast



**BÆJARRITARINN FERTUGUR** „Þar sem göturnar Ástún og Daltún eru nú stóð býlið Ástún. Við krakkarnir kölluðum það svæði alltaf Biggatún eftir bóndanum á bænum og sóttum mikið þangað,“ rifjar Páll upp um æskuárin í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég býst við að gera mér einhvern dagamun en hann verður á hóflegu nótunum,“ segir Páll Magnússon, bæjarritari Kópavogs, sem stendur á fertugu í dag. Hann kveðst ekki eiga von á neinum stórum breytingum við það að komast yfir á fimmtugsaldurinn. „Það er líkt með mig og marga aðra að ég tek ekkert eftir því að ég eldist. Sé bara fólk í kringum mig stækka og eldast,“ bætir hann við glaðlega og á þar eflaust ekki síst við strákana sína, Magnús Má tólf ára og Pétur Arnar sjö ára, sem hann á með konu sinni Aðalheiði Sigursveinsdóttur.

Hjarta Páls slær í Kópavoginum. Þar hefur hann verið bæjarritari frá 2006. Bernskuheimili hans stóð við Lundarbrekkuna og nú er hann kominn upp í efri byggðir bæjarins, nánar tiltekið í Salahverfið. „Þar er sko alvöru vetur núna,“ segir hann hlæjandi.

Þótt Páll sé ungur enn segir hann hafa verið öðruvísi umhorfs í Austurbæ Kópavogs þegar hann var strákur en nú er. Þéttbýlið hafi til dæmis ekki náð niður fyrir Nýbýlaveg. „Þar sem göturnar Ástún og Daltún eru stóð býlið Ástún. Við krakkarnir kölluðum það svæði alltaf Biggatún eftir bóndanum á bænum og sóttum mikið þangað, fengum aðeins að kynnast búskapnum og lékum okkur á túninu,“ rifjar hann upp. „Níu ára var ég reyndar sendur í alvöru sveit og var fimm sumur í Breiðafirðinum hjá frænda mínum, fyrst eitt á Hvallátrum og svo fjögur í Flatey. Þar voru kýr og kálfar en féð var að mestu farið í sumarhagann þegar ég kom vestur á vorin. Þarna var líka eggja- og dúntekja og veiðar bæði á fugli og fiski, mjög fjölbreytt líf sem ég tók þátt í eftir því sem ég hafði vit og getu til og þykir gaman að hafa kynnst.“

Í Flatey kveðst Páll hafa búið í Pósthúsinu er stendur á brekkubrúninni þar sem gatan liggur ofan í Þorpið. „Þangað kom fólk sem var í sumarhúsunum til að hringja og fá póstafgreiðslu,“ rifjar hann upp.

Páll á að baki hefðbundna skólagöngu í Snælandsskóla og varð stúdent frá Menntaskólanum í Kópavogi. Hann er einnig með BA-próf í guðfræði og meistaragráðu í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands. Nítján ára var hann kominn á kaf í pólitík. „Það var eiginlega óvænt,“ segir Páll, sem var þriðji maður á lista Framsóknar í Kópavoginum fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 1990 og sat sem varabæjarfulltrúi tvö kjörtímabil. Árið 1999 varð hann aðstoðarmaður ráðherra í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu og starfaði þar með þremur ráðherrum. „Áhugi á pólitík hafði fylgt mér frá barnæsku enda var faðir minn, Magnús Bjarnfreðsson, bæjarfulltrúi í Kópavogi á sínum tíma,“ segir hann en tekur fram að hann sé ekki í pólitísku starfi í dag. „Ég kúplaði mig að mestu út úr stjórnmálunum 2006 en það er vissulega erfitt að má af sér stimpilinn.“

gun@frettabladid.is




†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Guðjón Viggó Guðmundsson**

sjúkraliði, áður til heimilis í Mosfellsbæ,

lést á heimili sínu í Horsens í Danmörku fimmtudaginn 10. mars.

**Lára Ólafsdóttir**
**Greta Guðjónsdóttir** **Ólafur Ingvar Guðjónsson**
**Salgerður Jónsdóttir** **Ólafur Ásmundsson**
**Lára Vigdís Ólafsdóttir** **Guðjón Valur Ólafsson**





†

*Elskulegur bróðir okkar,*

**Oddur Helgason**

mjólkurfræðingur frá Gvendarstöðum, síðast til heimilis að Hraunbæ 150,

lést að Sóltúni þann 6. mars. Útförin fer fram frá Lágafellskirkju kl. 15.00 þriðjudaginn 15. mars. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Hjúkrunarheimilið Sóltún.

**Rannveig Helgadóttir**
**Jórunn Helgadóttir**
**Kristín Helgadóttir**





†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Nönnu Helgu Ágústsdóttur**

til heimilis á Hrafnistu, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á deild 2B á Hrafnistu fyrir frábæra umönnun og hlýhug.
Fyrir hönd fjölskyldunnar,

**Margrét Ámundadóttir** **Guðmundur Gunnar Einarsson**
**Jón Örn Ámundason** **Erna Hrólfsdóttir**





†

*Minningarathöfn um elskulega systur okkar,*

**Önnu Guðnýju Brandsdóttur Olsson**

fyrrv. ballettdansara í Svíþjóð,

sem andaðist hinn 24. febrúar sl., verður í Lágafellskirkju föstudaginn 18. mars kl. 15.00. Jarðsett verður frá Barkåkrakirkju í Skepparkroken kl. 13.00 sama dag.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Margrét Brandsóttir**
**Guðrún Brandsdóttir**

TILBOÐIN GILDA 12.03 - 13.03

# ALLT TIL ALLS!




MYRKVUNAR- GARDÍNA FRÁ: **2.495,-**




MYRKVUNAR- GARDÍNA FRÁ: **1.995,-**

**DARK myrkvunargardínur**
Þykkar og góðar myrkvunargardínur. Litur: Hvítt. Stærðir: 60 x 170 sm. **2.495,-** 80 x 170 sm. **2.695,-** 100 x 170 sm. **3.295,-** 110 x 170 sm. **3.495,-** 120 x 170 sm. **3.695,-** 140 x 170 sm. **4.295,-** 150 x 170 sm. **4.695,-** 160 x 170 sm. **5.295,-** 180 x 170 sm. **5.695,-** 200 x 170 sm. **5.995,-** 150 x 250 sm. **5.995,-** 90 x 250 sm. **3.995,-**

**MEGAN myrkvunargardínur**
Góðar myrkvunargardínur, fást í svörtu og beige. Stærðir: 80 x 170 sm. **1.995,-** 100 x 170 sm. **2.295,-** 120 x 170 sm. **2.695,-** 140 x 170 sm. **2.995,-** 180 x 170 sm. **3.995,-** 90 x 210 sm. **2.495,-**

**Tjull metravara**
Margir flottir litir. Komdu og skoðaðu úrvalið. Breidd á efni: 130 sm. Frábært fyrir fermingarnar!



20% AFSLÁTTUR

TJULL VERÐ PR. MTR. **499,-**

**Velourefni**
Fallegt velourefni. Nokkrir litir fáanlegir. Breidd á efni: 150 sm. 100% polyester.

ÁÐUR PR. MTR. 695,- **556,-**



BARNAÚLPA ÁÐUR: 7.995,- **5.995,-**

ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR

BARNA- SNJÓBUXUR ÁÐUR: 3.895,- **2.995,-**

**KIND úlpa og snjóbuxur**
Góðar og vandaðar úlpur og buxur á börn og fullorðna.
Úlpa barnastærð: 140 - 170 áður **7.995,-** Nú **5.995,-**
Snjóbuxur barnastærð: 120 -170 **3.895,-** Nú **2.995,-**
Úlpa fullorðinsstærð: S-XXL áður **9.995,-** Nú **7.995,-**
Snjóbuxur fullorðinsstærð: **4.495,-** Nú **3.995,-**



50% AFSLÁTTUR

ÁÐUR: 7.995,- **3.995,-**

**BRUNSTRIPE thermosæng**
Góð sæng á frábæru tilboði! Stærð: 140 x 200 sm.

**Kuldastígvél**
Loðfóðruð, ítölsk gæða kuldastígvél á börnin. Svört stærðir: 21-39. Rauð stærðir: 21-35.



20% AFSLÁTTUR

KULDA- STÍGVÉL ÁÐUR: 4.995,- **3.995,-**



1 STK. **139,-**

**Ilmkerti**
Mikið úrval af ilmandi kertum. Frábært verð! 1 stk. **139,-** 9 stk. **995,-**



VERÐ PR. MTR. FRÁ: **995,-**

**Fataefni**
Fataefnin loksins komin aftur! Eigum jogging-, stroff-, viscose- og rayonefni í miklu úrvali. Komdu og skoðaðu úrvalið. Frábært verð!

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



ÁÐUR: 1.495,- **995,-**

33% AFSLÁTTUR

**Viðararinkubbar**
Fullur poki af góðum viðararinkubbum á frábæru verði!



*Innilegar þakkir fyrir samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar minnar kæru systur,*

**Guðrúnar Eyjólfsdóttur**

frá Hofi í Öræfum, síðar Dalbraut 27, Reykjavík. Sérstakar þakkir til starfsfólks Hólabæjar í Skógarbæ, starfsfólks Dalbrautar 27 og starfsfólks Landspítala B-5, Fossvogi.

**Guð blessi ykkur.**

**Þuríður Eyjólfsdóttir**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Anna Júlía Magnúsdóttir**

frá Siglufirði,

lést 6. mars. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 14. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Orgelsjóð Siglufjarðarkirkju, reikn.nr. 1102-05-400780 kt. 560269-0809.

**Skúli Guðbrandsson** **Þóra Björg Guðmundsdóttir**
**Hildur Guðbrandsdóttir** **Ævar Sveinsson**
**Anna Gígja Guðbrandsdóttir** **Haraldur Eiríksson**
**Magnús Guðbrandsson** **Jónína G. Ásgeirsdóttir**
**Kristín Guðbrandsdóttir** **Friðbjörn Björnsson**
**Filippía Þóra Guðbrandsdóttir**
**Þorsteinn Guðbrandsson** **Margrét Ericsdóttir**
**og ömmubörn**

---



*Ástkær eiginkona, móðir, dóttir, amma og systir,*

**Matthildur Sigurjónsdóttir**

Laugarnesvegi 85a,

sem lést mánudaginn 7. mars, verður jarðsungin frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 15. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast Matthildar er bent á Heimahlynningu Landspítala og/eða Krabbameinsfélagið.

**Fyrir hönd ástvina,**

**Börkur Bragi Baldvinsson**
**Breki Mar Barkarson**
**Íris Katrín Barkardóttir**
**Sigurjón Mar Barkarson**
**Ragnheiður Sigurðardóttir**

---



*Ástkæra eiginkonan mín, móðir, tengdamóðir, fósturmóðir, amma og langamma,*

**Ásta Björnsdóttir**

Leirubakka 30, 109 Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum laugardaginn 5. mars, verður jarðsungin frá Breiðholtskirkju í Mjódd mánudaginn 14. mars kl. 13.00.

**Guðjón Sveinbjörnsson**
**Björn S. Stefánsson** **Þorgerður Sigurjónsdóttir**
**Stella Stefánsdóttir** **Ásmundur Reykdal**
**Hulda Sigurvinsdóttir** **Halldór Sigurðsson**
**Logi A. Guðjónsson** **Jóhanna Jóhannesdóttir**
**Sveinbjörn Guðjónsson**
**Guðmundur Guðjónsson**
**Jón Ívar Guðjónsson**
**Árný J. Guðmundsdóttir** **Jóhann T. Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Alúðarþakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Bjarna Arasonar**

Þórólfsgötu 15, Borgarnesi.

**Kristín Haraldsdóttir,**
**Haraldur Bjarnason ,** **Katrín Regína Frímannsdóttir**
**Sigríður Bjarnadóttir,**
**Ari Bjarnason,** **Fanný Berit Sveinbjörnsdóttir**
**Bjarni Haraldsson, Kolbrún Stella Karlsdóttir,**
**Kristín Haraldsdóttir, Haraldur Ari Karlsson,**
**Tinna Björk Aradóttir, Karólína Haraldsdóttir,**
**Brynja Aud Aradóttir, Bjarni Arason,**
**Karl Jóhann Örlygsson.**

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Steinunnar Jónsdóttur**

frá Suðureyri við Tálknafjörð.

Sérstakar þakkir færum við Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi.

**Svanhildur Jóhannsdóttir**
**Bryndís Jóhannsdóttir** **Þorgeir Þorvaldsson**
**Jón Jóhannsson**
**Jónína Jóhannsdóttir** **Guðmundur Valtýsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Helgu S. Þorsteinsdóttur**

frá Bessastöðum.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga fyrir góða umönnun.

**Ólöf Pálsdóttir**
**Högni Ófeigur Einarsson** **Guðbjörg Ester Einarsdóttir**
**Bjarni Þór Einarsson** **Árndís Alda Jónsdóttir**
**Jón Ingi Einarsson** **Vinbjörg Ásta Guðlaugsdóttir**
**Þorsteinn Einarsson** **Kari Nedgaard**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, ömmu og langömmu,*

**Margrétar Eyþórsdóttur**

**Ástríður Gunnarsdóttir** **Trausti Gunnarsson**
**Sesselja Gunnarsdóttir** **Eggert Kristinsson**
**Ingibjörg Jóna Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



*Þökkum innilega öllum þeim sem auðsýndu okkur samúð við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Margrétar Sigurðardóttur**

Dalbraut 27, Reykjavík.

**Björg Helgadóttir**
**Hróðmar Helgason** **Yrsa Björt Löve**
**Sigríður Hrönn Helgadóttir** **Jónas Ingi Ketilsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Halldóra Jóna Stefánsdóttir**

(áður Dunhaga 13, Reykjavík)

lést á hjúkrunarheimili DAS, Boðaþingi 5, Kópavogi, 8. mars síðastliðinn. Útförin fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 22. mars nk. kl. 13.00.

**Emil Brynjar Karlsson** **Sigrún Sigtryggsdóttir**
**Anna Sigríður Karlsdóttir** **Bjarni Rúnar Þórðarson**
**Örn Karlsson** **Siriworraluck Boonsart**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Leifs S. Halldórssonar**

skipstjóra.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heimahlynningar LSH fyrir einstaka alúð og umhyggju.

**Matthildur S. Leifsdóttir** **Ingólfur Stefánsson**
**Þorgrímur Leifsson** **Guðlaug Stella Brynjólfsdóttir**
**Steingrímur Leifsson** **Margrét Gylfadóttir**
**Úlfhildur Á. Leifsdóttir** **Gunnar Tryggvason**
**og barnabörn**

---



*Þökkum öllum vinum og vandamönnum samúð og hlýhug vegna andláts móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Erlu Guðrúnar Ísleifsdóttur**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Fríðuhúss og starfsfólks deildar 4B á Landspítala í Fossvogi fyrir alúð og einstaklega góða umönnun.

**Arnfríður Ólafsdóttir** **Þórður Sverrisson**
**Ísleifur Ólafsson** **Erna Kristjánsdóttir**
**Sigríður Ólafsdóttir** **Þorkell Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður og afa,*

**Þórðar Friðjónssonar**

forstjóra Kauphallar Íslands.

**Ragnheiður Agnarsdóttir**
**Steinunn Kristín Þórðardóttir** **Antonios Koumouridis**
**Friðjón Þórðarson** **Hrefna L. Heimisdóttir**
**Haraldur Ingólfur Þórðarson** **Ragnhildur Þ. Ágústsdóttir**
**Sigríður Þórðardóttir** **Sævar Birgisson**
**Óliver Dagur Thorlacius**
**Auður Ólöf Þórðardóttir**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



skemmtilegri
SPENNAN MAGNAST Í MARS
HAMINGJAN SANNA
glee
American Idol
how i met your mother
THE EVENT
GREY'S ANATOMY
BONES
PRESSA
HEFST 20. MARS
BARNASTÖÐIN
JimJam
FYLGIR FRÍTT MEÐ STÖÐ 2 Í MARS
VILD
allt fyrir áskrifendur
ÞÚ SAFNAR PUNKTUM Á MEÐAN ÞÚ HORFIR!
Fyrir 229 krónur færð þú:
TERTUSNEIÐ Í BAKARÍI
EÐA
6 MÍNÚTUR Í KEILU
EÐA
EINN BARNAÍS
EÐA
VHS SPÓLU Í KOLAPORTINU
EÐA
FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag. Tryggðu þér áskrift í dag!
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**WWW.CRUCIAL-CREW.ORG/WHAT-IF/** er erlend vefsíða fyrir krakka þar sem hægt er að æfa viðbrögð við ýmsum hættum.




# LANGAR AÐ LEIKA BOND

**Valgeir H. Skagfjörð fer á kostum í bíómyndinni Okkar eigin Osló, sem er nú í bíóum víðs vegar. Þrátt fyrir að vera bara 13 ára hefur hann leikið heilmikið.**

***Hvenær byrjaðir þú að leika?***
Ég bara man það ekki. Það hefur verið í einhverju skólaleikriti fyrir löngu síðan. En ég byrjaði að fara á leiklistarnámskeið hjá Leynileikhúsinu þegar ég var 9 ára. Þar var ég í þrjár annir og svo eina önn í Borgarleikhúsinu.

***Hvert var fyrsta hlutverkið?***
Fyrsta hlutverkið sem ég fékk eftir að hafa farið í prufu var rosa skemmtilegt í mjög skrítnu leikriti. Ég lék pabba sem átti son sem var að fara að gifta sig. Svo fór allt í steik og meðal annars voru plöntur á sviðinu sem voru að borða alla. Vinir og ættingjar mínir eru enn að tala um hvað þetta hafi verið skemmtilega skrítið og fyndið.

***Hvert er eftirminnilegasta hlutverk þitt, fyrir utan bíómyndina?*** Ég verð að segja að það var skemmtilegast að fá að leika Hrapp í Óliver Twist í Þjóðleikhúsinu árið 2009. Það er örugglega það skemmtilegasta sem ég hef gert í mínu litla lífi.

***Ætlarðu að verða leikari?*** Ég er ekki alveg viss, ég þarf að hugsa það. En ég er svo ungur að ég hef nægan tíma til að ákveða mig.

***Okkar eigin Osló er fyrsta myndin sem þú leikur í. Varstu stressaður fyrir framan myndavélarnar?*** Nei, ég var ekkert stressaður því það var svo skemmtilegt og gott fólk sem ég var að vinna með. Myndatökumennirnir, leikstjórinn, hinir leikararnir, sminkurnar, þetta var allt svo yndislegt fólk þannig að þetta var bara eins og að teikna á blað, auðvelt og skemmtilegt.

***Var ekkert erfitt að leika á móti öllum þessum stjörnum?***
Nei, nei. Alls ekki. Þau er öll svo frábær. Svo þekkti ég líka Þorstein fyrir. Hann er giftur einni af bestu vinkonum mömmu og hann er svo skemmtilegur að ég vissi alveg að þetta yrði ekkert mál.

***Fór einhvern tímann eitthvað úrskeiðis við tökur á myndinni?***
Þetta gekk allt rosalega vel og það voru engin stór vandamál. Í einu atriðinu fór ég reyndar alltaf að hlæja þegar ég átti ekki að hlæja, þegar ég var að leika á móti Maríu Hebu Þorkelsdóttur.

Svo var reyndar eitt atriði, svona matarboð, þar sem ég átti að vera að borða snakk. Fyrst var ég rosalega ánægður með að fá að borða snakk og drekka kók í senunni en eins og oft þá þurfti að taka senuna upp oft. Alla vega tíu sinnum eða oftar. Ég borðaði og borðaði og þegar við vorum búin þurfti ég að hlaupa út og ældi næstum því. Stóð bara þarna og kúgaðist, var búinn að borða allt of mikið af snakki.

***Hvað ráðleggur þú þeim krökkum að gera sem langar að leika?***
Farið í Leynileikhúsið. Það er algjör snilld. Þar eru frábærir kennarar og rosalega skemmtileg námskeið. Krakkarnir eru líka æðislegir. Svo er líka að fylgjast vel með og fara í prufur. Það gengur kannski ekkert alltaf en maður fær reynslu í hvert skipti sem maður fer.

***Að lokum, ef þú mættir leika hvaða hlutverk sem er, hvaða hlutverk myndir þú vilja leika?*** Ef ég væri ógeðslega massaður, ógeðslega nettur og rosa kynþokkafullur, þá væri ég alveg til í að leika James Bond.



> Ég verð að segja að það var skemmtilegast að fá að leika Hrapp í Óliver Twist í Þjóðleikhúsinu árið 2009. Það er örugglega það skemmtilegasta sem ég hef gert í mínu litla lífi.



## BRANDARAKISTAN

**Magga fór að kaupa skó. „Hvernig eru þessir?" spurði skókaupmaðurinn. „Þeir eru dálítið þröngir," sagði Magga. „Prófaðu að toga tunguna út," sagði skókaupmaðurinn. „Nei, þeið eðu ennþá þöngið," sagði Magga.**

**Örn Ingi og Ari voru að tala saman um mat. Örn: -Ég er búinn að borða nautakjöt alla mína ævi og er sterkur eins og naut! Ari: -Skrítið, ég hef borðað fisk alla mína ævi og ég kann samt ekki að synda!!!**

**Móðir við son sinn: Jón læsti lyklana sína inni í bílnum í gær. Við vorum öll mjög áhyggjufull vegna þess að það tók tvo tíma að ná okkur pabba þínum út.**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***


## Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.




Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

vísir.is
„...ég sá það á vísi"


## SPURNINGALEIKUR

1. Hvenær sást Mikki mús fyrst opinberlega?
2. Hvenær á hann afmæli?
3. Hvað hét myndin sem hann birtist í?
4. Hvernig leit hann upphaflega út?
5. Hverjir eru helstu félagar Mikka?
6. Hvað er Mína mús gömul?
7. Hvað hefur Mikki mús kom fram í mörgum þáttum?



**Svör:**
1. Í teiknimynd árið 1928, eða fyrir heilum 83 árum!
2. Hann á afmæli hinn 18. nóvember.
3. Gufubáturinn Villi var fyrsta hljóðteiknimyndin.
4. Hann var með alsvört augu og fékk ekki hvítu í augun fyrr en árið 1938, þegar hann var tíu ára gamall. Ástæðan var sú að Andrés Önd var þá orðinn vinsæll og rétt þótti að lappa upp á útlit Mikka. Um leið fékk hann betri föt.
5. Hann hangir oftast með Guffa, Plútó og Mínu mús, sem jafnframt er kærastan hans.
6. Mikki mús og Mína mús eru nákvæmlega jafngömul, 83 ára. Þau komu bæði í fyrsta skipti fram í teiknimyndinni Gufubáturinn Villi.
7. Hann hefur komið fram í yfir 150 þáttum og óteljandi blöðum.

# 20% afsláttur
## af völdum LEGO vörum á dönskum dögum




VERÐDÆMI
LÖGGUSTÖÐ
**7.999kr**
verð áður 9.999kr

VERÐDÆMI
ATLANTIS HOF
**11.599kr**
verð áður 14.499kr

VERÐDÆMI
LÖGGUSTÖÐ
**11.999kr**
verð áður 14.999kr

VERÐDÆMI
MÓTORHJÓL
**5.919kr**
verð áður 7.399kr

VERÐDÆMI
GEIMSKIP
**5.591kr**
verð áður 6.989kr

VERÐDÆMI
SORPVINNSLA
**7.919kr**
verð áður 9.899kr

VERÐDÆMI
KAPPAKSTUR
**1.599kr**
verð áður 1.999kr

24 Hagkaup **OPIÐ** ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 20. mars á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## krossgáta



**LÁRÉTT**
2. fituskán, 6. í röð, 8. temja, 9. keyra, 11. hvort, 12. mæling, 14. slór, 16. nafnorð, 17. í viðbót, 18. spræku, 20. óreiða, 21. spyrja.

**LÓÐRÉTT**
1. íþróttafélag, 3. guð, 4. ýtinn, 5. kóf, 7. hvasst horn, 10. sóða, 13. líða vel, 15. kofi, 16. neitun, 19. ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. brák, 6. rs, 8. aga, 9. aka, 11. ef, 12. mátun, 14. hangs, 16. no, 17. auk, 18. ern, 20. rú, 21. inna.
**LÓÐRÉTT:** 1. fram, 3. ra, 4. ágengur, 5. kaf, 7. skáhorn, 10. ata, 13. una, 15. skúr, 16. nei, 19. nn.









# Ættjarðarást bankastjóranna

**BAKÞANKAR**
**Atla Fannars Bjarkasonar**



Laun íslensku bankastjóranna eru byrjuð að mjakast í þá átt sem þau voru þegar smjör lak hér af hverju strái. Við hljótum því að eiga von á hagstæðari lánakjörum og betri vöxtum. Er það ekki annars? Ég bíð allavega spenntur og er byrjaður að leita að íbúð til að yfirbjóða.

**EN** taktleysi bankastjóranna ásamt fullkomnum skorti á auðmýkt og prinsippum hefur sína kosti. Íslenska ríkið á ekki nema 13 prósenta hlut í Arion banka á móti erlendum kröfuhöfum og aðeins fimm prósent í Íslandsbanka. Útlendingar sjá því að mestu um að dæla peningum í ríkissjóð í gegnum völundarhús skattkerfisins. Það hlýtur að vera jákvætt. Mmmm… Peningar.

**ÞAÐ** má því velta fyrir sér hvort tær ættjarðarást hafi rekið fulltrúa ríkisins í að rétta upp hendur þegar bankaráðin tóku launahækkanirnar fyrir. Ást á ættjörðinni og fólkinu sem byggir hana hefur eflaust líka orðið til þess að bankastjórarnir fóru fram á milljónir í mánaðarlaun.

**LAUNAMÁL** íslensku bankastjóranna minna mig á vandræði bandaríska þingmannsins Newts Gingrich, sem þurfti að svara fyrir flókin ástamál sín á dögunum. Hann hafði haldið framhjá krabbameinssjúkri eiginkonu sinni til 19 ára, yfirgefið hana og hafið nýtt líf með viðhaldinu. Átján árum síðar greindist hún með MS og hann beið ekki boðanna, heldur hélt einnig framhjá henni áður en hann yfirgaf hana og kvæntist í þriðja sinn.

**SPURÐUR** út í tilhneiginguna til að yfirgefa veikar eiginkonur sínar bar hann fyrir sig óstjórnlega ást – ekki á kvenfólki heldur landi sínu. „Það leikur enginn vafi á því að á tímabili lagði ég of hart að mér, knúinn áfram af ættjarðarást, og ýmislegt óviðeigandi gerðist,“ sagði hann af auðmýkt í viðtali um málið.

**ÞAÐ** getur reynst yfirþyrmandi að búa yfir svona mikilli ást. Það vita Newt Gingrich, Höskuldur H. Ólafsson og Birna Einarsdóttir. Guð blessi þau.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




ÆFÐU MEIRA!
NÁÐU ÁRANGRI MEÐ INTERSPORT!
FRÁBÆRT TILBOÐ!
Skoðaðu fleiri vörur á
www.intersport.is
ADIDAS URAHA 2
Hlaupaskór með adiPRENE-dempun í hæl. Herrastærðir.
9.990
(fullt verð 13.990)
3.990
(fullt verð 5.990)
ADIDAS RESPONSE LS 1/2 ZIP
Hlaupabolur úr teygjanlegu ClimaCool-efni með góðri öndun. Herrastærðir
6.990
FRÁBÆRT VERÐ!
ADIDAS RESPONSE LONG TIGHT
Hlaupabuxur úr teygjanlegu ClimaCool-efni með góðri öndun. Herrastærðir.
6.990
ADIDAS 3/4 PANT BTS
Kvartbuxur með netfóðri.
Litir: Svartar, hvítar. Herrastærðir.
6.990
FRÁBÆRT VERÐ!
ADIDAS PANT CL 3S
Íþróttabuxur með netfóðri. Herrastærðir.
1.990
(fullt verð 2.990)
ADIDAS LINES WHEELY
Stuttermabolur úr bómull. Litir: Svartur, rauður. Herrastærðir.
3.990
ADIDAS DURAMO SLIDE
Fótlaga inniskór. Mega blotna í sturtu.
Litir: Rauðir, svartir.
FRÁBÆRT VERÐ!
INTERSPORT
AKUREYRI SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 LINDUM SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
SELFOSSI SÍMI 480 4611 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 SMÁRALIND SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

# menning

menning@frettabladid.is

**AUKASÝNING Á SINNUM ÞRÍR** Lokasýning á sýningu Íslenska dansflokksins „Sinnum þrír“ verður annað kvöld. Sýningunni, sem samanstendur af þremur verkum, hefur verið vel tekið og því var bætt við aukasýningu sem jafnframt er lokasýning.

OKKAR Framtíð fyrir „efin“ í lífinu og fjárhag fullorðinsáranna

Er þitt barn okkar barn?

OKKAR Framtíð er ný og kærkomin trygging sem snýst um „efin“ í lífi barna okkar og ungmenna og fjárhag þeirra á fullorðinsárum. Allar upplýsingar eru á vefsetrinu okkar.is og þar er unnt að ganga frá tryggingarkaupum með einföldum hætti.

zebra

okkar

TJARNARBÍÓ

LOKASÝNING! 12
Súldarsker

SÍÐUSTU SÝNINGAR! 13|17
Svikarinn

NÆSTA VIKA: 18
Söngleikjastund með Margréti Eir
Perlur söngleikjanna í tali og tónum
MATUR OG TÓNLIST

NÁNAR Á WWW.TJARNARBIO.IS

Miðasalan er opin alla virka daga frá kl. 13-15
Sími: 527 2100
www.tjarnarbio.is

TJARNARBÍÓ
Tjarnargötu 12 - 101 Reykjavík

GERÐUBERG Menningarmiðstöð 2011

Verið velkomin á opnun sýningarinnar

IS (not) | ( EI ) land



laugardaginn 12. mars kl. 16
í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi.

Á sýningunni getur að líta afrakstur af samstarfi pólskra ljósmyndara og íslenskra rithöfunda sem ferðuðust um Ísland sumarið 2010.

www.sputnikphotos.com

Menningarmiðstöðin Gerðuberg | Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík
Sími 575 7700 | gerduberg@reykjavik.is | www.gerduberg.is

i Vesterveg

Samvinna listamanna og safna frá Shetlandi, Færeyjum, Danmörku, Íslandi og Noregi.

Málfríður Aðalsteinsdóttir
Johannes Vemren-Rygh
Elsie-Ann Hochlin
Kristín Reynisdóttir
Guðjón Ketilsson
Roxane Permar
Barbara Ridland




Síðasta sýningarhelgi.

Sýningarsalir Norræna hússins eru opnir 12.00–17.00
Aðgangur ókeypis, allir velkomnir.

Norræna húsið
Sturlugata 5
101 Reykjavík
norraenahusid.is

NORRÆNA HÚSIÐ



Konur og vatn Agnieszka Rayss og Sigurbjörg Þrastardóttir unnu saman að seríu um vatn. Sigurbjörg valdi meðal annars ljóð eftir önnur skáld þar sem vatn kom við sögu við myndir Agnieszku. LJÓSMYND/RAFAL MILACH

# Ísland gegnum pólska linsu

**IS(not) eða (EI)land er yfirskrift samsýningar pólskra ljósmyndara og íslenskra rithöfunda sem opnuð verður í Listasafni Árnesinga og Gerðubergi í dag. Ljósmyndararnir og rithöfundarnir ferðuðust saman um Ísland í pörum og má sjá afrakstur ferðalaganna á sýningunni.**

Ræðismaður Póllands á Íslandi opnar sýninguna Is(not) á Listasafni Árnesinga í Hveragerði klukkan 14 í dag. Tveimur tímum síðar verður annar hluti sýningarinnar opnaður í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi í Breiðholti. Sýningin er afrakstur samstarfs fimm pólskra ljósmyndara og jafn margra íslenskra rithöfunda, sem ferðuðust saman í pörum um Ísland í fyrra.

„Ég fékk símtal frá íslenskri konu sem hefur unnið mikið í alþjóðlegum samskiptum,“ segir Sigurbjörg Þrastardóttir rithöfundur um hvernig samstarfið bar að. „Hún hafði séð sýningu og komist í kynni við þessa pólsku listamenn og þeir höfðu mikinn áhuga á að koma til Íslands. Hún leitaði til mín og spurði hvort ég gæti komið þeim í samband við blaðamenn og/eða rithöfunda sem væru reiðubúnir að vinna með þeim að þessu verkefni. Ég lagði til nokkur nöfn, þar á meðal sjálfa mig. Huldar Breiðfjörð var að vísu kominn í spilið eftir öðrum leiðum en hann var hvort eð er líka á mínum lista.“

Ljósmyndarar og rithöfundar völdust saman eftir hugðarefnum ljósmyndaranna.

„Þau höfðu ákveðnar hugmyndir um hvað þau vildu fjalla um, þótt það hafi að vísu tekið breytingum. Agnieszka Rayss, sem ég vann með, vildi til dæmis fjalla um konur og vatn en féll síðan frá kvennavinklinum en blíndi á vatnið í öllum sínum formum; orkuna, fossana og sundlaugarnar og svo framvegis. Jan Brykczynski vildi fjalla um sveitina og sambúðina við sauðkindina. Það lá því nokkuð beint við að para hann saman við sveitastelpuna Kristínu Heiðu Kristinsdóttur, blaðamann á Mogganum, og þau fóru í Árneshrepp á Ströndum.“

Samstarfinu var þannig háttað að Íslendingarnir voru Pólverjunum innan handar á meðan á dvöl þeirra stóð hér á landi; óku þeim á áfangastaði og komu þeim í kynni við fólk.

„Við byrjuðum ekki að skrifa fyrr en þau voru farin og áður en við fengum að sjá myndirnar sem þau ætluðu að nota,“ segir Sigurbjörg. „Við höfðum því talsvert frelsi til að ráða hvernig við nálguðumst textana og hver og einn skrifaði það sem hann vildi. Huldar skrifaði til dæmis ferðasögu og Kristín Heiða lýsir mannlífinu og samfélaginu í Árneshreppi en ég notaði ljóð eftir aðra þar sem vatn kemur við sögu og skrifaði stuttar örsögur sem hafa með vatn að gera, til dæmis hvernig áhrifa þess gætir í tungumálinu.“

Sigurbjörg játar að það geti verið auðvelt að falla í gildru klisjunnar þegar gera á náttúrunni skil.

„Við þurftum hins vegar ekki að hafa áhyggjur af því í þessu verkefni. Agnieszka hafði til dæmis afar ákveðna listræna sýn þar sem úrvinnsla er bæði ljóðræn og ævintýraleg án þess að hún líti út fyrir að eiga heima í túristabæklingi.“

Sýningin er tvískipt og verður að heimsækja bæði Listasafn Árnesinga og Gerðuberg til að sjá hana alla, en flest verkanna eru í Hveragerði. Á morgun klukkan 16 er boðið upp á sýningarspjall í Listasafni Árnesinga. Þar taka þátt Rafał Milach, Huldar Breiðfjörð, Agnieszka Rayss, Sigurbjörg Þrastardóttir, Jan Brykczynski og Kristín Heiða Kristinsdóttir.

bergsteinn@frettabladid.is

## ÞÁTTTAKENDUR Í (EI)LANDI

Adam Panczuk ljósmyndari og Sindri Freysson rithöfundur könnuðu hulduheima Íslands, Michal Luczak og Hermann Stefánsson könnuðu einangrunina, Jan Brykczynski og Kristín Heiða Kristinsdóttir skoðuðu sambúðina við sauðkindina, Agnieszka Rayss og Sigurbjörg Þrastardóttir tóku vatnið fyrir og Rafal Milach og Huldar Breiðfjörð skoðuðu allt sem þeir komust yfir.

Andrzej Kramarz er sýningarstjóri og Marzena Michalek er verkefnisstjóri sýningarinnar. Sýningin er tvískipt og þarf því að heimsækja bæði Listasafn Árnesinga og Gerðuberg til að sjá sýninguna alla.



LJÓSMYND/MICHAL LUCZAK

# TOSHIBA
## FARTÖLVUR




### Toshiba Satellite C660-1F5
- 2.53GHz Intel Core i3-380M - Dual core
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 500GB SATA diskur
- 512MB AMD Radeon HD 5470 DirectX 11 skjákort
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- Vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**119.990**



### Toshiba Qosmio F60-14K
- 1.73/Turbo 2.93GHz Intel Core i7-740QM - Quad core
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 640GB SATA diskur
- 1GB Geforce GT 330M PhysX, DX11 og CUDA skjákort
- Blu-ray drif og DVD skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- High-Definition vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

harman/kardon

**219.990**




### Toshiba Satellite C660-12L
- 2.1GHz Intel Dual Core T3500
- 3GB DDR3 1066MHz minni
- 250GB SATA diskur
- Intel GMA 4500M skjákort
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- Vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**79.990**




### Toshiba Satellite C660-14X
- 2.3GHz Intel Pentium Dual-Core T4500
- 2GB DDR3 1066MHz minni
- 320GB SATA diskur
- Intel GMA 4500M skjákort
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- Vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**99.990**




### Toshiba Satellite C660-11K
- 2.4GHz Intel Core i3-370M - Dual core
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 320GB SATA diskur
- Intel HD Graphics 4500M skjákort
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- Vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**109.990**




### Toshiba Satellite L670-1J2
- 2.4GHz Intel Core i3-370M - Dual core
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 640GB SATA diskur
- DVD, CD-RW skrifari og Blu-Ray
- 17.3" WXGA LED skjár og vefmyndavél
- Bass Enhanced hljóðkerfi með Dolby Advance Audio
- 1GB AMD Radeon HD 5650 DirectX 11 skjákort
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**169.990**




### Toshiba Satellite L650D-15G
- 2.2Ghz AMD Phenom II Triple Core Mobile N850
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 500GB SATA diskur
- 1GB AMD Radeon HD 5650 DirectX 11 skjákort
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- Vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**139.990**




### Toshiba Satellite L650-11C
- 2.4GHz Intel Core i5-540M - Dual core - Turbo Boost
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 320GB SATA diskur
- 512MB AMD Radeon HD 5470 DirectX 11 skjákort
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- Vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**149.990**




### Toshiba Satellite R630-138
- 2.26GHz Intel Core i3-350M - Dual core
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 320GB SATA diskur
- DVD og CD-RW skrifari
- 13,3" TFT WXGA LED skjár
- Vefmyndavél
- Intel HD Graphics 4500M skjákort
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

Aðeins 1.43kg

**149.990**




### Toshiba Satellite R630-14T
- 2.4GHz Intel Core i5-540M - Dual core
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 500GB SATA diskur
- DVD og CD-RW skrifari
- 13,3" TFT WXGA LED skjár
- Vefmyndavél
- Intel HD Graphics 4500M skjákort
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

Aðeins 1.43kg

**169.990**

# TÖLVULISTINN TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>SÍMI 414 1700 | GLERÁRGÖTU 30<br>SÍMI 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>SÍMI 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>SÍMI 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>SÍMI 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>SÍMI 414 1750 |



**FRÁ SÝNINGUNNI** Alls bárust um 200 verk í textasamkeppni Hugvísindasviðs HÍ en dómnefnd hefur valið 25 verk sem sýnd eru í Kringlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Textasýning í Kringlu

Sýning á 25 verkum úr textasamkeppni Hugvísindasviðs Háskóla Íslands var opnuð í Kringlunni í gær. Samkeppnin er haldin í tilefni af aldarafmæli skólans og var öllum nemendum, kennurum og öðru starfsfólki Háskólans boðið að taka þátt.

Hátt í tvö hundruð textar bárust í keppnina og valdi dómnefnd 25 texta af ýmsu tagi til sýningarinnar. Í dómnefnd sátu Oddný Eir Ævarsdóttir, Rúnar Helgi Vignisson og Sigurbjörg Þrastardóttir. Við val á textum reyndi dómnefndin að endurspegla sem mesta fjölbreytni; í textunum er fengist við persónulega reynslu jafnt sem akademíska hugsun og það í ýmsum formum, til dæmis ljóðum, smáprósum, örsögum og stuttum einþáttungum. Sýningin er beint fyrir framan ÁTVR á 1. hæð í Kringlunni. Hún stendur til 19. mars en þá verða úrslit keppninnar tilkynnt. Þrjú bestu verkin að mati dómnefndar verða síðan birt í Fréttablaðinu.

# Eflaust glæsilegt

Tónlist ★★★★

**Tríó Reykjavíkur**
Hafnarborg



Ónefndur gagnrýnandi hneykslaðist einu sinni á því að Tríó Reykjavíkur skyldi ekki halda tónleika sína í Reykjavík.

Tríóið kemur jú alltaf fram í Hafnarborg í Hafnarfirði og hefur gert það frá byrjun, eftir því sem ég best veit. Mér finnst það fínt. Hafnarborg, sem er gallerí, er skemmtilegur tónleikasalur. Salurinn er svo opinn og víður, en samt er maður í notalegri nálægð við tónlistarfólkið. Gunnar Kvaran, sellóleikari Tríósins, kynnir ætíð dagskrána og gerir það vel. Hann hefur þægilegan talanda, er hátíðlegur – en þó er stutt í kímnina. Stemningin er eins og að vera heima í stofu hjá listafólkinu. Ekki í kuldalegum, ópersónulegum tónleikasal. Þetta eru kammertónleikar, þ.e. stofutónleikar í orðsins fyllstu merkingu.

Tónleikarnir á sunnudagskvöldið voru engin undantekning. Dagskráin hófst á stórbrotnu verki eftir Beethoven, Erkihertogatríóinu svokallaða. Það heitir þessu nafni eftir erkihertoganum í Austurríki. Hann sótti tónsmíðatíma hjá Beethoven sem tileinkaði honum verkið. Tónskáldið spilaði á píanóið þegar tríóið var frumflutt og það heppnaðist vægast sagt illa. Beethoven var að verða heyrnarlaus, og hann lamdi píanóið til að heyra í sjálfum sér. Þetta var í síðasta sinn sem hann kom fram opinberlega sem píanóleikari.

Flutningurinn nú tókst mun betur! Peter Maté, píanóleikari hópsins, spilaði mjúklega, en samt af viðeigandi krafti, leikur hans var skýr og öruggur og í prýðilegu jafnvægi við raddir hinna hljóðfæranna. Þau Gunnar Kvaran og Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari léku líka fallega, af fölskvalausri einlægni og næmri tilfinningu fyrir framvindu og heildarmynd tónsmíðarinnar. Útkoman var sérlega lífleg; þetta var grípandi túlkun.

Nýtt verk leit dagsins ljós á tónleikunum, „Eflaust“ eftir Halldór Smárason. Undirtitillinn var „gera allir einhvern tímann hluti sem þeir síðar sjá eftir“. Halldór er fæddur 1989 og sigraði í samkeppni sem Tríó Reykjavíkur efndi til á meðal tónsmíðanema í Listaháskólanum. Tónlistin hans var flott, byggðist á áleitnum hugmyndum sem þróuðust skemmtilega. Þær fóru í gegnum spennandi umbreytingar og hlutu óvænt örlög, sem samt voru rökrétt. Dramað sem titillinn vísaði til skilaði sér í sannfærandi strúktúr, óhugnanlegum á köflum. Halldór er greinilega efnilegt tónskáld.

Lokaatriði dagskrárinnar var hið kraftmikla tríó op. 67 eftir Sjostakóvitsj, ein aðgengilegasta kammertónsmíð tónskáldsins. Hún er tileinkuð minningu vinar hans, Ivan Sollertinsky. Hann var gyðingur og Sjostakóvitsj byggði því hluta verksins á klezmer-tónlist, eins konar þjóðlegri danstónlist gyðinga. Í verki Sjostakóvitsj er sorgin þó yfirgnæfandi og líka óhugnaður. Enda lést Sollertinsky árið 1944, þegar fréttir voru farnar að berast af örlögum ótal gyðinga í fangabúðum nasista.

Þessi myrka stemning var heillandi í meðförum Tríósins. Túlkunin var tilfinningaþrungin, og tæknileg atriði á borð við samspil, hraðar tónahendingar og óljós, en merkingarþrungin blæbrigði, voru glæsilega útfærð. Óneitanlega var þetta rafmagnaður flutningur.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Vel samsett dagskrá, vandaður flutningur og nýtt, spennandi verk var frumflutt.










SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Páll Óskar og Sinfó

## Tvennir aukatónleikar í Hörpu

Óhætt er að segja að tónleikar Páls Óskars og Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafi hlotið frábærar undirtektir. Uppselt er á áður auglýsta tónleika og verður því efnt til aukatónleika miðvikudaginn 8. júní kl. 20 og laugardaginn 11. júní kl. 16.

**Miðasala hefst á mánudaginn kl. 12.**




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

### OPNUNARTÓNLEIKAR Í HÖRPU
AUKATÓNLEIKAR

Fös. 06.05. » 19:00

- **Þorkell Sigurbjörnsson:** *Velkomin Harpa (frumflutningur)*
- **Edvard Grieg:** *Píanókonsert*
- **Ludwig van Beethoven:** *Sinfónía nr. 9*

**Vladimir Ashkenazy** hljómsveitarstjóri
**Víkingur Heiðar Ólafsson** einleikari
**Christiane Oelze, Sesselja Kristjánsdóttir, Kolbeinn Jón Ketilsson, Bjarni Thor Kristinsson** einsöngvarar

Miðasala hefst á þriðjudaginn kl. 12.

### MAHLER-VEISLA

Lau. 28.05. » 17:00

- **Gustav Mahler:** *Söngvar úr Des Knaben Wunderhorn*
- **Gustav Mahler:** *Sinfónía nr. 4*

**Camilla Tilling** einsöngvari
**Markus Poschner** hljómsveitarstjóri

Ein skærasta söngstjarna Norðurlanda túlkar Mahler á ógleymanlegan hátt.

### ÉG VEIT ÞÚ KEMUR!
AUKATÓNLEIKAR

Fös. 03.06. » 20:00

- **Söngperlur frá 6. og 7. áratugnum í nýjum búningi**

**Sigríður Thorlacius** söngvari
**Sigurður Guðmundsson** söngvari
**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstj.

Ekki missa af þessum frábæru söngvurum syngja uppáhaldslögin sín með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

### PÁLL ÓSKAR OG SINFÓ
AUKATÓNLEIKAR

Mið. 08.06. » 20:00
Lau. 11.06. » 16:00

- **Vinsælustu lögin af ferlinum**

**Páll Óskar Hjálmtýsson** söngvari
**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstj.

Diskóið og Sinfónían mætast í glamúr og gleði í Hörpunni!

Miðasala hefst á mánudaginn kl. 12.

**Miðasala** » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Miðasala Hörpu, Aðalstræti 2 » Sími: 528 5050 » Opið 12-18 virka daga

# Fólk

folk@frettabladid.is



**24** ár eru á milli Sean Penn og Scarlett Johansson, en samkvæmt fréttamiðlum vestanhafs eru þau nýtt par. Ástin spyr ekki um aldur.





**BLUE** Strákarnir eru spenntir fyrir Eurovision-keppinni í Þýskalandi í maí.

## Ekki neðstir í Eurovision

**Meðlimir breska strákabandsins Blue eru sannfærðir um að lagið þeirra, I Can, lendi ekki í neðsta sæti í Eurovision í maí líkt og gerðist í fyrra með lagið That Sounds Good To Me. Þeir eru virkilega spenntir fyrir keppninni og telja ekki að hún eigi eftir að skemma fyrir ferli þeirra. „Við teljum ekki að við séum að eyðileggja feril okkar með því að taka þátt þrátt fyrir að margir séu á þeirri skoðun," sagði Simon Webbe úr Blue. „Þetta er frábært tækifæri til að sýna að við erum tónleikasveit og erum mættir aftur eftir tíu ára hlé."**

## Líkist Ripley í Alien lítið

**Noomi Rapace, sem lék Lisbeth Salander í Millenium-myndunum, segir að persóna sín í myndinni Prometheus sé mjög ólík Ripley í Alien-myndunum. Myndin átti upphaflega að fjalla um það sem gerðist á undan Alien-myndunum en þau áform breyttust. Engu að síður verður tengingin við Alien áfram til staðar. „Þetta er sjálfstæð persóna. Hún er vísindamaður og mjög gáfuð," sagði Rapace. „Ég held að fólk muni ekki bera hana saman við Ripley þegar það sér myndina." Leikstjóri Promotheus er Ridley Scott, sem gerði einnig fyrstu Alien-myndina.**

# GLEÐI Á FRUMSÝNINGU Í KASSANUM

**Leikritið Hedda Gabler var frumsýnt í Þjóðleikhúsinu á fimmtudagskvöld. Ljósmyndari Fréttablaðsins tók púlsinn á frumsýningargestum fyrir sýninguna.**

Það var góð stemning meðal frumsýningargesta í Kassanum í Þjóðleikhúsinu á fimmtudagskvöld þegar leikritið Hedda Gabler eftir Henrik Ibsen var frumsýnt. Kristín Eysteinsdóttir leikstýrir verkinu en með aðalhlutverkið fer Ilmur Kristjánsdóttir. Með önnur hlutverk fara Brynhildur Guðjónsdóttir, Eggert Þorleifsson, Harpa Arnardóttir, Kristbjörg Kjeld, Stefán Hallur Stefánsson og Valur Freyr Einarsson.

Finnur Arnar Arnarsson er leikmyndahönnuður sýningarinnar, Filippía Elíasdóttir hannar búninga og Barði Jóhannsson samdi tónlistina. Um lýsingu sér Halldór Örn Óskarsson en Bjarni Jónsson þýddi.



**GLEÐI OG EFTIRVÆNTING** Sambýlismennirnir Viðar Eggertsson, leikstjóri og umsjónarmaður Útvarpsleikhússins, og Sveinn Kjartansson matreiðslumeistari ræddu við Tinnu Gunnlaugsdóttur þjóðleikhússtjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Halldór Örn Óskarsson, ljósameistari sýningarinnar, og Þrúður Vilhjálmsdóttir.



Ásta Briem kvikmyndagerðarmaður og Katrín Brynja.



Hjónin Páll Hjaltason arkitekt og Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður.



Guðrún Daníelsdóttir og Margrét Helga Jóhannsdóttir leikkona.



Edda Heiðrún Backman og Guðrún Þorvarðardóttir.


**KOLABRAUTIN**
RESTAURANT

*Nútímalegur veitingastaður þar sem íslenskt úrvals hráefni er matreitt samkvæmt aldalöngum matarvenjum frá Miðjarðarhafinu. Glæsilegur bar þar sem stoltið er hanastélin og stórfenglegt útsýni. Það er Kolabrautin.*

............

*OKKUR VANTAR:*

- *MATREIÐSLUMENN*
- *AÐSTOÐARFÓLK Í ELDHÚS*
- *FAGLÆRÐA ÞJÓNA*
- *AÐSTOÐARFÓLK Í SAL OG Á BAR*

............

*Við viljum að þetta verði allt fullkomið þegar við opnum í Hörpu í maí. Umsóknir óskast á info@kolabrautin.is*

**www.kolabrautin.is**



**SMURT BRAUÐ**

ILVA einfaldlega betri kostur



Brauð með hangikjöti.
**490,-**

**ILVA** Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík, sími 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - föstudaga **11-18:30**
laugardaga **10-18,** sunnudaga **12-18**

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

**MEIRI FRÓÐLEIKUR**
Meiri Vísir.
vísir.is




## UPPLESTUR FYRIR BÖRNIN

# Í dag festir Emil hausinn í súpuskál hjá Eymundsson

Sólveig Guðmundsdóttir leikkona les úr bókinni
**Ja, þessi Emil** í Eymundsson á Skólavörðustíg **kl. 12**
og í Eymundsson í Suður-Kringlunni **kl. 13**.

**Frábær tilboð** á barnabókum – allir velkomnir!

Tilboðsverð gildir til og með 28. mars

ENNEMM / SÍA / NM 45811

eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

Algert iPhone æði

Fáðu þér iPhone 4 á ævintýralegu verði hjá Vodafone

7.777 kr. á mán. í 18 mán.

Staðgreitt: 139.990 kr.

iPhone 4 er kominn aftur í verslanir okkar á einstöku tilboðsverði. 1 GB gagnamagn á mán. fylgir í 12 mán.

Komdu í verslanir Vodafone og tryggðu þér eintak!

power to you

vodafone.is





NORDICPHOTOS/GETTY

**BÚIÐ SPIL** Samband Justins Timberlake og Jessicu Biel hefur runnið sitt skeið.

# TIMBERLAKE einhleypur á ný

**Justin Timberlake og Jessica Biel standa á tímamótum eftir að fjögurra ára sambandi þeirra lauk nýverið. Sambandið var stormasamt og margoft sauð upp úr hjá þeim.**

Justin Timberlake og Jessica Biel hafa ákveðið að binda enda á samband sitt eftir fjögur ár saman. Samkvæmt tímaritinu People rann sambandið sitt skeið og var ákvörðunin tekin í sameiningu. Talsmenn Timberlakes og Biel sendu frá sér sameiginlega fréttatilkynningu þar sem sambandsslitin voru staðfest. „Við staðfestum að þau hafa ákveðið að fara hvort í sína áttina. Þau skilja sem vinir og bera enn mikla virðingu fyrir hvort öðru,“ stóð meðal annars í tilkynningunni.

Sambandsslitin koma líklega fáum á óvart enda hafa tímarit flutt reglulegar fréttir af vandamálum í sambandinu allt frá því að þau tóku saman. Timberlake mætti einnig á Óskarsverðlaunaafhendinguna í febrúar ásamt móður sinni og ýtti það enn frekar undir orðróminn um að samband hans og Biel hefði liðið undir lok. Parið tók saman skömmu eftir sambandsslit Timberlakes og leikkonunnar Cameron Diaz og því töldu margir að þetta nýja samband yrði ekki langlíft.

## STORMASÖM SAGA

**OKTÓBER 2007** Tímaritið The Enquirer flytur fréttir af því að Timberlake hafi daðrað við unga fegurðardís á skemmtistað. Auk þess á hann að hafa daðrað við leikkonuna Kirsten Bell.

**JANÚAR 2008** Timberlake á að hafa haldið framhjá Biel með leikkonunni Kate Hudson á meðan Biel var stödd við tökur í Englandi.

**JÚNÍ 2008** Parið flytur inn saman og er Biel þar með orðin fyrsta kærastan sem Timberlake deilir heimili með.

**ÁGÚST 2008** TMZ heldur því fram að parið eigi von á barni. Sá grunur reyndist rangur.

**OKTÓBER 2008** The National Enquirer heldur því fram að Timberlake hafi beðið Biel þar sem hún sést skarta fallegum demantshring á fingri.

**MARS 2009** Sögur um sambandsslit Timberlakes og Biel verða æ fleiri. Vinir Timberlakes segja í viðtali við OK! að parið rífist stöðugt og það sé aðeins tímaspursmál hvenær þau slíti sambandinu.

**JÚNÍ 2009** Lindsay Lohan skrifar á Twitter-síðu Timberlakes: „Hvar er Jessica, svikarinn þinn?“ Hún átti að hafa séð Timberlake kyssa stúlku á skemmtistað. Lohan sagði síðar að óprúttinn aðili hefði brotist inn á Twitter-reikning hennar og að hún bæri ekki ábyrgð á færslunum.

**JÚLÍ 2009** Parið hefur ekki sést saman í nokkurn tíma og að sögn vina er sambandið ekki traust.

**SEPTEMBER 2009** US Weekly flytur fréttir af sambandsslitum Timberlakes og Biel. Vinur söngvarans segir að parið hafi hætt saman í gegnum síma. Stuttu síðar eru fluttar fréttir af því að parið sé tekið saman aftur og nokkrum dögum eftir það er því haldið fram að Timberlake hafi haldið framhjá Biel með Rihönnu.

**OKTÓBER 2009** Biel er stödd í Kanada við tökur á The A-Team á meðan Timberlake er myndaður í kvennafans á skemmtistöðum í Los Angeles.

**APRÍL 2010** Timberlake daðrar við fyrrverandi kærustu sína, Cameron Diaz, á tökustað Bad Teacher.

**JANÚAR 2011** Fjöldi sögusagna um meint framhjáhald Timberlakes með leikkonunni Oliviu Munn.





OPNUM Í
KRINGLUNNI
Í DAG!
smárar
ÓTRÚLEG
OPNUNARTILBOÐ
Í ÖLLUM VERSLUNUM 3 SMÁRA
Hlýrabolur 1.990.-
Kjóll OPNUNARTILBOÐ
7.990.- 5.490.-
Jakki 4.990.-
Leggings 990,-
Sandalar 5.990,-
3 SMÁRAR
SMÁRALIND
KRINGLUNNI
LAUGAVEGI

# Retro skrifaði undir í Berlín



RETRO STEFSON Meðlimir sveitarinnar hafa undirritað samning í Berlín vegna sinnar nýjustu plötu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Meðlimir hljómsveitarinnar Retro Stefson voru fyrr í vikunni staddir í Berlín þar sem þeir skrifuðu undir útgáfusamning við Vertigo sem risinn Universal er með á sínum snærum.

Fréttablaðið hefur áður greint frá því að samningur við Universal væri í bígerð og hann hefur nú verið undirritaður af hljómsveitarmeðlimum.

Samningurinn kveður á um útgáfu á plötunni Kimbabwe í Þýskalandi, Austurríki, Sviss og Austur-Evrópu. Fyrirtækið á einnig fyrsta rétt á næstu tveimur plötum sveitarinnar. Kimbabwe kemur út 6. maí og á henni verða einnig þrjú lög af fyrstu plötu Retro Stefson, Montana.

Sveitin hefur einnig gert útgáfusamning við Sony ATV til þriggja ára og þar með hefur hún gert samninga við tvo af risunum í tónlistarheiminum. Samningurinn hjálpar sveitinni við að koma verkum sínum á framfæri, meðal annars í heimi kvikmynda og sjónvarpsþátta.

Retro Stefson er þessa dagana stödd á tónleikaferðalagi um Þýskaland þar sem hún hitar upp fyrir bresku hljómsveitina The Go! Team í sex borgum. Fyrstu tónleikarnir voru í Düsseldorf á fimmtudagskvöld.

Eftir tónleikaferðina um Þýskaland verður ferðast um Mið- og Austur-Evrópu þar til tónlistarhátíðir sumarsins taka við en sveitin er bókuð víða fram á haustið.

Meðlimir Retro Stefson hafa ákveðið að flytja til Berlínar í lok mars, sem hentar þeim vel vegna komandi tónleikahalds enda er borgin miðsvæðis í Evrópu. - fb


TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HALL PASS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| HALL PASS | kl. 1:30 - 3:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| THE WAY BACK | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| JUSTIN BIEBER Með texta | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| THE RITE | kl. 10:30 | 16 |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 1:50 - 3:40 | L |
| YOGI BEAR-3D M/ ísl. Tali | kl. 1:20 | L |
| I AM NUMBER FOUR | kl. 10:30 | 12 |
| TRUE GRIT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| TRUE GRIT | kl. 5:50 | VIP |
| THE KING´S SPEECH | kl. 3 - 5:30 - 8 | L |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| JÓGI BJÖRN | kl. 2 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE | kl. 3:40 | L |
| THE KING'S SPEECH | kl. 5:40 | L |
| THE WAY BACK | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SPACE CHIMPS 2 | kl. 2 - 4 | L |
| FROM PRADA TO NADA | kl. 6 | 12 |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| BATTLE: LOS ANGELES | kl. 5.20 - 8 - 10.30 | 12 |
| HALL PASS | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| RANGO ísl. Tali | kl. 1 - 3.20 - 5.30 | L |
| JUSTIN BIEBER-3D textalaus | kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 | L |
| KING'S SPEECH | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| TRUE GRIT | kl. 10.20 | L |
| I AM NUMBER 4 | kl. 10.30 | 16 |
| JÓGI BJÖRN-3D ísl. Tali | kl. 1 - 3.20 | L |
| GEIMAPAR 2-3D ísl. Tali | kl. 1 - 3.20 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| CARMEN-3D Ópera í þrívídd Númeruð sæti | kl. 5 | L |
| WAY BACK Númeruð sæti | kl. 8 - 10:40 (sund. kl.5:20 - 8 - 10:40) | 12 |
| KING´S SPEECH | kl. 5:30 - 8:10 - 10:30 (sund. kl.5:30 - 8 - 10:30) | L |
| HALL PASS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 (sund. kl.3:40 - 5:50 - 8 - 10:20) | 12 |
| GEIMAPARNIR 2-3D ísl. Tali | kl. 1:50 - 3:40 (sund. kl.1:50 - 3:40) | L |
| YOGI BEAR-3D ísl. Tali | kl. 1:50 (sund. kl.1:50 - 3:40) | L |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI ísl. Tali | kl. 3:40 (sund. kl.1:30) | L |

SPARBÍÓ KR 650 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ FULLKOMIN GÆÐI!



SMÁRABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BATTLE: LOS ANGELES | KL. 1 (750KR.) - 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BATTLE: LOS ANGELES LÚXUS | KL. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 1 - 3.20 - 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| THE ROOMMATE | KL. 8 - 10.10 | 14 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 1 (750KR.) - 3.20 - 5.45 | L |
| RANGO MEÐ ENSKU TALI | KL. 1 (750KR.) - 3.30 | L |
| THE MECHANIC | KL. 10.30 | 16 |
| JUST GO WITH IT | KL. 5.30 - 8 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE ROMANTICS | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 3.20 (750KR.) - 5.40 | L |
| HOW DO YOU KNOW | KL. 8 - 10.35 | L |
| BIG MOMMA´S HOUSE | KL. 3 (750KR.) - 10.30 | L |
| BLACK SWAN | KL. 3 (750KR.) - 5.30 - 8 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BATTLE: LOS ANGELES | KL. 2 (600KR.) - 8 - 10.15* | 12 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 2 (600KR.) - 6 | L |
| RANGO MEÐ ENSKU TALI | KL. 10 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 4.10 - 6 - 8 | L |

*KRAFTSÝNING

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI 5%

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075



Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| BATTLE: LOS ANGELES | 8 og 10.20(POWER) |
| RANGO - ENS TAL | 2(700 kr), 4.30, 8 og 10.10 |
| RANGO - ISL TAL | 2(700 kr) og 4.30 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | 4, 6, 8 og 10 |
| ALFA OG ÓMEGA 2D | 2(700 kr) |

Bíóhöllin Akranesi sunnudaginn 13. mars



Klukkan 14:00 Yogi Bear
Nánar á Facebook/ Bíóhöllin Akranesi



Klukkan 17:00 Okkar eigin Osló
Nánar á Facebook/ Bíóhöllin Akranesi



Klukkan 20:00 Battle Los Angeles
Nánar á Facebook/ Bíóhöllin Akranesi







SPARBÍÓ

VERIÐ ÖRUGG - VERSLIÐ Á SPARBÍÓSÝNINGARNAR Á WWW.SAMBIO.IS



TILBOÐSSÝNINGAR MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 950 Á GRÆNT OG KR. 650 Á APPELSÍNUGULT

SAMBÍÓIN

BÍÓ ★ PARADÍS

LAUGARDAGUR

| | |
|---|---|
| KVIKSETTUR (BURIED) (16) | 22:10 |
| ANNAÐ ÁR (ANOTHER YEAR) (L) | 17:40, 20:10, |
| THE FIGHTER (14) | 17:50, 20:00, 22:10 |
| ÁSTARFUNI (IO SONO L'AMORE)(14) | 17:50 |
| THE INSIDE JOB | 22:40 |
| ROKLAND (L) | 17:40, 22:20 |
| JAPANSKIR DAGAR: SOUTH BOUND (L) | 20:00 |
| JACQUES DEMY: LA BAIE DES ANGES (L) | 20:10 |

SUNNUDAGUR

| | |
|---|---|
| KVIKSETTUR (BURIED) (16) | 22:10 |
| ANNAÐ ÁR (ANOTHER YEAR) (L) | 17:40, 20:10, |
| THE FIGHTER (14) | 17:50, 20:00, 22:10 |
| ÁSTARFUNI (IO SONO L'AMORE)(14) | 17:50 |
| THE INSIDE JOB | 22:40 |
| ROKLAND (L) | 17:40, 22:20 |
| JAPAN: CHIBI MARUKO-CHAN (L) | 16:00 |
| JAPANSKIR DAGAR: SOUTH BOUND (L) | 20:00 |
| JACQUES DEMY: LA BAIE DES ANGES (L) | 20:10 |

BAR & CAFÉ

MUNIÐ AÐGANGSKORTIN! Allt að 37% afsláttur

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 12. mars 2011**

**➔ Tónleikar**

**12.00 Listvinafélag Hallgrímskirkju** stendur fyrir hádegistónleikum í dag kl. 12. **Hörður Áskelsson**, organisti, flytur franska barrokktónlist. Séra **María Ágústsdóttir** flytur ávarp. Aðgangur ókeypis.

**17.00** Fiðluleikarinn **Jane Ade Sutarjo** heldur útskriftartónleika sína kl. 17 í **Listasafni Reykjavíkur**. Meðleikarar eru **Richard Simm**, píanóleikari, og **Grétar Geir Kristinsson**, gítarleikari. Aðgangur ókeypis.

**23.00** Hljómsveitirnar **Momentum, Ask the Slave** og **Caterpillarmen** halda tónleika á Faktorý í kvöld kl. 23. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**➔ Sýningar**

**14.00 Danuta Szostak** ræðismaður Póllands á Íslandi mun opna sýninguna **IS(not)** í **Listasafni Árnesinga** kl. 14. Boðið verður upp á pólskt-íslenskt tónlistaratriði. Hluti sýningarinnar verður opnaður í **Menningarmiðstöðinni Gerðubergi** kl. 16.

**15.00** Listakonan **Brynhildur Þorgeirsdóttir** opnar sýningu sína, **Hugarlundur**, kl. 15 í **Ásmundarsal Listasafns ASÍ**. Sýningin stendur til 3. apríl. Aðgangur ókeypis.

**15.00** Sýningin **Kvon** verður opnuð á Torginu í **Þjóðminjasafni Íslands** í dag kl. 15. Á sýningunni má sjá kjóla hannaða af **Maríu Th. Ólafsdóttur**

**16.00 Samsýning nemenda** af myndlista- og hönnunarsviði **Myndlistaskóla Reykjavíkur** opnar í **Hinu Húsinu** kl. 16. Sýningin samanstendur af ljósmyndum, stuttmyndum og hreyfimyndum.

**➔ Umræður**

**14.00 Guðrún Kristjánsdóttir** verður með listamannsspjall í tengslum við sýningu hennar, **SÝNI**, í **Gallerí Ágúst**. Spjallið hefst kl. 14. Allir velkomnir.

**➔ Tónlist**

**14.00 Hilmar Örn Hilmarsson** fremur hljóðgjörning á sýningunni Hljóðheimar í dag kl. 14. Sýningin er í **Listasafni Íslands**. Verkið verður flutt í þetta eina skipti.

**➔ Myndlist**

**15.00** Málverkasýning **Jóns Henryssonar**, Innsetning, verður opnuð í **Listasafni ASÍ** kl. 15. Safnið er opið frá kl. 13-17 alla daga nema mánudaga. Aðgangur ókeypis.



**15.00 Mjólkurbúðin** er nýtt sýningargallerí í **Listagilinu á Akureyri**. Í tilefni opnunarinnar sýna myndlistakonurnar **Mireya Samper** og **Ásta Vilhelmína Guðmundsdóttir** verk sín í Sjávarmáli kl. 15.

**16.00 Gallerí Tukt** opnar samsýningu 33 nemenda af **Myndlista- og hönnunarsviði Myndlistaskólans í Reykjavík** kl. 16. Sýnt verður í **Hinu Húsinu**. Sýningin samanstendur af ljósmyndum, stuttmyndum og hreyfimyndum sem unnin hafa verið seinustu vikur.

**➔ Útivist**

**10.00 Landssamtök hjólreiðamanna** bjóða í hjólreiðaferð kl. 10. Lagt verður af stað frá **Hlemmi** og hjólað í 1-2 klst. Allir velkomnir. Þátttaka ókeypis.

**Sunnudagur 13. mars 2011**

**➔ Tónleikar**



**15.00** Í tilefni af útkomu geisladisksins **RHYMES** bjóða **Stórsveit Reykjavíkur, Björn Thoroddsen, Richard Gillis** og **Salurinn** og upp á tónleika í **Salnum** í Kópavogi í dag kl. 15. Tónleikarnir hefjast kl. 15. Aðgangur ókeypis. Allir velkomnir.

**20.00 Sérstakir hátíðartónleikar** verða í **Hjallakirkju** í tilefni af tíu ára afmæli **Björgvinsorgelsins**. **Kór Hjallakirkju** syngur. Aðgangseyrir er kr. 2000.

**➔ Félagsstarf**

**14.00 Fjölskylduguðsþjónusta** verður kl. 14 í dag í Óháða söfnuðinum. Séra **Pétur** sér um töfrabrögð og kór safnaðarins sér um söng undir stjórn **Árna Heiðars Karlssonar**, organista. Kaffi og kökur gegn vægu gjaldi.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Semja lag í beinni útsendingu

Bandaríska hljómsveitin Maroon 5 ætlar að koma sér fyrir í hljóðveri 22. mars og semja frá grunni nýtt lag á einum sólarhring. Viðburðurinn verður í beinni útsendingu á netinu og getur fólk um allan heim því fylgst með lagasmíðinni.

Hljómsveitin hefur beðið aðdáendur sína um að taka þátt í að semja lagið með því að senda inn athugasemdir, texta og hugmyndir sem verður varpað á einn vegg í hljóðverinu. Afraksturinn fer beint á næstu plötu sveitarinnar.

Þessi viðburður er hluti af nýrri tónlistaráætlun drykkjarframleiðandans Coca-Cola sem miðar að því að gefa ungmennum kost á að kynnast tónlistarsköpun frá fyrstu hendi og sjá leiðandi listamenn í bransanum að störfum. „Lengi hefur Coca-Cola notað tónlistina til að færa fólk saman um allan heim, á viðeigandi og áhrifamikinn hátt,“ segir Joe Belliotti hjá Coca-Cola. „Okkur finnst spennandi að vinna með Maroon 5. Þeir eiga sér áhangendur um víða veröld og hafa samið flotta tónlist.“

Maroon 5 hefur sent frá sér tvær hljóðversplötur sem náðu báðar margfaldri platínusölu. Þær heita Songs About Jane sem kom út árið 2002 og It Won't Be Soon Before Long frá árinu 2007.

Hægt verður að fylgjast með upptökunum á síðunni coca-cola.com/music.



**Í BEINNI Á NETINU** Maroon 5 tekur upp nýtt lag í beinni útsendingu á netinu 22. mars. NORDICPHOTOS/GETTY



# sport

sport@frettabladid.is



**MARGRÉT KARA STURLUDÓTTIR** mun spila með KR á móti Snæfelli þegar úrslitakeppni kvenna hefst í dag þrátt fyrir að hafa verið rekin út úr húsi á móti Haukum á miðvikudaginn. Aganefnd dæmir ekki í málinu fyrr en á þriðjudaginn. Haukar og Njarðvík spila klukkan 13.30 á Ásvöllum en KR og Snæfell mætast síðan klukkan 16.00 í DHL-höllinni. Þau lið sem fyrr vinna tvo leiki tryggja sér sæti í undanúrslitununum þar sem bíða tvö efstu liðin í deildarkeppninni, Hamar og Keflavík.

# VERÐUM AÐ VERA Í LAGI ANDLEGA

**Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari segir að andlegi þátturinn muni skipta gríðarlegu máli í leiknum mikilvæga gegn Þýskalandi á morgun. Guðmundur vill sjá alla menn á tánum strax frá fyrstu mínútu og vonast til þess að strákarnir hafi lært af leiknum á HM.**

**HANDBOLTI** „Aðalatriðið er að við komum tilbúnir í leikinn. Þetta er ekki ósvipuð staða og á HM. Þá vorum við búnir að vinna þá í tvígang fyrir mót. Þá voru þeir grimmari en við og með frumkvæðið í leiknum. Við vorum alltaf á eftir og við verðum að læra af því,“ sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari ákveðinn eftir æfingu íslenska landsliðsins í Bielefeld í gær.

Íslenska landsliðið mætir því þýska í Gerry Weber-höllinni glæsilegu í Halle á morgun. Um hálfgerðan úrslitaleik er að ræða hjá liðunum um það hvort liðið fær sæti á EM á næsta ári. Það lið sem vinnur verður komið í mjög vænlega stöðu í riðlinum.

Það verður engu að síður við ramman reip að draga hjá íslenska liðinu enda þýska liðið sterkt og þess utan með 11 þúsund áhorfendur á sínu bandi en uppselt var á leikinn fyrir nokkru síðan.

„Þeir ætla ekki að hefna fyrir leikinn á miðvikudag og við verðum að vera klárir í þann slag. Við verðum að hafa frumkvæðið sem þarf til þess að klára svona leiki. Við verðum því að undirbúa okkur mjög vel andlega. Að sjálfsögðu þurfum við líka að undirbúa okkur fyrir þær varnir sem þeir munu líklega spila gegn okkur,“ sagði Guðmundur en þýska liðið verður enn sterkara en á miðvikudag því örvhenta stórskyttan Holger Glandorf mun snúa til baka en hann hefur oftar en ekki reynst íslenska liðinu óþægur ljár í þúfu.



**MÆTTIR TIL ÞÝSKALANDS** Íslensku strákarnir Alexander, Arnór, Kári og Vignir, sjást hér á æfingu í gær.

„Hann fór illa með okkur á HM og við verðum að mæta honum.“

Guðmundur leggur mikla áherslu á andlega þáttinn fyrir þennan leik og var strax byrjaður að lemja það inn í strákana í gær að það þýddi ekkert annað en að mæta brjálaðir frá fyrstu mínútu.

„Andlegi þátturinn verður að vera í lagi. Þetta verður allt annar leikur en á miðvikudag. Það verður allt á móti okkur og því verðum við að vera klárir. Það vil ég fá fram. Ég vil fá hundrað prósent einbeitingu, grimmd og frumkvæði. Ég vil að við séum á undan í þessum leik. Það er lykilatriði.“

Ástandið á íslenska hópnum er ágætt. Snorri Steinn að koma til en Sverre Jakobsson er aðeins slæmur í ökkla eftir að hafa misstigið sig og Alexander kvartaði aðeins yfir verkjum í öxl en sagði að hún yrði ekki til vandræða.

„Við tryggjum stöðu okkar verulega með sigri í þessum leik en við vitum líka að við erum að mæta afar góðu liði. Við þurfum á öllu okkar að halda,“ sagði Guðmundur sem verður með tvær æfingar í dag.

Það er mikil pressa á kollega Guðmundar hjá Þýskalandi, Heiner Brand, en hermt er að hann verði rekinn eftir 14 ára starf í sumar ef liðið kemst ekki á EM.

„Ég veit ekki hvort það vinnur með okkur. Ef við erum klárir þá getur það gerst. Annars átta ég mig ekki á því. Þetta gæti hvatt liðið áfram en ég er ekki að spá í það heldur að ná mínu liði í gang.“



**EINBEITTUR** Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


**Henry Birgir Gunnarsson og Vilhelm Gunnarsson**




skrifa og mynda í Halle í Þýskalandi.
henry@frettabladid.is villi@365.is




**KÁRI KRISTJÁNSSON** Eyjamaðurinn var að ferðast með lax í vélinni en gleymdi honum um borð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kári Kristjánsson í ógöngum:

## Gleymdi laxi í flugvélinni

**HANDBOLTI** Það gekk ekki áfallalaust fyrir strákana okkar að komast til Bielefeld í gær. Örlítil seinkun var á fluginu, vélin þurfti síðan að sveima yfir Frankfurt í hálftíma áður en hún gat lent.

Þegar hún loks lenti þurfti að bíða í tæpan klukkutíma eftir farangrinum. Nokkur bið var síðan á þjóðveginum vegna slysa og tók ferðin til Bielefeld því einnig drjúgan tíma.

Til að bæta gráu ofan á svart gleymdi Kári Kristján Kristjánsson síðan laxi í flugvélinni. Með góðri hjálp tókst að endurheimta laxinn um síðir.

Ballið var ekki búið þar því enn síðar kom í ljós að Kári hafði gleymt að taka töskuna sína af bandinu. Varð að taka allar töskurnar úr rútu íslenska liðsins til þess að athuga hvort taskan hans Kára hefði komið með.

Það gerði hún blessunarlega og hópurinn gat því keyrt brosandi burt frá Frankfurt til Bielefeld.

- hbg

Snorri Steinn Guðjónsson er allur að koma til eftir meiðslin:

## Verðum að mæta grimmir frá byrjun

**HANDBOLTI** Snorri Steinn Guðjónsson var brattur eftir æfingu handboltalandsliðsins í gærkvöldi. Hann gat lítið beitt sér í fyrri leiknum gegn Þýskalandi vegna meiðsla en er að verða miklu betri af meiðslunum.

„Ég var með í fyrsta sinn í fótboltanum og ungir unnu sinn fyrsta sigur. Það þarf ekki að segja meira,“ sagði Snorri Steinn og brosti breitt. „Mér líður alltaf betur og betur og þarf að fara varlega. Ég er mest hræddur við að þetta versni aftur því ég er marinn undir öllu táberginu. Þetta lítur samt vel út og á réttri leið.“

Guðmundur þjálfari er að hamra á því við strákana að þeir mæti tilbúnir til leiks frá fyrstu mínútu á morgun en liðið mætti ekki nógu tilbúið til leiks gegn Þjóðverjum á HM og tapaði.

„Andlegi þátturinn skiptir miklu máli. Þjóðverjarnir munu mæta særðir til leiks. Það er að duga eða drepast fyrir þá. Þeir munu fá mikinn stuðning og ef við mætum ekki klárir þá er þetta fljótt að fara í vaskinn,“ sagði Snorri Steinn. „Við megum helst ekki lenda í því að elta því þá eru þeir góðir eins og við sáum á HM. Við verðum því að mæta afar grimmir frá fyrstu mínútu. Ef við lögum það sem upp á vantaði í síðasta leik og mætum með hausinn rétt skrúfaðan á þá erum við í fínum málum.“



